


HÍBÝLI - ELDHÚS

*Hnífunum strokið með virðingu*

Sérblað um eldhús

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FASTEIGNIR

*Glæsileg íbúð í Gullengi*

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Engin fasteignasala í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

Ertu að spá í að selja?

Frítt söluverðmat

RE/MAX Torg



Valur Blomsterberg
Sölufulltrúi
857-9550
valurblom@remax.is

Bergsteinn Gunnarsson
Löggiltur Fasteigna fyrirtækja og skipasali



FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR — FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. febrúar 2008 — 55. tölublað — 8. árgangur — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI — Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

### Þekkir einhver þessar stúlkur?



Auður Styrkársdóttir hjá Kvennasögusafninu leitar eftir nöfnum stúlkna sem tóku þátt í Teofani-fegurðarsamkeppni árið 1930.

TÍMAMÓT 16

### Villi bíður með brúðkaupið



Vilhjálmur prins ætlar ekki að gifta sig fyrr en 2009.

FÓLK 19

### Græðgi er vond

Árangur sumra íslenskra viðskiptamanna hefur vissulega verið ótrúlega góður – en hann hefur líka verið ævintýralega vondur hjá öðrum, segir Guðmundur Andri Thorsson í grein sinni.

UMRÆÐAN 12

### Nýir meistarar



Snæfell og Grindavík urðu bikarmeistarar í fyrsta skipti á sögulegum bikardegi í Höllinni.

ÍÞRÓTTIR 24 OG 27

### VEÐRIÐ Í DAG




**Þykknar upp um** hádegi. Í dag kemur að suðurströndinni alldjúp lægð sem veldur strekkingi og úrkomu sunnan- og vestanlands. Á Norður- og Austurlandi verður hægari vindur og éljagangur, en þurrt á Austfjörðum.

VEÐUR 4

# Vilhjálmur Þ. nýtur minnsta traustsins

**Þrjátíu prósent aðspurðra segjast bera minnst traust til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar af íslenskum stjórnmálamönnum. Vilhjálmur segir opið hver verði borgarstjóri í mars 2009. Hanna Birna og Gísli Marteinn sækjast eftir embættinu.**

**STJÓRNMÁL** Umrót í borgarstjórnarmálum hefur greinileg áhrif á nýja skoðanakönnun Fréttablaðsins, þar sem spurt var til hvaða stjórnmálamanna mest og minnst traust var borið.

Flestir, tæplega þrjátíu prósent, segjast bera minnst traust til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, oddvita sjálfstæðismanna í borginni. Hann hefur ekki áður birst á lista yfir stjórnmálamenn sem minnst traust er borið til. Annar nýliði á listanum er Ólafur F. Magnússon borgarstjóri og segjast 5,6 prósent bera minnst traust til hans.

Flestir, eða rúmlega fjörutíu prósent, segjast hins vegar bera mest traust til Geirs H. Haarde, forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins. Næstflestir, rúm sextán prósent, segjast bera mest traust til Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra og formanns Samfylkingarinnar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tilkynnti í gær að opið væri af sinni hálfu hver taki við embætti borgarstjóra í mars 2009 þegar embættið fellur Sjálfstæðisflokki í skaut.

Sátt virðist innan flokksins um þessa ákvörðun, sem tekin var í samráði við Geir H. Haarde, formann flokksins. Heimildarmenn úr innsta kjarna flokksins telja útilokað að Vilhjálmur verði aftur borgarstjóri. Bæði Hanna Birna Kristjánsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks, munu sækjast eftir forystuhlutverkinu.

„Ég hef sóst eftir því að leiða þennan hóp og áhugi minn á því hefur ekkert dvínað. Hins vegar finnst mér þessi umræða ótímabær á meðan staðan er eins og hún er, við afgreiðum þetta í okkar hópi en ekki í fjölmiðlum,“ segir Gísli Marteinn. - ss, bj/ sjá síður 4 og 6



**DROTTNINGARNAR MÆTAST** Þúsundir flykktust að hafnarbakkanum í Sydney í Ástralíu í gær þegar sannkallaðar drottningar hafsins mættust í hafnarmynninu. Skemmtiferðaskipin Queen Victoria, í forgrunni, og Queen Elizabeth II eru engin smásmíði. Þetta verður síðasta ferð Queen Elizabeth II til Ástralíu en ráðgert er að leggja skipinu síðar í ár eftir 39 ára notkun. NORDICPHOTOS/AFP



**GÓÐAR TILLÖGUR** Sýningin á tillögum um skipulag Vatnsmýrarinnar verður sett upp á Háskólatorgi.

Skipulag Vatnsmýrarinnar:

## Sýningin sett upp á ný

**MENNING** Þeir sem ekki náðu að kíkja inn í Hafnarhúsið á dögunum til að skoða sýningu á vinningstillögum um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar geta tekið gleði sína. Ákveðið hefur verið að setja sýninguna upp á ný í vikunni, að þessu sinni á Háskólatorgi Háskóla Íslands.

Guja Dögg Hauksdóttir, sýningarstjóri sýningarinnar í Hafnarhúsinu, segir að sýningin hafi verið gríðarvinsæl og að meira en 5000 manns hafi lagt leið sína í Hafnarhúsið þessa viku sem sýningin var uppi. „Það er bara verið að bregðast við þessum mikla áhuga,“ segir Guja.

Sýningin verður sett upp á miðvikudag. - þo

Innbrot í miðbænum:

## Náðust á flótta

**LÖGREGLUMÁL Tveir þjófar náðust eftir innbrot í skartgripaverslun í miðbænum um klukkan hálfníu í gærmorgun. Annar þeirra sást í eftirlitsmyndavél við Veltusund. Lögreglan kom fljótt á vettvang. Þá hafði maðurinn náð þó nokkru þýfi úr gluggaútstillingu verslunarinnar.**

**Maðurinn tók á rás með hluta þýfisins og komst í bíl félags síns við Suðurgötu. Lögreglumenn veittu þjófunum eftirför og náðu þeim í Skerjafirði. Þar höfðu þjófarnir yfirgefið bílinn og haldið flóttanum áfram gangandi. Hluti þýfisins fannst í fórum þeirra og afgangurinn í bifreiðinni. Mennirnir eru á þrítugsaldri og hafa ekki fyrr komið við sögu lögreglu.** - rh

Friðrik Ómar Hjörleifsson ósáttur þrátt fyrir öruggan sigur í Eurovision:

## Sakar áhangendur um fordóma

**FÓLK** Eurobandið vann Eurovision-keppni RÚV með miklum yfirburðum. Lagið This is my life hlaut rúm fimmtíu þúsund atkvæði en Ho ho ho we say hey hey hey með Mercedez Club hlaut rúm 23 þúsund atkvæði. Önnur lög fengu mun minna en alls bárust 111 þúsund atkvæði.

Nokkra athygli vakti að Friðrik Ómar lét stór orð falla þegar sigurinn var í höfn og sagði: „Glymur hæst í tómri tunnu.“ Friðrik sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki hafa beint orðum sínum til helstu keppinauta sinna í Mercedez Club heldur áhangenda þeirra sem hefðu látið miður falleg orð falla meðan á keppninni stóð í Smáralindinni. „Systkini mín og börnin þeirra voru þarna rétt hjá, heyrðu þetta og tóku þetta til sín,“ segir Friðrik sem sér síður en svo eftir þessu. Egill Einarsson, betur þekktur sem Gillzenegger, telur Friðrik hins vegar vera að kasta steinum úr glerhúsi. -fgg/ sjá síðu 30

Nýjung á sænskum spítölum:

## Eins nærbuxur fyrir bæði kyn

**SVÍÞJÓÐ, AP** Svíar, sem hafa löngum verið framarlega í jafnrétti kynjanna, ætla að hefja framleiðslu á nýjum nærbuxum fyrir sjúklinga sem bæði kyn geta notað.

Með því vonast stjórnvöld til að spara bæði pláss og peninga. Um er að ræða nýtísku „boxer“-nærbuxur sem eru taldar henta bæði konum og körlum sem liggja á sjúkrahúsum landsins. Hingað til hafa sænskir sjúklingar notað fjórar mismunandi tegundir af nærbuxum, tvær gerðir fyrir hvort kyn. Búist er við að nærbuxnatillagan verði samþykkt endanlega í apríl og að nýju nærbuxurnar verði teknar í notkun skömmu síðar. - fb




Kompudagar í smáauglýsingunum

18.– 29. febrúar. Verð frá 990 kr.

Er ekki kominn tími á vorhreingerningu? Skráðu smáauglýsinguna á visir.is eða hringdu í síma 512 5000 og seldu gamla dótið með litlli fyrirhöfn.



Allt sem þú þarft – alla daga



FEBRÚAR

6 tommu bátur 299 kr.

Gildir í febrúar, gildir ekki með öðrum tilboðum s.s. Stjórnumáli

Kafbátur mánaðarins BMT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

SUBWAY

## SPURNING DAGSINS



*Friðrik, bylur ekki hæst í tómri tunnu?*

„Alla vega á Dalvík.“

Friðrik Ómar Hjörleifsson sigraði í undankeppni Eurovision og stríddi andstæðingum sínum með því að hrópa „glymur hæst í tómri tunnu“. Réttara þykir að segja að það bylji hæst í tómri tunnu.

Ralph Nader verður óháður forsetaframbjóðandi í Bandaríkjunum í fimmta skiptið:

# Demókratar óttast framboðið

**BANDARÍKIN, AP** Neytendafrömuðurinn Ralph Nader tilkynnti í gær að hann muni bjóða sig fram í forsetakosningunum í Bandaríkjunum. Þetta verður í fimmta skiptið sem Nader, sem á nokkra daga eftir í 74 ára afmælið, býður sig fram til forseta.

Nader verður óháður frambjóðandi, eins og þegar hann bauð fram árið 2000 og árið 2004.

Árið 2000 sökuðu demókratar hann um að hafa kostað Al Gore sigur í kosningum gegn George W. Bush með því að taka atkvæði sem Gore hefði ella fengið. Óttast þeir að Nader muni aftur taka atkvæði frá demókrötum.



**VERÐUR Í FRAMBOÐI** Ralph Nader blæs á fullyrðingar demókrata um að hann taki atkvæði frá frambjóðanda þeirra. NORDICPHOTOS/AFP

Nader tilkynnti um framboð sitt í þættinum Meet the press, á sjónvarpsstöðinni NBC. Þar sagði hann Bandaríkjamenn ósátta við bæði demókrata og repúblikana eftir langt stríð í Írak og vegna slæms efnahagsástands.

Nader gagnrýndi bæði John McCain, sem sækist eftir útnefningu Repúblikanaflokksins, og þau Hillary Clinton og Barack Obama, sem sækjast eftir útnefningu Demókrataflokksins. Ekkert þeirra beiti sér fyrir heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn, né væru þau tilbúin að skera niður útgjöld til hernaðarmála.

Bæði Obama og Clinton reyndu í gær að gera lítið úr áhrifum Naders. „Augljóslega hjálpar það ekki hverjum þeim sem verður í framboði fyrir demókrata. En þetta er frjálst land,“ sagði Clinton. - bj

Forseti Íslands í New York:

# Aðrir geta lært af Íslendingum

**UMHVERFISMÁL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, flutti erindi um loftslagsbreytingar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York á föstudag. Þar sagði hann að þær breytingar sem orðið hefðu á orkunotkun Íslendinga undanfarna áratugi gætu orðið öðrum ríkjum hvatning til þess að nýta hreina orku.

Forsetinn sagði brýnt að bregðast við loftslagsbreytingum með uppstokkun á orkukerfum heimsins og rakti hvernig loftslagsbreytingar birtast okkur í bráðnun jökla og heimskautaíss. - þo



**LOÐNA** Loðnuskipstjórar eru sannfærðir um að ástand stofnsins sé betra en Hafrannsóknarstofnun telur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Saka þingmann um óheilindi:

# Aldrei rætt við loðnuskipstjóra

**SJÁVARÚTVEGUR** Skipstjórar á 22 loðnuveiðiskipum kannast ekki við að hafa rætt við Grétar Mar Jónsson, þingmann Frjálslynda flokksins, og segja miður að hann geri þeim upp skoðanir í viðtali við Fréttablaðið á föstudag.

Í yfirlýsingu sem loðnuskipstjórarnir sendu mótmæla þeir þeim orðum Grétars að margir loðnuskipstjórar segi ástandið þannig að rétt sé að stöðva loðnuveiðar í tvö ár.

„Við skipstjórarnir á þeim skipum sem hafa verið á miðunum erum sannfærðir um að ástand loðnustofnsins er betra en Hafrannsóknarstofnun telur,“ segir í yfirlýsingunni. - bj

57 piltum stungið í fangelsi:

# Sakaðir um ósiðlegt daður

**SÁDI-ARABÍA Saksóknarar í Sádi-Arabíu hafa til meðferðar mál 57 pilta sem voru handteknir síðastliðinn fimmtudag fyrir að daðra við stúlkur í verslanamiðstöðvum í heilögu borginni Mekka.**

**Mennirnir eru sakaðir um að hafa klætt sig ósiðlega, spilað háværa tónlist og dansað til að ná athygli stúlknanna. Talsmenn piltanna telja að þeir hafi ekki gert neitt rangt. Þeir hittist einfaldlega reglulega í verslanamiðstöðvunum um helgar til að skemmta sér án þess að brjóta lög um aðskilnað kynjanna.** -fb

# Enginn setið jafn lengi í einangrun

**Útlit er fyrir að Íslendingurinn sem situr í gæsluvarðhaldi í Færeyjum í tengslum við Pólstjörnumálið muni sitja í einangrun í 170 daga. Hann hefur verið í einangrun í 130 daga. Enginn hefur verið svo lengi í einangrun þar í landi.**

**LÖGREGLUMÁL** Enginn fangi hefur setið jafn lengi í einangrun í Færeyjum og 25 ára Íslendingur sem handtekinn var í september í tengslum við Pólstjörnumálið. Hjá manninum fundust tæplega 800 grömm af amfetamíni og um kíló af af e-töflum. Hann hefur nú verið í einangrun í 130 daga. Þórarinn V. Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir svo langa einangrunarvist ekki tíðkast hér á landi. Lengsta vist sem hann muni eftir hin síðari ár sé einn og hálfur mánuður en hér á landi séu yfirvöld mjög meðvituð um þær fjölþættu afleiðingar sem löng einangrunarvist getur haft á fólk. Færeyska dagblaðið Dimmalætting hefur leitað svara hjá Lindu Hesselberg, saksóknara í máli Íslendingsins, um hvers vegna honum sé haldið svo lengi í einangrun. Hún hefur þó engin svör viljað gefa.

Íslendingurinn var fyrst settur í einangrunarvist 18. september. Í október fékk hann að vera í opinni gæslu en í lok þess mánaðar var hann settur aftur í einangrun. Gæsluvarðhaldsvist hans rennur út 7. mars, að sögn saksóknara, en þá verður maðurinn leiddur fyrir dómara á nýjan leik. Hann hefur ætíð kært úrskurð undirdóms, en æðra dómstig staðfest hann. Málsmeðferð hefst 7. apríl.

Samkvæmt heimildum blaðamanna á Dimmalætting eru líkur á því að hann muni sitja í einangrun í um 170 daga í allt. „Þessi vist er met hér í Færeyjum,“ segir Heini Gaard, blaðamaður á Dimmalætting. Hann segir fjölmiðla þar í landi hafa reynt að benda á að breyta þurfi reglum um einangrunarvist þar sem fólk hafi áhyggjur af því hve lengi sé hægt að halda mönnum í slíkri vist.

„Hann ber sig vel miðað við aðstæður,“ sagði móðir mannsins þegar Fréttablaðið hafði samband við hana en hún segist fá að heyra frá syni sínum vikulega. Hún vildi þó ekki tjá sig frekar um málið af ótta við að spilla fyrir máli hans og auka enn á erfiðleikana.

Maðurinn hefur verið búsettur í Færeyjum um skeið en þar á hann fjölskyldurætur og hefur verið við störf. Hann á ekki að baki afbrotaferil.

Saksóknari segir ljóst að maðurinn verði að minnsta kosti dæmdur í fjögurra ára fangelsi, hann geti þó fengið allt að tíu ára dóm og ævilanga brottvísun frá Færeyjum. Dæmt var í Pólstjörnumálinu hér á landi 15. febrúar.

Þau svör fengust frá utanríkisráðuneytinu að vel væri fylgst með líðan fangans en að undanförnu hefur Eiður Guðnason, aðalræðismaður Íslands í Færeyjum, fengið að hitta hann vikulega.

karen@frettabladid.is



**DÆMDIR** Þeir fengu langa fangelsisdóma Íslendingarnir sem dæmdir voru fyrir þátt sinn í Pólstjörnumálinu 15. febrúar. Sá sem fékk lengstan dóm var dæmdur til níu og hálfs árs fangelsisvistar, annar í sjö ár og fimm mánuði og sá þriðji í sjö ár. Fleiri menn voru dæmdir fyrir aðild að málinu en samtals hljóðuðu fangelsisdómarnir upp á 32 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**SMYGLSKÚTAN OG VARÐSKIPIÐ ÆGIR** Nærri 40 kíló af fíkniefnum voru gerð upptæk í skútunni að morgni fimmtudagsins 20. september á síðasta ári.

Háskóli Íslands:

# Styrkir til bestu nemendanna

**MENNTAMÁL Háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt að stofna afreks- og hvatningasjóð til styrktar afburðanemendum.**

**Þetta kom fram í ávarpi Kristínar Ingólfsdóttur rektors við brautskráningu skólans í fyrradag.**



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR**

**Úthlutað verður úr sjóðnum í fyrsta sinn í haust annars vegar styrkjum til nemenda sem ná afburðaárangri á stúdentsprófi og innritast í Háskóla Íslands og hins vegar til nemenda sem skara fram úr í námi sínu við Háskólann.**

**Kristín vék einnig að því í ræðu sinni að hún hefði fyrir skemmstu undirritað samstarfssaming við Auðlindastofnun Indlands að frumkvæði Rachendra Pachauri sem hlaut nýverið friðarverðlaun Nóbels.** - þo

Svalasti staður jarðarinnar:

# Grænlendingar fara á Facebook

**GRÆNLAND** Grænland hefur nú fengið sína eigin Facebook-heimasíðu eftir því sem grænlenski fjölmiðillinn Sermitsiaq greindi frá í gær.

Þegar hafa 847 einstaklingar skráð sig sem meðlimi á síðunni en þar má einnig finna skemmtilegar lýsingar um nágrannaþjóð okkar og heimaslóðir þeirra. Eða eins og grænlensku síðuhaldararnir segja: „Hér er ekki bara verkstæði jólasveinsins,“ en því næst mælast þeir til þess að fólk lesi sér til um „svalasta stað jarðarinnar“. Þangað sé gott að koma og 56 þúsund eskimóar geti hreinlega ekki haft rangt fyrir sér. - kdk






Raúl Castro tekur formlega við forsetaembætti af stóra bróður sínum:

# Kjörið kom ekki á óvart

**KÚBA** Raúl Castro var í gær formlega kjörinn forseti Kúbu af þingi landsins. Hann tekur því við embætti af eldri bróður sínum Fidel sem setið hefur við völd á Kúbu í nær hálfa öld.

Raúl, sem er 76 ára að aldri, hefur verið starfandi forseti landsins síðan Fidel dró sig í hlé vegna veikinda árið 2006. Kjörið kom því fáum á óvart.

Hins vegar vakti nokkra athygli að Raúl skyldi útnefna José Jamon Machad Ventura sem varaforseta þar sem margir vonuðust til þess að einhver af yngri kynslóð kommúnista yrði fyrir valinu. Að því er fram kemur á fréttavéf BBC krafðist Raúl þess að einn af upprunalegum leiðtogum byltingarinnar á Kúbu fengi embættið og því varð hinn 78 ára gamli Ventura fyrir valinu.

Vonir standa til þess að Raúl takist að bæta efnahag landsins sem er bágur og að staða mannréttindamála fari batnandi.

Raúl vottaði stóra bróður virðingu sína í gær og greindi frá því að hann yrði áfram hafður með í ráðum. - þo



**ÞINGIÐ SAMHLJÓÐA** Ljóst þótti að Raúl yrði næsti forseti en útnefning varaforseta kom mörgum á óvart.




Afborgun 2.000 kr./mán. í 12 mán. greidd með kreditkorti og mánaðarlegur reikningur í  áskrift. Greiðsludreifingargjald 150 kr. á mánuði.

## GENGIÐ 22.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,76 | 67,08 |
| Sterlingspund | 131,22 | 131,86 |
| Evra | 98,99 | 99,55 |
| Dönsk króna | 13,277 | 13,355 |
| Norsk króna | 12,544 | 12,618 |
| Sænsk króna | 10,636 | 10,698 |
| Japanskt jen | 0,6232 | 0,6268 |
| SDR | 106,05 | 106,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
130,2087

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Borgarfulltrúar minnihlutans segja framgöngu sjálfstæðismanna óboðlega:

# Samstaða sjálfstæðismanna er engin

**STJÓRNMÁL** „Þetta er í raun engin niðurstaða og það er sérkennilegt að ákvörðuninni skuli enn slegið á frest. Ljóst er að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins treysta Vilhjálmi ekki fyrir borgarstjórastólnum og það er sorglegt að ekkert þeirra skuli hafa styrk til þess að stíga fram og segja hingað og ekki lengra,“ segir Dagur B. Eggertsson, fyrrverandi borgarstjóri, um yfirlýsingar sjálfstæðismanna frá því í gær.

Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, tekur í sama streng og segir að meirihlutasamstarfið hangi á bláþræði. „Ákvörðun Vilhjálms um að sitja áfram sem oddviti stjórnast af tvennu. Annars vegar er engin sátt innan flokksins um það hver eigi að vera eftirmaður hans og hins vegar er Vilhjálmur tengingin við Ólaf F. Magnússon,“ segir Óskar. Hann segir að óvissan og þófið innan Sjálfstæðisflokksins hafi nú þegar slæm áhrif á starfið í borginni.



ÓSKAR BERGSSON SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR DAGUR B. EGGERTSSON

Undir það tekur Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna. „Þetta er óboðlegt og það blasir við almenningi í Reykjavík að það er algjör glundroði í hópnum.“

„Fyrir örfáum dögum kom engum annað í hug en að Hanna Birna myndi taka sæti oddvita. Það að sú niðurstaða sé ekki innsigluð í þessari yfirlýsingu segir okkur það að Hanna Birna Kristjánsdóttir er ógn við einhver öfl í Sjálfstæðisflokknum sem virðast hafa hag af því að setja hana niður,“ segir Svandís. - þo

Ólafur F. Magnússon:

## Breytir engu fyrir samstarfið

**STJÓRNMÁL** „Þessi ákvörðun borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins breytir engu fyrir meirihlutasamstarfið í borginni,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri. „Samstarfið byggir á traustum málefnagrunni sem lagt var upp með þegar í upphafi, og um hann var full samstaða.“



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

„Ég tel mig hafa vissu fyrir því að allir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, hver sem leiðir þeirra hóp, standi þétt að baki þessu samstarfi og þeim málefnasamningi sem lagt var upp með, eins og ég geri auðvitað líka sjálfur,“ segir Ólafur.

Hann segir að erfitt hafi verið að starfa í þeim óróleika sem ríkt hafi frá því meirihlutinn tók við, en það stafi ekki síður af sífelldum upphlaupum pólitískra andstæðinga meirihlutans og þeirra sem vilji koma höggi á hann. - bj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Óku undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði aðfaranótt sunnudags tvo karlmenn sem óku undir áhrifum fíkniefna. Sá fyrri var tekinn um eittleytið og hinn undir morgun. Mennirnir voru báðir færðir á lögreglustöð þar sem tekið var blóðsýni.

## LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var ranglega sagt að Jórunn Ósk Frímannsdóttir borgarfulltrúi hefði verið gestur í kveðjuhófi Björns Inga Hrafnssonar sem haldið var í Höfða.

# Vilhjálmur verður ekki borgarstjóri

**Sjálfstæðismenn hafa ekki ákveðið hver verður borgarstjóri að ári. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir allt opið í þeim efnum. Fullyrt er að hann verði ekki borgarstjóri aftur. Borgarfulltrúar vilja að nýr borgarstjóri komi úr þeirra röðum.**

**STJÓRNMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson verður ekki borgarstjóri í mars 2009 eins og samið var um við F-lista. Þetta fullyrða heimildarmenn úr innsta kjarna flokksins.

Vilhjálmur tilkynnti að loknum fundi með borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokks og formanni flokksins í gærmorgun að opið sé hver taki við embætti borgarstjóra af hálfu Sjálfstæðisflokks. Áður hafði verið samið um að hann tæki við embættinu.

Vilhjálmur mun þó sitja áfram sem oddviti borgarstjórnarflokksins og mun áfram gegna embætti formanns borgarráðs. Aðrir aðal- og varaborgarfulltrúar flokksins lýstu í gær yfir óskoruðum stuðningi við Vilhjálm sem oddvita.



**MEIRIHLUTI** Þegar nýr borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokks og F-lista var myndaður 21. janúar síðastliðinn var tilkynnt að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson yrði borgarstjóri í mars 2009. Nú segir Vilhjálmur allt opið um það hver verði borgarstjóri þegar embættið kemur í hlut sjálfstæðismanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimildarmenn sem vel þekkja til málefna borgarstjórnarflokksins segja almennan skilning á því meðal borgarfulltrúa að með þessu sé Vilhjálmur að taka sitt fyrsta skref út úr pólitík, en lengra hafi hann ekki viljað ganga nú.

Eins og staðan er í dag er talið útilokað að Vilhjálmur verði borgarstjóri á ný. Hann hefur þegar tilkynnt að hann muni ekki sækjast eftir sæti á lista borgarstjórnarflokksins í næstu kosningum.

Á laugardag var Vilhjálmur á því að taka sjálfur við embætti borgarstjóra. Heimildir herma að eftir samtal við Geir H. Haarde, formann flokksins, á laugardagskvöld hafi hann sannfærst um þá leið sem farin var.

Mikil sátt virðist innan flokksins með að Vilhjálmur hafi tekið þetta skref sem opnar um leið fyrir umræðu um það hver taki við embætti borgarstjóra.

Ekki var talið heppilegt að velja borgarstjóraefnið strax, þar sem það hefði leitt til árekstra milli borgarstjóraefnisins og Vilhjálms. Þá hefðu í raun verið tveir leiðtogar í borgarstjórnarflokknum.

Á fundinum í gærmorgun kom fram skýr vilji borgarstjórnarflokksins um að borgarstjóri komi úr þeirra röðum þegar Sjálfstæðisflokkur tekur við embættinu í mars 2009. Enginn þeirra sem rætt var við taldi það góðan kost að sækja borgarstjóra út fyrir þeirra hóp.

„Í mínum huga liggur það beint við að það verði einstaklingur innan hópsins,” segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. Orð hans endurspegla það sem aðrir borgarfulltrúar höfðu um málið að segja.

Hvorki náðist í Geir H. Haarde né Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson við vinnslu fréttarinnar í gær.

brjann@frettabladid.is
thorgunnur@frettabladid.is

## ÁKVÖRÐUN FLJÓTT



„Við höfum áður sagt að við myndum virða og styðja þá niðurstöðu sem Vilhjálmur kæmist að. Nú liggur sú niðurstaða fyrir og við munum vinna á grundvelli hennar,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Spurð hvenær hún vilji að ákvörðun verði tekin um það hver verði borgarstjóri í mars 2009 segir hún: „Mér finnst að borgarstjórnarflokkurinn eigi að reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu í það mál og það eigi ekki að taka of langan tíma.“ Hún vill þó ekki tímasetja það nákvæmar.

## ENGIN TÍMAMÖRK



„Við styðjum þessa ákvörðun, og þessa yfirlýsingu Vilhjálms,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. „Við styðjum Vilhjálm sem oddvita, og tökum það hlutverk að okkur að leysa úr því okkar á milli hver taki við embætti borgarstjóra eftir rúmt ár.“ Gísli segir engin tímamörk sett á það hvenær borgarstjóraefnið verði ákveðið.

## FRESTA EKKI VANDA



„Málin voru rædd í mikilli hreinskilni og svo komust menn að niðurstöðu sem var studd einróma,“ segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. Hann segist ekki telja að með þessari niðurstöðu sé verið að fresta vandanum, sjaldnast séu borgarstjórakandídatar valdir með meira en árs fyrirvara. Hann segir það ekki hafa verið rætt í dag hvenær borgarstjóraefnið verði valið, flokkurinn hafi rúmt ár til stefnu.




## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónsdóttir
Veðurfræðingur

**FROST VÍÐA**
Hitastigið á landinu verður nokkuð svipað og verið hefur næstu daga, en úrkoman kemur og fer. Í dag þykknar upp sunnan og vestanlands, og éljagangur verður víða um land á morgun.







Á MORGUN
Hæg NV átt um allt land.




MÁNUDAGUR
Norðaustlæg átt víða um land

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Billund | 7° |
| Ósló | 6° |
| Stokkhólmur | 7° |
| Gautaborg | 6° |
| London | 11° |
| París | 15° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Berlín | 10° |
| Alicante | 17° |
| Mallorca | 18° |
| Bassel | 10° |
| Eindhoven | 11° |
| Las Palmas | 22° |
| New York | 3° |
| Orlando | 29° |
| San Francisco | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Glæsileiki og fágun

Glæsileiki og fágun er það fyrsta sem augað nemur þegar nýr Mercedes-Benz C-Class er skoðaður. Þegar þú sest undir stýrið á C-Class upplifir þú þægindi, léttleika og lipurð í akstri sem á engan sinn líkan.

Eigum Mercedes-Benz C-Class með flestum vélarstærðum, bæði bensín og dísil:
**C200 K · C280 · C350 · C350 4MATIC · C220 CDI · C320 CDI · C320 CDI 4MATIC**

**Komdu, sjáðu og reynsluaktu Mercedes-Benz C-Class.**

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Mercedes-Benz



## KJÖRKASSINN



*Ert þú búinn að panta utanlandsferð í sumarfríinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 23,3% |
| Nei | 76,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sáttur við niðurstöðu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um framtíð hans í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins?*

Segðu þína skoðun á visir.is — vísir

Tvær mannskæðar árásir voru gerðar á sjíta-pílagríma í Bagdad í gær:

# Tugir létust í sjálfsmorðsárás

**ÍRAK** Að minnsta kosti 40 manns létu lífið og tugir til viðbótar særðust í sjálfsmorðsárás sem gerð var í bænum Iskandaria, sunnan við Bagdad í gær.

Árásin beindist gegn sjíta-pílagrímum sem áttu leið um bæinn og voru á leið til borgarinnar Kerbala fótgangandi. Þar fer nú fram ein helgasta hátíð sjíta-múslíma. Að sögn sjónarvotta gekk tilræðismaðurinn inn í hóp pílagríma og sprengdi sig síðan í loft upp.

Þetta var önnur árásin sem gerð var á pílagríma í gær en fyrr um morguninn létust þrír og tæplega 50 særðust þegar árásarmenn sprengdu sprengju við veg sem pílagrímar áttu leið um í Doura í Bagdad.

Að því er fram kemur á fréttavef BBC hefur oft verið ráðist á pílagríma á þessari leið á undanförnum árum og því var öryggisgæslan með mesta móti. Tveir þeirra sem særðust í Doura voru einmitt lögreglumenn sem fylgdu pílagrímunum til að gæta öryggis þeirra. **- þo**



**MIKIÐ MANNFALL** Fjölmargir særðust þegar tilræðismaður sprengdi sig í loft upp innan um pílagrímana.

Tólf kokkar á Food and Fun:

# Norðmaður bar sigur úr býtum

**MATREIÐSLA** Norðmaðurinn Geir Skeie vann Food and Fun-keppnina sem var haldin í Listasafni Reykjavíkur í fyrradag. Á meðan á dvöl hans hér á landi hefur staðið hefur Geir eldað á veitingastaðnum Silfri.

Tólf meistarakokkar víðsvegar að úr heiminum tóku þátt í keppninni sem fólst í því að matreiða besta fisk-, kjöt- og eftirréttinn úr íslenskum hráefnum. Bar Geir sigur úr býtum fyrir að matreiða alla þrjá réttina best að mati dómnefndar. Höfðu kokkarnir þrjár klukkustundir til að ljúka við átta skammta af hverjum rétti. **- fb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Út af við Eyjakot

Bíll fór út af veginum við Eyjakot um hálfsexleytið í fyrradag. Að sögn lögreglunnar á Blönduósi urðu engin meiðsl á fólki og litlar skemmdir á bílnum. Ökumaðurinn er á fertugsaldri en mikil hálka var á veginum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ölvaður á Neskaupstað

Maður á þrítugsaldri var handtekinn grunaður um ölvun við akstur í Neskaupstað aðfaranótt föstudags.

### Undir áhrifum fíkiefna

Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn í Reykjanesbæ í gærkvöldi grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna. Að sögn lögreglunnar í Reykjanesbæ er málið í vinnslu.


Umsagnir frá eigendum iRobot Roomba ryksuguvélmennisins:

- *Ég hef ALDREI eignast eins gott heimilistæki bara SNILLD*
- *Ég hefði ekki trúað því hvað hún gerir þetta VEL, mæli með þessari*
- *Hver vill ekki láta RYKSUGA hjá sér daglega*
- *Ég bara hreinlega ELSKA hana og það muna allir gera það sem fá sér hana*

*...ég hreinlega Elska hana*



*Ert þú búin að fá þér eina?*

Varist eftirlíkingar

**iRobot ehf.**
Hólshraun 7, 220 Hfj. • S. 555 2585 • Irobot.is



TASKI

**Gólfþvottavélar**
á rekstrarleigu

Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.

*Bjarnþór Þorláksson,* bilstjóri hjá RV



- TASKI swingo XP
- TASKI swingo 3500 B
- TASKI swingo 1250 B
- TASKI swingo 750 B

TASKI swingo gólfþvottavélar
Einfaldar í notkun - liprar og leika í höndunum á þér

TASKI Swingo 1250 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV

RV UNIQUE 020801


**TIL HVAÐA STJÓRNMÁLAMANNS BERÐ ÞÚ MEST TRAUST UM ÞESSAR MUNDIR?**

**TIL HVAÐA STJÓRNMÁLAMANNS BERÐ ÞÚ MINNST TRAUST UM ÞESSAR MUNDIR?**




# Mest traust til Geirs en minnst til Vilhjálms Þ.

**Rúmlega 40 prósent segjast bera mest traust til Geirs H. Haarde. Tæplega þrjátíu prósent bera minnst traust til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar. Fleiri segjast bera mest traust til Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur en Steingríms J. Sigfússonar.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Flestir segjast nú bera mest traust til Geirs H. Haarde, forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins, af öllum stjórnmálamönnum samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 40,7 prósent þeirra sem afstöðu tóku sögðust bera mest traust til Geirs.

Næst flestir, eða 16,3 prósent segjast bera mest traust til Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra og formanns Samfylkingarinnar. Fyrir ári sagðist 12,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku bera mest traust til Ingibjargar.

9,1 prósent nefnir nú Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstri grænna. Fyrir ári sagði rúmlega fjórðungur, eða 25,7 prósent, að hann treysti Steingrími mest allra stjórnmálamanna.

Algengt er að sömu stjórnmálamenn séu meðal þeirra sem mest og minnst traust er borið til. Fyrir ári var Ingibjörg Sólrún sá stjórnmálamaður sem flestir, eða 27,3 prósent, sögðust bera minnst traust til og Geir H. Haarde var í öðru sæti og nefndu 11,9 prósent hans nafn. Nú deila þau tvö fimmta og sjötta sæti yfir þá stjórnmálamenn sem minnst traust er borið til og nefnd í 4,3 prósentum tilvika.

Á hæla þeirra kemur svo Steingrímur J. Sigfússon, en 4,1 prósent nefnir hann sem þann stjórnmálamann sem minnst traust er borið til. Það eru því fleiri sem nefna þau þrjú sem stjórnmálamann sem mest traust er borið til en sem stjórnmálamann sem minnst traust er borið til.

Þegar litið er til þeirra stjórnmálamanna sem minnst traust er borið til, segjast tæp 30 prósent bera minnst traust til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, oddvita sjálfstæðismanna í Reykjavík. Athygli vekur að munur eftir búsetu er nánast enginn og þá er jafnframt afar lítill munur á afstöðu eftir kyni.

Þeim fjölgar verulega sem nefna Össur Skarphéðinsson sem þann stjórnmálamann sem minnst traust er borið til. 18,5 prósent nefna hans nafn nú en 2,2 prósent nefndu hann fyrir ári síðan.

Þá nefna níu prósent nú Árna Mathiesen, en einungis eitt prósent nefndu hann sem þann stjórnmálamann sem minnst traust var borið til fyrir ári. Í fjórða sæti yfir þá stjórnmálamenn sem minnst traust er borið til er svo Ólafur F. Magnússon borgarstjóri og nefna hann 5,6 prósent.

Mikill meirihluti þeirra sem nefna Ólaf eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 23. febrúar og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Til hvaða stjórnmálamanns berð þú mest traust um þessar mundir? 62,0 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. Þá var spurt: En minnst? 55,4 prósent tóku afstöðu til þeirrar spurningar.

**svanborg@frettabladid.is**

**AÐRIR NEFNDIR SEM MEST TRAUST ER BORIÐ TIL**

- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
- Guðni Ágústsson
- Hanna Birna Kristjánsdóttir
- Ágúst Ólafur Ágústsson
- Guðjón Arnar Kristjánsson
- Sigurður Kári Kristjánsson
- Svandís Svavarsdóttir

**AÐRIR NEFNDIR SEM MINNST TRAUST ER BORIÐ TIL**

- Steingrímur J. Sigfússon
- Björn Bjarnason
- Gísli Marteinn Baldursson
- Árni Johnsen
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
- Einar K. Guðfinnsson
- Guðlaugur Þór Þórðarson

**ÚR HVAÐA FLOKKI ÞAU ERU SEM MEST TRAUST ER BORIÐ TIL**

| | |
|---|---|
| Framsókn | 3,2% |
| Sjálfstæðisflokkur | 50,0% |
| Frjálslyndir | 0,8% |
| Samfylking | 33,9% |
| Vinstri græn | 11,1% |
| Aðrir | 1,0% |

**ÚR HVAÐA FLOKKI ÞAU ERU SEM MINNST TRAUST ER BORIÐ TIL**

| | |
|---|---|
| Framsókn | 4,1% |
| Sjálfstæðisflokkur | 58,0% |
| Frjálslyndir | 1,6% |
| Samfylking | 24,6% |
| Vinstri græn | 5,9% |
| Aðrir | 5,9% |


Við höfum trú á framtíðinni
Það þarf ekki kraftaverk
Við breytum 5.000 kr. í 7.000 kr.
Fátt er mikilvægara en að tryggja æsku landsins örugga og bjarta framtíð. Ef þú gefur fermingarbarni 5.000 kr. gjafabréf í Framtíðarsjóð bætir Sparisjóðurinn 2.000 kr. við gjöfina. Við höfum trú á framtíðinni.
Líttu við á spar.is og kynntu þér kosti Framtíðarsjóðsins
Há raunávöxtun
Verðtryggður reikningur
Hægt að semja um reglubundinn sparnað
Hægt að leggja inn hvenær sem er
SPARISJÓÐURINN
spar.is
Fíton/SÍA

# Ísland nemur land í Brussel

## Á annað hundrað listamenn koma fram á viðamikilli Íslandshátíð sem hefst í Brussel í Belgíu á morgun.

**MENNING** Hátíðin er haldin í samstarfi við Bozar, lista- og menningarmiðstöðina í Brussel sem er stærsta og þekktasta stofnun Belgíu á sínu sviði. Yfirskrift hennar er Iceland on the edge sem að sögn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra skírskotar bæði til kraftsins og fjölbreytninnar í íslensku listalífi og til legu landsins á jaðri Evrópu.

„Þetta er eitthvert stærsta landkynningarverkefni sem við höfum ráðist í og markmiðið er að efla ímynd Íslands á alþjóðlegum vettvangi og sýna þann kraft sem býr í íslensku lista- og menningarlífi. Við erum sannfærð um að með því er hægt að miðla mynd af Íslandi sem skiptir verulegu máli fyrir stöðu okkar í alþjóðlegu samhengi,“ segir Ingibjörg Sólrún og bætir við að menning og listir skapi verðmæti nú og til framtíðar.

Á kynningarfundi með blaðamönnum tók Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undir þessi orð og sagði útrásarmenn í viðskiptum sjá sér hag í að efla útrás á sviði menningar. Það staðfestist meðal annars með því að Landsbankinn er máttarstólpi hátíðarinnar og Icelandair og Icelandair Cargo eru samstarfsaðilar. Hátíðin er haldin að frumkvæði íslenska sendiráðsins í Brussel en fjögur ráðuneyti, Reykjavíkurborg, Ferðamálastofa og Útflutningsráð koma að verkefninu.



**MENNING STYRKIR ÍMYND ÍSLANDS** Þorgerður Katrín, Ingibjörg Sólrún og Stefán Haukur kynna hátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þorgerður Katrín sagði listrænan stjórnanda Bozar hafa að mestu valið listviðburði hátíðarinnar og ánægjulegt væri að hann beindi sjónum sérstaklega að ungu listafólki.

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands í Brussel, segir borgina kjörlendi fyrir kynningu sem þessa. „Sumir kalla borgina hjarta eða höfuðborg Evrópu því hún er svo alþjóðleg.“ Hátíðinni er beint jöfnum höndum að Belgum og starfsmönnum erlendra ríkja og fyrirtækja í Brussel.

Umfangsmikið kynningarstarf hefur farið fram af hálfu Bozar og segir Stefán Haukur að fjallað hafi verið um Ísland og Íslandshátíðina í tugum greina í blöðum og tímaritum. Að sögn Ingibjargar Sólrúnar er verðmæti verkefnisins áætlað um 120 milljónir króna og skiptist kostnaður á milli Bozar og Íslands.

bjorn@frettabladid.is

### Á ANNAÐ HUNDRAÐ LISTAMENN

- Brussel-búar og gestir fá að njóta margvíslegra listviðburða í Bozar-miðstöðinni næstu mánuði. Meðal annars verður íslensk samtímamyndlist sýnd, Fossaverkefni Rúríar og verk Kjarvals, Kristjáns Davíðssonar og Georgs Guðna.
- Af sviðslistum má nefna danssýningu Ernu Ómarsdóttur og félaga og sýningu á uppfærslu Baltasars Kormáks á Pétri Gaut.
- Haldið verður bókmenntakvöld tileinkað Halldóri Laxness í umsjá Halldórs Guðmundssonar með þátttöku Auðar Jónsdóttur og Hallgríms Helgasonar.
- Kvikmyndahátíð verður í lok maí og fjöldi tónleika, bæði klassískra og popptónleika.


Ef ekki ADRO™ hvað þá?

Í fyrsta skipti er þægilegur hljómur og afburða talgreining sameinuð í einu tæki með hinni einstöku ADRO tækni. Hljóðið sem berst þér er ekki lengur þjappað og líflaust heldur vítt og breytilegt. Komdu og kynntu þér málið!

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Ókeypis heyrnarmælingar, heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

ATHUGIÐ! Tryggingastofnun tekur þátt í greiðslu heyrnartækja.

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið



www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41287 02/08

## Upplifðu Avensis í dag

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 2.795.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |





Nær allur bátafloti íbúa Skálavíkur á Sandey ónýtur og höfnin full af grjóti:

# Söfnun fyrir íbúa Skálavíkur

**FÆREYJAR** Söfnun er hafin fyrir íbúa þorpsins Skálavíkur á Sandey sem varð fyrir miklum ágangi sjávar í óveðri sem gekk yfir Færeyjar um síðustu mánaðamót. Brim gekk þá langt á land og braut mannvirki við höfnina, þar á meðal fiskverkunarhús. Þá sukku nær allir bátar í höfninni en þeir sem voru á landi brotnuðu í spón. Samtals sukku eða brotnuðu fimmtán af sextán bátum þorpsbúa.

Óveðrið skolaði mestum hluta brimvarnargarðsins inn í höfnina, fyllti hana af grjóti og gerði ónothæfa. Kirkjugarður Skálavíkur fór einnig illa þar sem stórum hluta garðsins skolaði á haf út.

Skálavík er 300 manna samfélag sem byggir afkomu sína eingöngu á sjósókn. Er atvinnulífið lamað eftir þetta mikla áfall. Söfnunarreikningur númer 0565-14-607914 hefur verið opnaður í Glitni og er kennitalan 270366-3419. „Er það von okkar að íslenska þjóðin sýni bræðraþjóð okkar þann hlýhug að styrkja hana fjárhagslega í erfiðleikum hennar,“ segir í tilkynningu frá aðstandendum söfnunarinnar. Er þar minnt á rausnarlega framgöngu Færeyinga í kjölfar náttúruhamfara á Íslandi.

Söfnunin hefur farið vel af stað en hún stendur til 14. mars. „Ég vona að fyrirtæki og stofnanir bregðist líka vel við,“ segir Níels J. Erlingsson, einn aðstandenda söfnunarinnar. - ovd


**FRÁ FÆREYJUM** Mesta óveður sem gengið hefur yfir Færeyjar í manna minnum ógnar afkomu þrjú hundruð manna samfélags.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tveir undir áhrifum fíkniefna

Tveir ökumenn á þrítugsaldri voru handteknir grunaðir um að aka undir áhrifum fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrst var maður handtekinn í Hafnarfirði aðfaranótt laugardags og síðan var annar tekinn á Miklubrautinni á laugardagsmorgun.

# Ræður ekki við efnahagsmál

**Formenn stjórnarandstöðuflokkanna telja ríkisstjórnina ekki ráða við efnahagsmálin. Stjórnin ráðþrota, segir Guðni Ágústsson. Stjórnin þarf að sýna meiri ábyrgð, segir Guðjón Arnar Kristjánsson.**

**STJÓRNMÁL** „Allt frá því ríkisstjórnin tók til starfa hefur hún staðið frammi fyrir miklum efnahagsvanda. Verðbólgan er búin að vera of mikil. Það verður ekki annað séð en að ríkisstjórnin sé að missa allt úr böndunum,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins.

Hann telur ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar standa „ráðþrota“ frammi fyrir erfiðleikum í efnahagslífinu. „Það var mikilvægt strax eftir kosningar að ráðast í að leggja verðbólguna að velli. Ríkisstjórnin hefði átt grípa þá til víðameiri aðgerða en hún hefur gert. Í stað þess stendur hún frammi fyrir miklum vanda,“ segir Guðni.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir efnahagsvandann er snýr að sjávarútveginum kalla á tafarlausar aðgerðir. „Mótvægisaðgerðir vegna niðurskurðar þorskaflaheimilda voru ekki miklar. Nú er búið að loka fyrir loðnuveiðar. Saman við mikla lægð á hlutabréfamörkuðum eru þetta grafalvarlegar fréttir sem ríkisstjórnin verður að bregðast við með skjótum hætti.“

Frá því niðurveifla á hlutabréfamörkuðum gerði vart við sig hér á landi, á haustmánuðum í fyrra, hefur verðgildi íslenskra fyrirtækja lækkað um meira en 1.300 milljarða. Það þýðir umtalsverða tekjuskerðingu fyrir ríkið vegna minnkandi skatttekna. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um að hægja á framkvæmdum eða hætta við þær.

Guðjón Arnar segir ríkisstjórnina þurfa að sýna meiri ráðdeild og ábyrgð. „Það er vitaskuld vandmeðfarið að stýra efnahagsmálunum þegar ástandið er eins og það er. En hún verður að bregðast við. Eflaust verður ríkið fyrir tekjuskerðingu upp á tugi milljarða og henni þarf að mæta. Á móti kemur að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða til þess að mýkja lendinguna af því hrapi sem blasir við í sjávarútveginum.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir ríkisstjórnina ekki geta hundsað stöðuna. „Það er augljóst mál að aðhaldsleysi í ríkisfjármálunum síðustu árin er að valda vandræðum nú þegar kreppir að. Þenslan hefur verið alltof mikil og hún er fyrst og fremst sjálfskaparvíti.“

Ríkisstjórnin vinnur að endurskoðun mótvægisaðgerða vegna vandamála í sjávarútveginum.

magnush@frettabladid.is


GUÐNI ÁGÚSTSSON


GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON


TM

Aðalfundur 2008

**Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn mánudaginn 3. mars 2008 kl. 14.00 í húsakynnum félagsins, Aðalstræti 6, Reykjavík.**

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins, þ.m.t. greiðslu arðs.
4. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).
8. Önnur mál löglega fram borin.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar, Aðalstræti 6, Reykjavík, skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Reikningar félagsins og tillögur liggja frammi á aðalskrifstofu hluthöfum til sýnis viku fyrir fundinn, en verða síðan afhent ásamt fundargögnum til hluthafa á fundarstað.

**Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**

Aðalfundur TM

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Aðalstræti 6 / 101 Reykjavík / Sími 515 2000 / www.tm.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/TMI 41143 02/08





*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

# Tölvunám vorið 2008
# Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á tæpum 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Tölvu- og bókhaldsnám



Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur. Staðfestu þekkingu þína með því að taka ECDL (TÖK) prófin sem eru innifalin í náminu.

**Helstu kennslugreinar**

- Upplýsingatækni, Excel 2007, Access 2007, Outlook 2007, PowerPoint 2007, Word 2007, og verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

**Lengd**: 225 stnd./150 klst. **Verð**: ~~189.900~~ 169.900

*Morgunnám hefst 1. apríl (9:00-12:00)*

### Hagnýtt bókhald

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem er ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

**Helstu kennslugreinar**

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 99.900 staðgr.

*Morgunnám hefst 26. mars (9-12 má/mi/fö).*

### Office 2007

Miklar breytingar hafa verið gerðar á Office pakkanum sem auðvelda notkun hans. Við bjóðum stutt og hnitmiðað námskeið um helstu breytingarnar í Excel, Outlook, Word og PowerPoint.

**Lengd**: 4 stundir/3 klst. **Verð**: ~~8.900~~ 7.490

*Morgunámskeið 12. mars kl. 9:00-12:00*

*Bjóðum einkanámskeið og fyrirlestra fyrir hópa, samtök og fyrirtæki!*

### Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Kvöldnám hefst 11. mars (19:30-22:30) og dagnám hefst 11. mars (13:00-16:00)*

### Vefsmíði og grafík

Sæktu námskeið í DreamWeaver, Photoshop og Flash og búðu til betri vefsíður og skemmtilegri myndir.

**► Flash margmiðlun**

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með Flash.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 24.900

*Hefst 18. mars (16:15-19:15 - þri./fim.) og 25. mars (13:00-16:00)*

**► Photoshop ljósmyndavinnsla og grafík**

Skemmtilegt nám um vinsælasta mynd-vinnsluforritið fyrir ljósmyndir, prentun, margmiðlun og vefi.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 29.900

*Hefst 26. febrúar (16:15-19:15 - þri./fim.) og 5. mars (13:00-16:00)*

**► DreamWeaver vefsíðugerð**

Lærðu að búa til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 29.900

*Hefst 31. mars (13:00-16:00)*

**► DreamWeaver og Photoshop**

Sparaðu með því að sameina það besta.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 52.900

*Hefst 31. mars (13:00-16:00)*

**► DreamWeaver, Photoshop og Flash**

Sparaðu enn meira og taktu allan pakkann.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 69.900

*Hefst 5. mars (13:00-16:00) og 31. mars (13:00-16:00)*

### Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 74.900

*Morgunnám hefst 1. apríl (9:00-12:00)*

### Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara.

**Kennslugreinar:**

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikefið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. **Verð**: 59.900

*Nám hefst 26. mars (má./mið.16:15-19:15)*

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

**● Byrjendanámskeið**

Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 12.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

**● Stafræn ljósmyndun**

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*

**● Access**

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/26.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

**● Word**

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • *18 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 18.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 8.900*

**● Excel**

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 36.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

**● FileMaker**

FileMaker I: Byrjendanám • *9 stundir/verð 16.900*
FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • *13 stundir/verð 24.900*
FileMaker III: Forritun gagnagrunna • *27 stund/69.900*

**● PowerPoint**

PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stund/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

**● Outlook**

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

**● Publisher**

Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

**● Vefsíðugerð og Flash**

DreamWeaver vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
DreamWeaver og Photoshop • *54 stundir/verð 52.900*
DreamWeaver, Photoshop og Flash • *72 st./verð 69.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

**● Photoshop og Visio**

Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *27 stundir/verð 29.900*
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

## Gott að vita!

- ► VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ► **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- ► 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- ► Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ► Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Borgarstjórnarlægðin grynnist

## Sterk ríkisstjórn

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Á liðnum sex mánuðum hafa setið þrír borgarstjórar í Reykjavík. Sú lausung hefur eðlilega komið mest niður á Sjálfstæðisflokknum enda ber hann sinn hluta ábyrgðarinnar. Skoðanakönnun Fréttablaðsins í gær er á hinn bóginn vísbending um að á landsvísu hafi þetta verið tímabundin lægð.

Samfylkingin heldur þeirri uppsveiflu sem mældist í sambærilegri könnun fyrir mánuði. Þrátt fyrir efnahagsþrengingar á síðustu vikum sýnist ríkisstjórnin og þeir flokkar sem að henni standa bæta stöðu sína umtalsvert frá síðustu kosningum. Sú niðurstaða er verð skoðunar.

Ekki hefði komið á óvart að erfiðleikarnir sem borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna rataði í hefði haft langvinnari áhrif á flokkinn í heild. Hvers vegna gerist það ekki? Nærtækasta skýringin er sú að forysta ríkisstjórnarinnar hafi við erfiðar aðstæður, þar á meðal varðandi lausn kjarasamninga, sýnt fumleysi og öryggi. Það er einmitt við aðstæður eins og þessar sem ólíklegast er að menn ávinni sér traust með hávaðastjórnmálum.

Borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna kallaði sjálfur yfir sig gagnrýni og efasemdir um trúverðugleika og getur ekki kvartað undan því. En vera má að andstæðingarnir hafi á hinn bóginn ekki kunnað sér hóf og þjappað stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins saman með ofnotkun stóryrða. Það getur skýrt að hluta til að lægð hans er grynnri og tímabundnari en búast hefði mátt við.

Ákvörðun oddvita borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna um að sækjast ekki ákveðið eftir borgarstjórastólnum á síðasta ári kjörtímabilsins er skiljanleg í ljósi atburðanna. Hún viðheldur hins vegar um sumt óheppilegri óvissu. Sennilega væri sterkasti leikur borgarstjórnarflokksins í því fólginn að stöðva frekari hringdans um borgarstjórastólinn á þessu kjörtímabili í þeim tilgangi að bjóða borgarbúum upp á meiri festu. Til lengri tíma litið gæti slík stundarfórn aukið bæði traust og tiltrú.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins benti fyrr í vetur á að innan flokksins hefur verið reynt að grafa undan samstarfi hans við Samfylkinguna. Í því samhengi er athyglisvert að skoðanakönnunin sýnir að nærri 96% stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins styðja stjórnarsamstarfið. Það bendir til þess að gagnrýnendurnir hafi ekki næma tilfinningu fyrir því hvað fólkið telur landinu fyrir bestu. Til langframa geta stjórnmálaflokkar varla leyft sér að hafa annað viðmið.

Athyglisvert er að Framsóknarflokkurinn nær sér ekki á strik í stjórnarandstöðu. Lægðin sem flokkurinn lenti í við síðustu kosningar heldur einfaldlega áfram að dýpka. Skýringin gæti verið sú að línan að hugsanlegu pólitísku framtíðarhlutverki flokksins í flokkakerfinu fer ekki saman við þá línu sem forystumenn flokksins hugsa eftir. Misvísun af því tagi er ekki vænleg til árangurs.

Forystuflokkur stjórnarandstöðunnar, Vinstrihreyfingin – grænt framboð, heldur hins vegar þeirri sterku stöðu sem hann náði í kosningunum. Framtíðarvandi VG er hins vegar í því fólginn að næstu kosningar geta ekki snúist um ríkisstjórnina eða stjórnarandstöðuna. Ætli flokkurinn sér að komast í ríkisstjórn þarf hann að opna leiðir að öðrum hvorum stjórnarflokkanna. Engin merki eru í þá veru.

Að öllu virtu sýnast báðir stjórnarflokkarnir standa vel að vígi þrátt fyrir efnahagslegan mótbyr og erfiðleika Sjálfstæðisflokksins á vettvangi borgarstjórnar. Styrkur ríkisstjórnarinnar er þar af leiðandi ótvíræður.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Tölvunám

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða eru að vinna við tölvu og vilja auka við þekkingu sína hraða og færni. Mikið lagt uppúr vinnusparandi aðgerðum í tölvu.



- Windows skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Kennsla hefst 5. mars og lýkur 16. apríl (páskafrí 18. til 26. mars).
Kennt er mánudaga og miðvikudaga, morgunnámskeið
kl. 8.30 – 12 og kvöldnámskeið 18 – 21.30.
Lengd 63 std Verð kr. 44.900,- 3 kennslubækur innifaldar.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Beðið eftir Godot

Hamaganginum í borgarpólitíkinni hefur gjarnan verið líkt við farsa undanfarnar vikur. Nú þykir farsinn farinn að minna óþægilega á leikrit Samuels Beckett Beðið eftir Godot sem oftast er talið eitt merkasta verkið í leikhúsi fáránleikans. Í stað þess að bíða eftir Godot bíða menn nú og bíða eftir að eitthvað gerist og tekin sé ákvörðun. Líkt og í leikritinu góða er farsinn í Ráðhúsinu allur farinn að snúast um þessa endalausu og örvæntingarfullu bið og lausnin virðist alltaf vera rétt handan við hornið rétt eins og Godot sem við vitum þó öll að kemur aldrei.



### Leitað að leiðtoga

Námskeiðið Listin að vera leiðtogi er á dagskrá stjórnmálaskóla Sjálfstæðisflokksins 3. mars næstkomandi. Nú binda menn vonir við að borgarfulltrúar flokksins fjölmenni á námskeiðið og taki í kjölfarið ákvörðun um hver eigi að stjórna borginni þegar tími Ólafs F. Magnússonar er liðinn. Það vekur hins vegar athygli að enn hefur ekki verið skráður fyrirlesari á námskeiðið sem vekur spurningar um hvort enginn innan flokksins treysti sér til að kenna þessi fræði.



### Rólegt á blogginu

Lætin í kringum bloggið hans Össurar Skarphéðinssonar virðast í rénun enda hefur kappinn komist á skrið á lyklaborðinu síðan hann skrifaði hina umdeildu færslu um ungstirnið Gísla Martein. Á miðvikudaginn bloggaði Össur um mat sem verður að teljast frekar sakleysislegt og nýjasta færslan fjallar um Clinton og Obama sem skilja ekki íslensku og geta þar af leiðandi ekki farið í fýlu út af skrifunum.

thorgunnur@frettabladid.is

# Græðgi er vond

Ég heyrði Lárus Welding svara því í útvarpinu hvers vegna hann hefði fengið 300 milljónir að gjöf hjá Glitni þegar hann tók við forstjórastöðu þar af Bjarna Ármannssyni sem sjálfur fékk fyrir það framtak að hætta störfum upphæð sem mig skortir andlega burði að muna. Lárus muldraði um skaðabætur fyrir að hætta sem yfirmaður Landsbankans í Lundúnum og það umhverfi sem hann hefði verið í – og klykkti svo út með því að segja: „Banki er ekkert annað en mannauðurinn.“



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Ofurlaun

**Mannauðmenn allra landa...**

Forstjóragræðgi er vissulega alþjóðlegt vandamál og víða um lönd tíðkast ábyrgðarlaus fjáraustur til einstaklinga í toppstöðum – sem semja gjarnan hver við annan um laun og kaupréttarsamninga. Andófsmaðurinn Vilhjálmur Bjarnason hefur hins vegar bent á að erlendis séu kaupréttarsamningar tengdir árangri. En útlendingar eru víst ekki jafn snjallir í fjármálum og Íslendingar. Þeir halda til dæmis að íslenskir bankar standi illa. Það er ekki rétt. Þeir standa ekki illa. Þeir sem standa hins vegar illa eru útlensku bankarnir. Og geta því ekki haldið áfram að ausa peningum í íslensku bankana. Sem standa samt mjög vel. Hér á landi hefur sem sagt þótt dæmigerð útlensk þröngsýni að tengja kaupréttarsamninga við árangur. Menn hafa talið að íslenskir bankar mali sjálfkrafa gull og íslenskir viðskiptamenn hafi til að bera einhverja snilli umfram aðra. Manni skilst hálfpartinn að þessi íslenska sérgáfa í fjármálum sé til komin vegna einhvers Íslendingseðlis sem yfirleitt er tengt við víkinga. Samt voru nánast engir víkingar til á Íslandi, nema náttúrulega pappírsvíkingar.

En útrásin hefur hvað sem því líður verið hrífandi ævintýri. Og árangur sumra íslenskra viðskiptamanna hefur vissulega verið ótrúlega góður – en hann hefur líka verið ævintýralega vondur hjá öðrum. Hins vegar er vandséð sambandið á milli launakjara forstjóranna og árangurs þeirra í útrásinni. Ekki man ég betur en að sá sem mestu tapaði, Hannes Smárason, hafi jafnframt verið sá sem hæst fékk launin, og þegar ekki var með nokkru móti hægt að leyfa manninum að halda áfram að fjárfesta – enda búinn að tapa 67 milljörðum á síðasta ári – var hann leystur út með 90 milljónum, enda „banki ekkert annað en mannauðurinn“.

**Ef væri ég auðmaður...**

Ég segi það ekki. Það er örugglega gott að vera auðugur og hægt að veita sér margt ánægjulegt, búa í góðu húsi, láta kammersveit leika fyrir sig undir borðum, læra á þyrlu, eiga bát, safna frímerkjum... eiga góðar bækur og léleg fótboltalið. Auðsæld er líka góð fyrir samfélagið því að sannir auðmenn hafa unun af því að skapa, sjá eitthvað verða til úr fé sínu, styrkja góð málefni og borga mikla skatta. Og svo framvegis.

En græðgi er samt ekki góð, enda er ágirnd ein af dauðasyndunum sjö. Fyrir einstaklingin er ágirndin ákveðin tegund af taugaveiklun, skyld fíkn og brenglar dómgreindina. Hömluleysi í kaupréttarsamningum er ekkert virðingarverðara en til dæmis stjórnlaust lakkrísát eða túradrykkja; sá sem gefur sig græðginni á vald, hvort sem það er brennivín, peningar eða lakkrís, finnur um síðir til vansældar.

Græðgi eyðileggur líka orðstír manna. Upp að vissu marki vekur velgengni virðingu samferðarfólks, jafnvel öfundar- og óttablandna, en þegar menn eru farnir að skammta sér meiri laun en þeir komast yfir að eyða á þrjú hundruð árum með þeirri réttlætingu að þeir séu svo mikill mannauður – þá dofnar sú virðing. Og þegar menn hafa fyrirgert mannorði sínu með þessum oflaunum getur reynst erfitt að endurheimta það. Þá hætta vesalings auðmennirnir að geta umgengist venjulegt fólk en halda sig þess í stað í sínum hópi þar sem ríkir gagnkvæmur skilningur á gildi þess mikla mannauðs sem þeir séu.

Og þannig verður til stéttaskipting. Sérhverfi, sérskólar, sértilvera. Helsti kosturinn við íslenskt samfélag á 20. öldinni var félagslegur sveigjanleiki þess, stéttaflakkið. Sjálfur átti ég til dæmis forríkan langafa en gæfa mín var sú að eiga föður sem „braust til fátæktar“ eins og mig minnir að mín millistéttaræska hafi verið kölluð. Ég væri áreiðanlega alveg hörmulegur auðmaður.

Krafturinn í íslensku samfélagi er ekki síst vakinn af landlægum skorti á stéttarvitund. Virðingarleysið við „fínt fólk“ og steinrunna siði, einhver sérstök smáþjóðarsamkennd og löngun til að sanna sig: allt hefur þetta hjálpað mönnum í útrásinni frekar en eitthvert víkingseðli og allt er þetta til komið af því að tilheyra ekki hástétt.

Það er gott að menn séu ríkir og gaman þegar vel gengur en græðgi er ekki góð.

# Glannaleg vinnubrögð

**UMRÆÐAN**

Leikskólamál



BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR

Sama hversu mikið fárviðrið er á heimavelli stjórnmálamanna er ekki boðlegt að yngstu borgararnir sitji á hakanum á meðan nýr meirihluti hangir í óraunhæfum og þokukenndum hugmyndum.

Meirihluti leikskólaráðs samþykkti á fundi fyrir rúmri viku að í haust eigi fjórir grunnskólar Reykjavíkur að bjóða upp á sérstaka bekki fyrir fimm ára börn. En á mánudag hefst skráning nýnema í grunnskólans og lýkur á föstudag. Þrátt fyrir það hefur nákvæmlega ekkert verið ákveðið varðandi þetta verkefni meirihlutans. Ekki hvar, hvenær, hvernig eða hvers vegna í ósköpunum þetta verkefni núna? Félag íslenskra leikskólakennara hefur mótmælt harðlega og það ekki að ástæðulausu.

Fræðimenn hafa verið sammála um að leikur og skapandi starf í umhverfi leikskólans henti betur ungum börnum en það sem tillögur meirihlutans boða. Þá komst starfshópur leikskólaráðs að þverpólitískri niðurstöðu árið 2006, um að þessi hugmynd væri ekki vænleg. Auk þess sem kannanir sýna að 93% foreldra eru ánægð með leikskóla borgarinnar og sama hlutfall telur þörfum barna sinna vel mætt.

Þá er ekki að finna heimild í núgildandi lögum fyrir fimm ára bekkjum og slíkir bekkir myndu ekki bjóða upp á samfelldan skóladag eins og er í leikskólunum og allt að helmingi færri kennarar yfir á hvert barn. Ekki er til námskrá fyrir fimm ára bekki og ekki búið að ákveða hvert fimm ára börn fara að árinu loknu, í sex eða sjö ára bekk, ekki er vitað hvort markmiðið sé að flýta námi barna eða lengja grunnskólanám um ár, hvað þá hvert foreldrar eiga að leita upplýsinga.

Þótt sveigjanleiki á milli skólastiga sé af hinu góða hefur meirihlutinn hlaupið fram úr sér í þessu máli og virðist vera í einum allsherjar blindbyl. Málið er bæði illa ígrundað og engin haldbær rök eru fyrir þessum hamagangi. En enn bíða börn eftir leikskólavist vegna manneklunnar og hægagangs í uppbyggingu leikskólanna og á það verður fókusinn að vera stilltur.

*Höfundur er fulltrúi Samfylkingarinnar í leikskólaráði.*

vodafone

vodafone

Yfirlýsing frá Vodafone

# Vodafone er með stærsta GSM þjónustusvæðið á Íslandi

## Það er staðreynd

Vodafone hefur að undanförnu unnið markvisst að því að stækka þjónustusvæði sitt með uppsetningu nýs langdrægs GSM kerfis sem er hrein viðbót við eldra kerfi.
**Það er staðreynd.**

Nú er svo komið að viðskiptavinir Vodafone njóta GSM sambands á mun fleiri stöðum á Íslandi heldur en viðskiptavinir annarra símafyrirtækja.
**Það er staðreynd.**

Vodafone lætur ekki þar við sitja. Við höldum uppbyggingunni áfram og fyrir árslok mun samband um 50 nýja GSM senda nást langt á haf út umhverfis landið og víðast hvar á hálendinu.
**Það er staðreynd.**

Kynntu þér staðreyndir málsins. Skiptu yfir til Vodafone með einu símtali í **1414** – strax í dag.

Árni Pétur Jónsson

Árni Pétur Jónsson, forstjóri Vodafone.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**



**20. febrúar 2008**
GSM þjónustusvæði Símans
skv.siminn.is



**20. febrúar 2008**
GSM þjónustusvæði Vodafone

vodafone

**Nýtt langdrægt GSM kerfi**

# Stærsta GSM þjónustusvæðið

Vodafone er með **stærsta GSM þjónustusvæðið á Íslandi**. Það er staðreynd. Uppbyggingin heldur áfram. Skiptu yfir til Vodafone, án þess að skipta um símanúmer, með einu símtali í **1414** – strax í dag.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**



**1. desember 2008**
GSM þjónustusvæði Vodafone

**TENNESSEE WILLIAMS, LEIKSKÁLD, LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1983, 73 ÁRA AÐ ALDRI.**

*Við erum öll tilraunadýr á rannsóknastofu guðs. Mannkynið er bara hluti af tilrauninni.*

***Tennessee Williams var bandarískt leikskáld sem skrifaði meðal annars verkin Köttur á heitu blikkþaki og Sporvagninn Girnd.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST**: 25. FEBRÚAR 2003

## *Ríkið selur Landsbankann*

Fyrir fimm árum seldist síðasti hlutinn af eign ríkisins í Landsbankanum á tveimur mínútum. Þar með átti íslenska ríkið ekkert í Landsbanka Íslands lengur. Þetta var útboð upp á 640 milljónir og það voru Landsbréf sem sáu um útboðið.
Gengi þessara viðskipta var ákveðið 3,73 og voru hlutirnir afgreiddir í þeirri röð sem tilboð bárust. Ekki var sett hámark á einstök viðskipti og kláraðist skammturinn í tæplega 40 viðskiptum. Meðalhlutur var því ríflega sextán milljónir króna. Þetta var í annað sinn sem ríkið seldi eignir sínar á þennan hátt í gegnum viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Landsbréf sáu um sölu á um 20 prósenta hlut í Landsbankanum með þessari aðferð áður og reynslan af henni þótti góð en þau bréf seldust á parti úr degi sumarið 2002.



## MERKISATBURÐIR

**1570** Píus V páfi bannfærir Elísabetu 1. með páfabullunni Regnans in Excelsis.
**1920** Jón Magnússon verður forsætisráðherra Íslands í annað sinn og situr ríkisstjórn hans við völd í tvö ár.
**1942** Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er stofnuð.
**1944** Alþingi samþykkir einróma að sambandslögin um konungssamband Íslands og Danmerkur séu fallin úr gildi.
**1975** Ragnhildur Helgadóttir er fyrst kvenna kosin forseti Norðurlandaráðs á þingi þess í Reykjavík.
**1966** Bandaríska söngkonan Ella Fitzgerald kemur til Íslands og heldur tónleika í Háskólabíói.

## AFMÆLI



**ÞORSTEINN EGGERTSSON** tónlistarmaður og textahöfundur er sextíu og sex ára í dag.



**JÓN ÓLAFSSON** tónlistarmaður er fjörutíu og fimm ára í dag.



**SIGURÐUR B. STEFÁNSSON** hagfræðingur er sextíu og eins árs í dag.



**GUÐRÚN VILMUNDARDÓTTIR** leikhúsfræðingur er þrjátíu og fjögurra ára í dag.



†

*Elskuleg eiginkona mín,*

**Margrét Guðmundsdóttir**
Hveragerði,

er látin. Jarðsett verður í kyrrþey.

**F.h. fjölskyldunnar,**
**Sigmundur Bergur Magnússon.**



†

*Elskulegur sonur okkar og bróðir,*

**Hrafnkell Helgason**
Holtabyggð 2, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 25. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á LAUF, Landssamtök áhugafólks um flogaveiki.

**Helgi Kristjánsson** **Edda Guðmundsdóttir**
**Steinar Helgason**



†

*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Arnóra Friðrikka Salóme Guðjónsdóttir**
síðast til heimilis að Sléttuvegi 13
Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 17. febrúar sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 26. febrúar nk. kl. 14.00.

**Eiríkur Valdimarsson**
**Arnfríður H. Valdimarsdóttir** **Ólafur Árnason**
**Magnúsína G. Valdimarsdóttir** **Þór G. Þórarinsson**
**Sigurjóna Valdimarsdóttir** **Kristjón Sigurðsson**
**Arnór V. Valdimarsson** **Guðlaug Jónsdóttir**
**Páll G. Valdimarsson** **Soffía Gísladóttir**
**Sigurborg Valdimarsdóttir** **Jón Egilsson**
**Guðjón Valdimarsson** **Ólafía G. Einarsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

KVENNASÖGUSAFNIÐ LÝSIR EFTIR NÖFNUM VIÐ LJÓSMYNDIR

# Þekkir einhver þessar stúlkur?

Auður Styrkársdóttir er forstöðumaður Kvennasögusafns Reykjavíkur. Hún leitaði til Fréttablaðsins með visst erindi og við gefum henni hreinlega orðið:

„Árið 1930 voru svokallaðar Teofanimyndir í gangi. Teofani var sígarettutegund sem var flutt hingað inn. Það var árið 1929 sem nokkrir ljósmyndarar sendu myndir af ungum íslenskum stúlkum og konum til innflytjanda þessara sígarettna og eflaust að beiðni hans. Þetta voru 50 myndir sem voru settar inn í sígarettupakkana og síðan áttu kaupendur sígarettnanna að senda inn bréf um það hvaða stúlka þeim þætti fallegust. Auðvitað var þetta til að auka söluna. Ef einhverjum tækist að safna öllum 50 myndunum var í boði útsýnisflugferð yfir Reykjavík. Þann vinning hreppti hinn 14 ára gamli Örn Johnson. Hann var þó ekki reykingamaður heldur hafði hann setið um tóma pakka til að safna myndunum. Hann fékk að fara í þessa 15 mínútna flugferð og kannski hefur hann smitast þá af flugbakteríunni. Að minnsta kosti varð hann einn af frumkvöðlum flugsins á Íslandi.

En aftur að keppninni. Úrslitin voru tilkynnt á Alþingishátíðinni á Þingvöllum. Þó var það atriði ekki eitt af þeim sem kynnt voru í prentaðri dagskrá heldur var þeim haldið einhvers staðar til hliðar. Svo birti Fálkinn nöfn þriggja efstu stúlkna í þessari kosningu í næsta tölublaði á eftir. 1. verðlaun voru 500 krónur, 2. verðlaun 200 krónur og 3. verðlaun 100 krónur. Þetta var dágóð upphæð í þá daga. Svo birtust viðtöl við þær í DV 1982.

Við höfum sem sagt nöfn á þeim stúlkum sem urðu í þriðju efstu sætum keppninnar. Síðan hefur okkur tekist að hafa uppi á nöfnum tveggja í viðbót, annarri þeirra með hjálp Fréttablaðsins. Það kom þannig til að verið var að rífa innan úr gamla Ríkinu (Pósthúsinu) á Seyðisfirði og með frásögn af því birtist mynd sem fannst á milli þilja. Þar var komin ein af þessum Teofani-stúlkum og ömmubarn hennar bar kennsl á hana.

Við eigum allar þessar 50 myndir og þær eru líka til á Þjóðminjasafninu en nöfnin vantar. Nú er spurningin hvort Fréttablaðið vilji ekki birta eina og eina mynd eða tvær og spyrja: „Þekkir þú þessa konu?“ Vonandi þekkja einhverjir móður sína eða ömmu á þeim. Þeir eru góðfúslega beðnir að hafa samband við Kvennasögusafnið í síma 525-5779 eða í tölvupósti á netfangið audurs@bok.hi.is Við yrðum afar þakklát fyrir alla aðstoð í þessu sambandi.“

gun@frettabladid.is



**ÓÞEKKTAR STÚLKUR.** Auður með myndirnar sem flestar eru ómerktar. Á næstu dögum og vikum mun Fréttablaðið birta eina og eina mynd á Tímamótasíðunni með spurningunni: Þekkir þú þessa stúlku? FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÞEKKIR EINHVER ÞESSA STÚLKU?



ÞEKKIR EINHVER ÞESSA STÚLKU?



Hildur Grímsdóttir varð í fyrsta sæti og hlaut 500 krónur að launum.



Alfa Hraundal varð í öðru sæti.



Sigurbjörg Lárusdóttir varð í þriðja sæti.

# ÚTSALA
## HEILSÁRSDEKK
**Ath! takmarkað magn**




| Dekk | Stærð | | Áður | Tilboð |
|---|---|---|---|---|
| NordMaster ST | 13" | 175/70R 13 | ~~5.990,-~~ | 3.990,- |
| NordMaster ST-310 | 14" | 185/65R 14 | ~~6.900,-~~ | 4.900,- |
| NordMaster ST | 15" | 195/65R 15 | ~~7.990,-~~ | 5.990,- |
| NordMaster ST | 15" | 205/65R15 | ~~8.600,-~~ | 7.600.- |
| NordMaster ST | 15" | 205/70R 15 | ~~8.900,-~~ | 7.900,- |
| NordMaster ST-310 | 16" | 205/55R 16 | ~~9.990,-~~ | 8.900,- |

**Stilling**
www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnisgata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000




Þórunn Þórðardóttir fasteignasali ásamt syni sínum Andra Þór Arnarsyni í sófanum góða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Persónuleg einkenni gera heimili að heimili

***Í hvítum sófa í Grafarvogi slást falleg mæðgin um tunguna sem svo gott er að hvílast í. Sá slagur endar oftast í bróðerni og góðum skiptum.***

„Ég var búin að leita víða að þægilegum og fallegum sófa og fann loks þennan dásamlega hvíta tungusófa í Línunni,“ segir Þórunn Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali hjá RE/MAX Íslandi, þar sem hún lætur fara vel um sig í þeim húsbúnaði heimilisins sem hún hefur mest dálæti á.

„Mér finnst ótrúlega gott að slappa af í tungunni eftir annasaman dag. Þarna er ég með sjónvarpið mitt, kaffibollann og Fréttablaðið og sofna gjarnan yfir sjónvarpinu sem er auðvitað allra besta slökunin,“ segir Þórunn hlæjandi, en sonur hennar á unglingsaldri ásælist einnig tunguna mjúku.

„Við sláumst oft um tunguna en oft fara leikar þannig að við liggjum þar saman og horfum á fótbolta þótt hann sé orðinn þrettán ára og 180 sentimetrar á hæð. Þannig má segja að tungan sameini okkur,“ segir Þórunn sem í starfi sínu fer inn á óteljandi heimili íslenska lýðveldisins.

„Mér finnst hlýleiki skipta mestu þegar inn í hýbýli fólks er komið, en þegar kemur að innra skipulagi spái ég mest í eldhús og bað og hér heima var það sólrík borðstofan sem heillaði mig upp úr skónum. Persónuleg einkenni eru það sem gerir heimili að heimili og hjá mér er allt ljóst í blönduðum gamaldags og nútímalegum stíl. Eini fornmunurinn er rokkur sem áður var í eigu langömmu, ömmu og svo mömmu en stendur nú í stofunni hjá mér,“ segir Þórunn sem tók löggildingu fasteignasala árið 2000 og nýtur starfsins mjög.

„Í þessum bransa kemst maður fyrstur í námunda við töfrandi húsnæði og ég sem hrifnæm manneskja hef samstundis fallið fyrir slíku og gert tilboð daginn eftir. Starfið er bæði skemmtilegt, fjölbreytt og lifandi, en líka annasamt og á köflum erfitt. Þá er gott að koma heim og eiga góðan sófa til afslöppunar, en ég er afar heimakær. Það jafnast ekkert á við það að koma heim í sitt afdrep og eiga kósí stundir með syninum í sófanum.“

*thordis@frettabladid.is*




# Besti afþreyingarvefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu **visir.is** besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgripsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útvarpsefni, sjónvarpsefni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins.“

visir.is
...ég sá það á visir.is




Sjá vef Samtaka vefiðnaðarins – svef.is

**Gólfmottur** má fríska upp á með því að skella þeim á hvolf út í snjóskafl. Dusta þær svo duglega áður en þær eru teknar inn aftur.



# Verði ykkur að góðu

***Sú athöfn að borða er í hugum okkar flestra í fastmótuðum skorðum.***

Venjulega setjumst við niður og notum ákveðin áhöld til að veiða upp úr pottum og til að matast með. Kimberly Hu er ungur vöruhönnuður sem býður upp á skemmtilega sýn á matmálstímann.

Í verki sínu „Dinner Theater“ sem gæti útlagst sem kvöldmatarleikhús, brýtur Kimberly Hu alla borðsiði. Borðbúnaðurinn er í raun sjálfur til átu. Ljósakrónan er gróft brauð, volgt af hitanum frá perunni. Gestirnir brjóta sér bita af ljósakrónunni og dýfa í smjörkertið sem logar á miðju borði. Aðalrétturinn er skál úr hrísgrjónum sem hægt er að fylla með grænmeti og hverju sem er og eftirrétturinn er diskamottan sem er í rauninni súkkulaðikaka.

Hönnun snertir alla þætti okkar daglega lífs, matinn líka og þetta verkefni er hressandi sjónarhorn á matartímann.

Hægt er að skoða nánar kvöldmatarleikhúsið og nálgast uppskriftir á www.kimmu.com

*heiða@frettabladid.is*



Diskamottan er í raun þykk og ljúffeng súkkulaðikaka.



Ljósakrónan er úr brauði sem helst volgt í hitanum frá perunni.



Kvöldmatarboðið verður alveg ný upplifun þegar borðbúnaðurinn er til átu.



Nýi blái liturinn á pottunum frá Le Creuset er mjög sérstakur og heillandi. Gaman getur verið að blanda saman litum.

# Heiðblátt á eldavélina

***Le Creuset er heimsþekkt vörumerki í pottum, pönnum og eldföstum mótum. Emaleraðir og litríkir gripirnir hafa sérstakt og fallegt útlit en eru þó klassískir.***

Margir safna pottum frá Le Creuset sem eru löngu orðnir klassískir. Líflegir litirnir færa með sér sígildan, franskan stíl sem lífgar upp á öflugt, steypt járnið. Hitinn breiðist jafnt út í emalerað járnið hvort sem pottarnir og mótin eru notuð í ofni, á grilli eða hellu. Þetta eru pottar sem endast vel og lengi og erfast jafnvel manna á milli.

Hver gripur er steyptur í sandmót sem er bara notað einu sinni og hentar hvers konar eldavélum. Þessi nýi grænblái litur fæst einungis hjá John Lewis-verslunum en þær eru einnig með vefverslun á www.johnlewis.com. og má finna hina grænbláu Le Creuset-línu undir heitinu „Teal Le Creuset Range“. Einnig fást keramikdiskar í sama lit.

Nánari upplýsingar um Le Creuset-vörurnar má finna á heimasíðu fyrirtækisins www.lecreuset.com en verslunin Búsáhöld í Kringlunni er með vörur frá Le Creuset á boðstólum. *-hs*

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.strond.is
STRÖND EHF.

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

UMBROT

Tökum að okkur að setja upp prentverk, stór sem smá. Auglýsingar, bækur, blöð, dreifibréf, fréttabréf, fermingarkort, gjafakort, nafnspjöld, tímarit og hvað eina sem þarf að prenta.

AUGLÝSINGAR

Útbúum auglýsingar í alla prentmiðla.

Einnig skjá-, strætisvagna- og skiltaauglýsingar.

Láttu þínar upplýsingar sjást.

FRUM
Grensásvegi 12A
108 Reykjavík

sími: 568 1000// frum@frum.is// www.frum.is

GEZE

Rennihurðabrautir
Fyrir vegghengdar glerhurðir



JÁRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-www.jarngler.is



Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.

Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.

G. PÁLSSON EHF.
Símar 462 – 2272 og 896 - 0423


# Valsað ál fyrir þök og veggi
Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum
ALCAN Novelis
Ál er okkar mál
ÁLTAK
Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is
bazooka!!


# fasteignir

25. FEBRÚAR 2008


SÖLUSÝNING Í KVÖLD
KL. 19.30 - 21.00

RE/MAX Lind
Þórarinn Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteignasali

**Hestavað 1-3 og 5-7,** *110 Reykjavík*
Verð frá 27.300.000 kr.
Glæsilegar íbúðir – afhent bæði fullbúið og styttra komið.




**Ásakór 13-15,** *203 Kópavogur*
Verð frá 26.700.000 kr.
Glæsilegar íbúðir – afhent bæði fullbúið og styttra komið.




Verðmetum fyrir þig!
www.boas.is
Hringdu núna 699 6165
RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500




Íbúðin er á annarri hæð í nýlegu fjölbýli við Gullengi.

# Glæsileg íbúð í Gullengi

**Fasteignasalan Stakfell hefur til sölu glæsilega 4-6 herbergja íbúð í fjölbýli.**

Íbúðin er 132 fermetrar á annarri hæð í þriggja hæða fjölbýli við Gullengi. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Komið er inn í góða forstofu/anddyri með steinflísum á gólfi og fataskáp, þaðan er komið inn í samliggjandi stofu/borðstofu og eldhús. Fallegt eikarparket er á gólfum. Útgengi er úr stofu út á stórar suðursvalir. Í eldhúsi er gott skápapláss, eyja með helluborði og háfi og nýr ísskápur fylgir. Í eldhúsrýminu er flísalagt gólf og flísalagt milli skápa. Í miðrými íbúðarinnar er stórt sjónvarpshol. Fjögur svefnherbergi eru í íbúðinni, þrjú góð barnaherbergi með skápum og mjög rúmgott hjónaherbergi með góðum skápum. Baðherbergið er með sturtu og snyrtilegri innréttingu og steinflísum á gólfi. Gluggi er til suðurs í baðherbergi. Flísalagt þvottahús innan eignar með glugga.

Á jarðhæðinni er hjóla- og vagnageymsla og rúmgóð sérgeymsla. Sameiginlegur garður með leiktækjum. Björt og glæsileg eign með sérinngangi af svölum.

Söluverð er 33.900.000 krónur.





Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ AÐEINS 4,7%
Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 10.1.2008.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á frjalsi@frjalsi.is til að kynna þér málið nánar.

FRJÁLSI
Fíton/SÍA

**100% fjármögnun — Engin útborgun!**



Frum

Til sölu alveg **ný 4 stórglæsileg raðhús á Costa Blanca** ströndinni á Spáni með mögulegri 100% fjármögnun. Húsin eru staðsett í **Cabo Roig hverfinu** sem er á hinu þekkta **Torreviejasvæði á Spáni.** Húsin standa við götu sem er með svokölluðu grænu svæði fyrir framan, sem þýðir að **ekkert verður byggt fyrir framan húsin**, og sameiginlegri sundlaug hinum megin sem er sérlega smekkleg. Margir íslendingar hafa fest kaup á húsum í þessum kjarna sem segir ansi margt um gæði þessara húsa.

**Stærð: 110 fm.** Í þessum húsum eru 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi, eldhús, stofa, tvennar svalir, verönd og þakverönd með miklu **útsýni til sjávar**. Sameiginleg sundlaug og bílastæði undir húsunum innifalið í verði.

Þegar fólk kemur í skoðunarferð og af kaupum verður borgum við fyrir **tvo aðila bæði gistingu og flug við afsal hússins.** Mögulegt er að fá **allt kaupverðið lánað** til 30 ára hjá spænskum banka.

Öll gögn um verðmat liggja fyrir.

***Verð: 185.000 €***

***Verð: 235.000 € (hornhús með stórri lóð 207,7 fm).***

Costa blanca.is

www.costablanca.is www.golf-houses.com

Bjarni 0034-663326472 // bjarni@costablanca.is • Ívar 0034-606743181 // breytling@hotmail.com



Hert gler ...í milliveggi

Íspan GLER OG SPEGLAR

Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is

**Hólmsheið B-21**
108 Reykjavík
Hestamenn...Hestamenn

**Stærð: 170 fm**
**Fjöldi herbergja: 0**
**Byggingarár: 0**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Fasteignir





**Grunnur að hesthúsi** **Verð: 9.900.000**

Grunn að 20 hesta húsi að Hólmsheiði.Húsið á að samanstanda af 103fm hesthúsi og 36,4fm hlöðu,baðherbergi reiðtygjageimslu og kaffistofu á efri hæð. Komnir eru sökklar og búið að steipa plötu.Búið er að smíða alla glugga og fylgja þeir með. Skift var um jarðveg í allri lóðinni sem er um 1000fm.Teikningar og allar nánari upplýsingar á skrifstofunni.


Ingi Már
Sölufulltrúi
**821 4644**
ingim@remax.is


Stefán Páll
Lögg. fasteignasali
stefanp@remax.is

**RE/MAX Fasteignir - Engjateig 9 - 105 Reykjavík - Sími: 5788800 - www.remax.is**

**SÉRVALDAR VÖRUR TIL BYGGINGA!**




Svalalokanir
SUNFLEX
Álklæðningar
Promoclad
Bílskúrshurðir
novoferm
Iðnaðarhurðir

Sérpöntum einnig flest allar vörur til bygginga

**Global Ice ehf.**
**Krókhálsi 5a 110 Rvk** **S.578-8899**
**www.globalice.is - globalice@globalice.is**




# Danfoss ofnhitastillar

## Háþróuð og notendavæn hitastýring sem veitir þægilega húshitun og hámarks orkusparnað

## Við erum leiðandi í framleiðslu ofnhitastilla

**Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins**



## 112 Reykjavík: Parhús á tveimur hæðum

### Vættaborgir 16: Frábært útsýni

**Fasteignasalan** Domus hefur til sölu glæsilegt 152,4 fermetra parhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr með góðu geymslulofti. Stór og vandaður pallur er fyrir framan húsið á þessum útsýnisstað í Grafarvogi.

**Lýsing:** Húsið er á tveimur hæðum. Gengið er inn um sérinngang á efri hæð sem skiptist í forstofu með flísum á gólfi og skáp. Borðstofan er björt með gegnheilu eikarparketi á gólfi, þar er útgengt út á svalir með fallegu útsýni. Eldhúsið er opið í stofu, allir efri skápar úr kirsuberjaviði og þeir neðri eru sprautulakkaðir. Í eldhúsinu er gaseldavél. Á neðri hæð hússins eru tvö herbergi, annað hjónaherbergi sem er mjög rúmgott með gegnheilu eikarparketi á gólfi og fataskáp úr kirsuberjaviði. Þar er útgengt út í garð. Hitt er barnaherbergi sem er rúmgott með eikarparketi á gólfi. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf. Klósettið er upphengt og þar er hornbaðkar ásamt sturtu. Sjónvarpsherbergið er með gegnheilu eikarparketi á gólfi en auðvelt er að breyta því svefnherbergi. Á neðri hæðinni er einnig þvottahús með flísum á gólfi og þar eru hillur og skápur. Húsið er nýmálað að utan og stór og fallegur sólpallur er fyrir framan húsið. Stutt er í skóla, leikskóla og í alla almenna þjónustu.

**Söluverð** eignarinnar er 46.900.000 krónur.

NESEIGNIR

# Sími 535 0200

www.neseignir.is



**Kári Kort**
gsm: 892 2506
kari@neseignir.is



**Gunnar Valdimarsson**
lögg. fasteignasali
og viðsk.fræðingur
gsm: 895 7838
gunnar@neseignir.is

FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

## OPIÐ HÚS alla vikuna kl. 12-13
## Stamphólsvegur 3 – Grindavík


Frum

## Sjáið stórglæsilegar nýjar íbúðir







**Neseignir kynna í einkasölu 22 íbúðir sem staðsettar eru á frábærum stað í Grindavík**

- ✔ **Um er að ræða 2ja, 3ja, 4ra og 2 „penthouse“ íbúðir með ómótstæðilegu útsýni.**
- ✔ **Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna skvæmt skilalýsingu**
- ✔ **Möguleiki er á allt að 95% fjármögnun.**

**Allar nánari upplýsingar gefnar á skrifstofu**

***Neseigna og í síma 535 0200 / Kári Kort í síma 892 2506***

**Gunnar Valdimarsson**, lögg. fasteignasali



# Þingvað 37-59
## Norðlingaholti

- Húsin skilast fullbúin að utan og tilbúin til innréttinga að innan*
- Lóð verður fullbúin, tyrfð og hellulögð bílaplön og gönguleiðir
- Sameiginlegur garður frágenginn
- Hiti í bílaplani
- Gólfhiti í húsum

*fullmálað ásamt frágengnu rafmagni*

| Hús nr. | Stærð | Bílskúr | Verð | Afhending |
|---|---|---|---|---|
| Þingvað 37 | 177,3m² | 23,9m² | 51,9 Millj. | Maí 2008 |
| Þingvað 39 | 177,3m² | 26,3m² | 50,9 Millj. | Maí 2008 |
| Þingvað 41 | 177,3m² | 26,4m² | 50,9 Millj. | Apríl 2008 |
| Þingvað 43 | 177,3m² | 26,2m² | 52,4 Millj. | Apríl 2008 |
| Þingvað 45 | 177,4m² | 26,2m² | 51,9 Millj. | Mars 2008 |
| Þingvað 47 | 177,4m² | 26,2m² | 51,9 Millj. | Mars 2008 |
| Þingvað 49 | 203,8m² | 26,8m² | 59,5 Millj. | Árslok 2008 |
| Þingvað 51 | 203,8m² | 26,8m² | 58,8 Millj. | Árslok 2008 |
| Þingvað 53 | 177,6m² | 59,7m² | 59,5 Millj. | Árslok 2008 |
| Þingvað 55 | 177,3m² | 23,9m² | 51,9 Millj. | Haust 2008 |
| Þingvað 57 | 177,3m² | 23,9m² | 50,9 Millj. | Haust 2008 |
| Þingvað 59 | 177,1m² | 51,9m² | 58,8 Millj. | Haust 2008 |



TIL SÖLU









**Sjá nánar: www.kjarnibygg.is**
- Grunnteikningar
- Myndir
- Skilalýsing
- Söluaðili
- Teikningar
- Umhverfið

**Allar upplýsingar eru veittar á byggingastað hjá byggingastjóra, Eyþóri Á. Eiríkssyni s 567-2300 / 897-2780 eða á skrifstofu félagsins Hátúni 6a, 105 Reykjavík s 512-1223**

KJARNI BYGGINGAR EHF

www.inhouse.is

Kjarni Byggingar ehf - Hátúni 6a - 105 Reykjavík - s: 512 1223





# Valsað ál fyrir þök og veggi

**Fegurð, mýkt, ending**
**Fæst í 12 litum**

ALCAN Novelis

**Ál er okkar mál** ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazooka!!

# EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

**Sími: 588 9090**

Síðumúla 21 - www.eignamidlun.is - eignamidlun@eignamidlun.is - Fax: 588 9095

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

## NORÐURBAKKI 23 OG 25, HAFNARFIRÐI



Glæsilegar íbúðir á frábærum stað við sjávarsíðuna með mögnuðu útsýni. Húsið er teiknað af Birni Ólafs. Um er að ræða 2ja-4ra herbergja fullbúnar íbúðir með gólfefnum. Allt að 95% lán frá seljanda.
Húsið er teiknað er Birni Ólafs.

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-18.00**

## SÓLEYJARRIMI - FALLEGT ÚTSÝNI





Glæsilegt 210 fm (þ.a. er bílskúr 29,9 fm) raðhús byggt árið 2006. Eignin skiptist m.a. í þrjú svefnh., fatah., tvö baðh., tvær stofur og eldh. Allar innréttingar og gólfefni er mjög vandaðar. Örstutt er í leik og grunnskóla. **V. 56,9 m.** 7349



**Bergþórugata - til standsetningar.** Hér er um að ræða heilahúseign sem er sambyggið annað hús. Húsið er kjallari, tvær hæðir og ris. Húsið er skv. FMR 206,6 fm en þar af eru 42,9 fm í kjallara sem er með lítilli lofthæð (um 1,70-1,80). Risið er hins vegar óskráð en gólfflöturinn er rúmir 80 fm en töluvert undir súð **V. 45,0. m.** 7360



**Ólafsgeisli - Glæsilegt útsýni**
Fallegt og velstaðsett tvílyft 200 fm raðhús í fremstu röð við Ólafgeisla með óviðjafnanlegu útsýni yfir Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu, borðstofu, sjónvarpsherbergi, fjögur herbergi, þvottahús, baðherbergi og geymslu. Einstakt útsýni. Frábært skipulag. Garðurinn snýr til suð-vesturs. Mjög sólríkur. 7368



**Sólheimar- þarfnast viðhalds**
Vel skipulögð 104,9 fm íbúð á 10. hæð með mjög miklu útsýni. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús, hol. 2 til 3 herbergi og stofu. **V. 22,5 m.** 7364

## LANGALÍNA 10-14 - GARÐABÆ - OPIÐ HÚS



Glæsilegar íbúðir í þremur húsum á sjávarlóð í Sjálandi. Íbúðirnar eru 3ja herb. frá 120 fm. Lyfta er í húsunum frá bílakjallara. Húsin eru hönnuð af Birni Jóhannessyni. Glæsilegt útsýni.

**ÍBÚÐIRNAR VERÐA TIL SÝNIS Í DAG MÁNUDAG FRÁ 17.00-18.00.**

## GRÆNAHLÍÐ - ARINN





6 herb. 148,2 fm á 3. hæð (efstu) ásamt 36,3 fm bílskúr. Hæðin skiptist í hol, stórar stofur með arni, 4 herbergi, eldhús, baðherbergi, þvotthús og gestasnyrtingu. **V. 45 m.** 7372

## LANGABREKKA 18 - SÉRHÆÐ





Mjög björt og vel skipulögð 125,9 fm efri sérhæð ásamt 24,5 fm bílskúr, samtals 150,4 fm í fallegu og vel viðhöldnu tvíbýli. **V. 38,9 m.** 7359

Frum



**Strandgötu 29 Akureyri**
**Símar: 464 9955 • Fax: 464 9956**

FASTEIGNASALAN BYGGÐ
*Traust fasteignasala!*

**www.byggd.is**

## Borgarhlíð 6a



Einstaklega glæsilegt endaraðhús, byggt á fjórum pöllum. Eignin samanstendur af fimm svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, sjónvarpsstofu, borðstofu, stofu, eldhúsi, rúmgóðu þvottahúsi og geymslu. Innangengt er í 39 fm. bílskúr. Útganga er úr sjónvarpsstofu á hellulagðan pall til vesturs. **Verð 41 m. kr.**

## Holtagata 1



Mikið endurnýjað 269 fm. einbýlishús á frábærum stað. Eignin skiptist í ris, hæð og kjallara. Búið er að endurnýja hæð og kjallara á vandaðan hátt. Íbúð í kjallara er alveg sér og hentar því mjög vel til útleigu. Auk þess er möguleiki á að leigja út ris. **Verð 41,5 m. kr.**

## Grenilundur 2



Mjög góð og vönduð 104 fm. efri hæð í fjórbýlishúsi á eftirsóknarverðum stað á Akureyri. Íbúðin er lögð vönduðum gegnheilum flísum og með gólfhita. Stutt í náttúruperlu og gólfvöll. Mjög hagstæð lán fylgja eigninni. **Verð 23 m. kr.**

## Möðruvallastræti 6



Mikið endurnýjað 2. hæða 5-6 herbergja einbýlishús miðsvæðis í grónu hverfi á Akureyri. Húsið er 162 fm. að stærð. Göngufæri við grunn og farmahaldsskóla, sundlaug og miðbæ o.fl. **Verð 29,5 m. kr.**

**Björn Guðmundsson, löggiltur fasteignasali**

Frum



# Masa International
er leiðandi fasteignasala á Spáni.









MASA International býður upp á ýmsa fjárfestingarkosti fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Spáni og víðar.
Hringdu í síma 587-1600 eða 896-1067 og fáðu frekari upplýsingar og/eða bókaðu kynningu á skrifstofu okkar að Háholti 14, Mosfellsbæ.

Jón Bjarni Jónsson 896-1067 • Jónas H. Jónasson 862-4502 Líttu við og kannaðu málið!



Kjöreign ehf

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
**OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17**
**Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali**

**FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is**

## HÁBÆR, 110-REYKJAVÍK



Gott eldra einbýlishús sem er hæð og kjallari með innbyggðum bílskúr. Eignin er alls 126,0 fm. Húsið var byggt 1940 og viðbygging árið 1958 og bílskúr 1969. Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu, skóla og útivist. Stór 716 fm lóð sem býður uppá mikla möguleika fyrir stækkun. Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð. Stór og gróin lóð við húsið, timburskjólveggir og auka bílastæði. **Verð 42,0 millj.**

**Upplýsingar veitir Ólafur Guðmundsson, sími 896 4090**

**Kristinn Valur Wiium Sölumaður, sími: 896 6913** | **Ólafur Guðmundsson Sölustjóri, sími: 896 4090**

Frum

EIGNAMIÐLUN SUÐURNESJA
GRINDAVÍK
SÍMI 426-7711 - OPIÐ FRÁ 10.00-17.00

Snjólaug K. Jakobsdóttir
Viðskiptafr. og Lögg. fasteignasali

Ingimar H. Waldorff
Viðskiptafr. og sölumaður

Víkurbraut 46 - 240 Grindavík - www.es.is

## Laut 33, Grindavík



Glæsilegt 131,4 ferm einbýlishús ásamt 22,5 ferm bílskúr. 3 svefnherb. stofa, borðstofa. Möguleiki er á 4ja svefnh. Eikarparket og flísar á gólfi. Stofur og svefnherb. með eikarparket. Flísar á eldhúsi, baðherb. og forstofu. Glæsileg kirsjuberjainnréttingar í eldhúsi og baðherbergi. Bílskúr einnig flísalagður. Stórt geymsluloft í bílskúr.
**Verð 33.800.000,-**

## Blómsturvellir 2, Grindavík



Snyrtilegt einbýlishús ásamt bílskúr 176,4 ferm . Mikið endurnýjað. 4 svefnherb. Nýtt parket að hluta. Nýjar neysluvatnslagnir. Nýtt baðherbergi.
**Verð 29.900.000,-**

## Vesturhóp 26, Grindavík



Flott nýlegt 98 ferm parhús ásamt 25,8 ferm bílskúr. 2 stór svefnherb. Eikarparket og steingráar flísar á gólfi. Eikarinnréttingar í eldhúsi, baðherbergi og í skápum inn í svefnherb. Halogen í lofti. Loft tekið upp í sperru. Hellulagt plan með hitalögn.
**Verð 26.500.000,-**

## Ásabraut 5, Grindavík



Fallegt talvert endurnýjað einbýlishús/tvíbýli á tveimur hæðum. Ásamt nýlegum 61 ferm bílskúr. Í dag er húsið tvær íbúðir.
**Verð 30.000.000.-**

## Litluvellir 7, Grindavík



90,7 ferm. raðhús ásamt 25,8 ferm bílskúr byggt 1985. 2 svefnherb. stofa, baðherb. innangegnt frá íbúð inn í bílskúr. Eining fyrir þvottavél og þurrkara inn í bílskúr. parket á svefnherb. og stofu. Flísar á eldhúsi, gangi og baðherb. **Verð 19.400.000,-**

## Leynisbraut 12a, Grindavík



Mjög gott 103,5 ferm. parhús. Húsið skiptist í eldhús, bað, 2 svefnherb. þvottahús og geymslu. Á forstofu eru flísar. Plastparket er á stofu og herbergjum, flísar á baði. Eldhúsinnrétting, keramikborð, ofn og vifta. Á baði eru flísar á gólfi, hvít innrétting og baðkar með sturtu. Góður staður, vinsælar eignir.
**Verð 18.500.000,-**

## Vesturhóp 7, Grindavík



Nýtt parhús 118,5 ferm. ásamt 42,3 ferm. bílskúr. 3 svefnh. Parket á allri eigninni nema flísar á baði, forst. og þv.herb. Í eldhúsi er kirsuberjainnrétt. Hiti í gólfum. Skipti koma til greina á eign í Reykjavík eða t.d. á sumarhúsi. Áhvílandi um 18 millj. hjá Íbúðalánasjóði og í kringum 4.1 millj. hjá Sparisjóði. **LAUST STRAX**
**Verð 33.000.000,-**

## Arnarhraun 15, Grindavík



Mjög fallegt parhús 139 fm með bílskúr. 3 rúmgóð svefnh., en rýmið er mjög vel nýtt í húsinu. Lóðin er grófjöfnuð. Búið er að gera ráðstafanir til að hafa hita í bílaplani og setja affalssrör og vatnslögn fyrir heitan pott. Grindverk allan hringinn. Einnig er búið að gera ráð fyrir sólskála. Varmaskiptir er í húsinu. Gott lán getur fylgt með. **Verð 27.5000.000,-**

## Ásabraut 14, 0203, Grindavík



Nýlegt 88,2 ferm íbúð í fjölbýlishúsi með sérinngangi. Stofan og eldhús í opnu rými. Eikarparket á gólfum í 2 svefnherbergjum og stofu. Gráar flísar á baðherbergi, geymslu og forstofu. Öll ljós fylgja og ísskápur.
**Verð 18.300.000,-**

## Laut 16, 0106, Grindavík - NÝTT



Húsið er steyptar einingar frá Einingarverksmiðjunni Borg. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna. Innréttingar, fataskápar og hurðir eru að vali kaupenda eik, mahóní eða lakkað hvítt. Húsið verður steinað að utan. Lóð verður tyrft og bílaplan malbikað. Húsið er mjög vel staðsett nálægt skóla og leikskóla. 4 herb., 107,9 fm.
**Verð 19.500.000,-**

## Baðsvellir 1, Grindavík



Mjög falleg 134 ferm einbýlishús ásamt 34 ferm bílskúr. 4 svefnherb. 2 baðherb. sjónvarpshol. Nýtt járn á þaki, nýjar neysluvatnslagnir. Forhitari. Hiti í plani. Sólpallur með heitum potti.
**Verð 29.500.000,-**

## Staðarhraun 41, Grindavík



Flott 114 ferm raðhús ásamt 28,3 ferm bílskúr. 3 svefnherb. Stofa og borðstofa. Ris tekið upp. Nýlegt parket og flísar á hluta. Einnig nýlegt neysluvatnslagnir að hluta. Nýlegur pallur með nýjum heitum potti. Flottur garður.
**Verð 24.500.000,-**

## Sunnubraut 5 eh, Grindavík (Jaðar)



53 ferm efri hæð í tvíbýli. 2 svefnherb. stofa, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Nýbúið að taka eldhúsið allt í gegn, ný innrétting og tæki. Gaseldavél. Nýbúið að skipta um neysluvatnslagnir, heitt og kalt. Geymsla sem hægt er að nýta sem svefnherb.
**Verð 11.200.000,-**

## Vörðusund 1, Grindavík



Nýtt iðnaðarhúsnæði, stálgrindarhús einangrað og klætt að innan. Vegghæð 4,75 m Mænishæð 6,95 m Innkeyrsluhurð 4m há. Hiti í gólfi, slípuð gólfplata. Lóð grófjöfnuð ferm. 167,4
Verð kr. 16.000.000,-

## Hafnargata 28, Grindavík



Til sölu mjög gott 1379,3 fm atvinnuhúsn. Eignin er á góðum rétt hjá höfninni. Á fyrstu hæð eignarinnar er flott fiskvinnsluhús með góðan vinnslusal með kæli. Einnig á neðri hæð er skrifstofur með parketi, aðstaða fyrir starfsfólk. Efri hæð er líkamsræktarstöð, þar er parket og dúkar á gólfum. **Verð uppl. á skrifstofu,-**

**Vegna mikillar eftirspurnar, þá vantar okkur allar gerðir eigna á skrá!**

**Við auglýsum þína eign frítt!**


Frum


FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI
MIÐSTÖÐ ATVINNUHÚSNÆÐIS

**Óskar Mikaelsson,**
próf í fasteigna-, fyrirt.- og skipasölu, ráðgjafi atvinnuhúsnæðis

**Björgvin Ó. Óskarsson**
Löggiltur leigumiðlari og eignaskiptalýsandi
**Valgeir Kristinsson,**
Hrl., Lögg. faseignasali

**Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.atv.is • atv@atv.is**

## Dvergshöfði - 75 eða 132 fm.



Til leigu frábærlega staðsett á höfðanum blandað húsnæði sem hægt er að leigja í ýmsum stærðum. Sjálfstætt um 75 eða 132 fm þjónustu- og/eða skrifstofurými á 1. hæð. Sérinngangur beint frá götu, 2 skrifstofur, 2 wc og mjög góður sýningarsalur. Einnig mögulegt að fá samanlagt tæplega 800 fm. sem skiptast 100+150 fm skrifstofur, wc, 130 fm verslun og um 400 fm sal/lager. Húsnæðið er mikið endurnýjað s.s. þak, gluggar ofl.

## Trönuhraun, 216 fm innkeyrslubil.



Glæsilegt nýlegt miðjubil á tveimur hæðum samtals 216 fm þar er 96 fm milligólf. Húsið er steypt með stálklæðningu að utan. Tveir stórir kvistir sem snúa út að götunni, sér inngangur er í skrifstofusal með perlugólfi, innkeyrsla. Inn af skrifstofuplássinu fllsalagt bað með sturtuklefa og lögn fyrir þvottavél. Á milligólfi er kaffisalur m/ eldh.innréttingu, bjartur skrifstofusalur, ca 30 fm með glervegg og gler rennihurð sem aðskilur. Þá er 30 fm herb. sem nýta mætti fyrir sýningarsal eða þess háttar. Innkeyrslubilið er fremst með 6 m lofthæð. Parket er á allri efri hæðinni loft klædd með hvítum panel. Lóðin er afgirt.

## Drauma - Dótakassinn.



Til sölu geymsluskúrar, vel staðsettir á vöktuðu svæði við Móhellu. Lóð öll afgirt með girðingu og rafmagnshliði. Stærð er 26,3 fm eða 52,6 fm með góðri lofthæð, innkeyrsluhurðir um 3 mtr. Möguleiki á 3ja fasa rafmagni. Lóðin er öll malbikuð. Skilalýsing, teikningar og nánari upplýsingar um verð á skrifstofu.

## Flugumýri, Mos, 968 fm iðnaðarhúsnæði.



Til sölu mjög gott 968 fm iðnaðarhúsnæði með braut f. brúarkrana. Húsið samloku-stálgrind, skrifstofa, wc. Húsið er með um 9 mtr. mænishæð, þakbirta og reyklosun í mæni. Samtals 4 innkeyrsluhurðir, þar af 1 sem er 5x5 mtr. Hentar vel flestri iðnaðarstarfsemi. Auðvelt að stúka húsið niður. Öll lóðin malbikuð. Samþykktur um 200 fm viðbyggingarréttur. Góð staðsetning í nálægð Höfðans. Mikil lofthæð og gott verð!

## Rauðhella, Hfj, 467 fm iðnaðarhúsnæði



Til sölu í nýlegu glæsilegu húsnæði við Rauðhellu samtals 467 fm. Húsnæðið er með 320 fm sal þar sem eru 3 stórar innkeyrsluhurðir og mjög mikil lofthæð. Kaffi- og starfsmannaaðstaða á jarðhæð. Vel innréttaðar skrifstofur á milligólfi um 71 fm. Lóðin er öll malbikuð og rúmgóð beggja vegna hússins. Húsnæðið getur hentað vel undir hverskyns heildsölu- og iðnaðarstarfsemi. Skipti athugandi á stærri eign!

## Frakkastígur - miðbærinn.



Til sölu glæsilega staðsett einbýli/tvíbýli, hæð og ris, með 2 sérinngöngum. Húsnæðið er 129,1 fm, klætt holsteinshús, og stendur á 163 fm eignarlóð. Möguleiki að skipta eigninni. Hugsanlegur byggingarréttur. Gólfefni eru ýmist upprunaleg lökkuð gólfborð eða teppi. Eldhús með uppgerði eldri innréttingu. Gler/gluggar að hluta standsett. Sólpallur í garðinum. Verð aðeins 49,0 millj.Húsnæðið er hentugt undir stækkun og/eða breytingar.

## Drangahraun, Hfj, 528 fm.



Í einkasölu vel staðsett samtals 528 fm iðnaðarhúsnæði, þar af er 108 fm á 2. hæð m.a. undir skrifstofur. Húsið er steinsteypt hornhús með mjög rúmgóðri lóðaraðkomu. Húsið er með mikilli lofthæð, 5,8 vh. og 7,4 í mæni, stálbitarennur fyrir allt að 5 tonna brúarkrana gafla á milli, stórar innkeyrsluhurðir 3x talsins, skrifstofur, wc og kaffistofa. Húsið er til sölu eða leigu og hentar undir flesta atvinnustarfsemi. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum okkar.

## Eyrartröð, Hfj, 520 fm, 650 fm eða 1.170 fm.



Til leigu mjög vel staðsett samtals 1.170 fm atvinnuhúsnæði á Hvaleyrarholtinu í Hafnarfirði. Tvær háar innkeyrsluhurðir. Lóðin er stór og rúmgóð með mjög góðri aðkomu. Mikil lofthæð. Milligólf eru skrifstofur, eldhús, salerni. Annars vegar er í boði 518 fm skemma, 650 fm auk skrifstofu á milligólfi, eða allt húsið.

## Grandatröð, Hfj, 271 fm. Innkeyrslubil.



Í einkasölu nýtt og glæsilegt atvinnuhúsnæði að grunnfl. 201 fm auk 70 fm milligólfs þar sem er skrifst., kaffist. og eldhús, wc og rannsóknarst. Húsið er stálgrindarh. með stórbáráttri aluzink klæðningu. Vegghæð um 5,5 mtr og hurðarhæð (innkeyrslu ) er tæpir 5 mtr og er innkeyrslurýmið 15,8 mtr djúpt. Stór mænisgluggi er eftir endilöngu þaki og gefur mikla ofanbirtu. Malbikað plan fyrir framan húsið. Góð aðkoma að húsinu.

**Fasteignir & Fyrirtæki veitir þér sérfræðiþjónustu í sölu og útleigu á atvinnuhúsnæði og umsýslu fyrirtækja. Áratuga reynsla!**

RE/MAX Borg




Aðeins 5 íbúðir eftir í sölu!

**OPIÐ HÚS Í DAG 18:00-19:00**



# Ánanaust 15

101 Reykjavík

- Glæsilegar nýjar íbúðir með flottu útsýni
- Gólfefni fylgja
- Aðeins 5 eftir í sölu
- Yfirtaka á allt að 85% lánum möguleg!!!!
- Sparið ykkur lántöku- og stimpilgjöld

**Sölufulltrúar RE/MAX BORG verða á staðnum að taka á móti ykkur.**





**Vernharð** s: 699-7372 — **Davíð** s: 844-8005 — **Þórunn** Löggiltur fasteignasali

**Verðdæmi:**
Íbúð 205 – Útsýni í norður

**Verð:**
31.300.000 kr.

**Yfirtaka á láni frá Landsbankanum:**
Ca. 22.300.000 kr.

*Möguleiki á að breyta láni yfir í myntkörfulán eða húsnæðislán til 40 ára.*
*Sparið ca.* ***550.000*** *kr í lántöku- og stimpilgjöld!!!*

Lán frá seljanda að upphæð ca. 4.300.000 kr. með 7,5% vöxtum til 10 ára.

Sparið ca. 65.000 kr í stimpilgjald.
=26.605.000 kr eða 85% lánshlutfall án lántökugjalda á báðum lánum og ekkert stimpilgjald af bankaláni.

Kaupandi borgar aðeins 4.695.000 kr út og sparar sér rúmlega 600.000 kr í lántöku og stimpilgjöld!

**RE/MAX Borg - Tryggvagata 11 - 101 Reykjavík - Sími: 522 2800 - www.remax.is**

Fasteignasalan Garður
S. 562 1200 862 3311
Skipholti 5

Kári Fanndal Guðbrandsson,
Sigrún Sigurpálsdóttir,
lögg. fasteignasali.

**TRAUST ÞJÓNUSTA Í ÁRATUGI**

Frum

## KAPASKJÓLSVEGUR – LAUS FLJÓTLEGA



Stórglæsileg 2ja herbergja 58,8 fm á 3ju hæð. Íbúðin hefur verið endurnýjuð á mjög smekklegan og vandaðan hátt. Sjón er sögu ríkari.
**Verð 21,0 millj.**

## ARNARSMÁRI –BÍLSKÚR – ÚTSÝNI



Höfum í einkasölu mjög fallega, bjarta og velskipulagða endaíbúð í þessu velstaðsetta húsi. Eignin er samtals 132 fm, þ.e. íbúð 104 fm og bílskúr 28 fm Íbúðin skiptist í stofu, 3 herbergi, eldhús, baðherbergi, þvottaherbergi og hol. **Hægt að stækka stofuna um eitt herbergi ef vill. Mikið og fallegt útsýni.** Góðar svalir. **Mjög gott aðgengi er að íbúðinni.** Rúmgóður, breiður bílskúr. **Verð 34,5 millj.**

## SELVOGSGRUNN – SÉRHÆÐ



Höfum í einkasölu efstu hæðina í þessu glæsilega þríbýlishúsi. **Íbúðinni fylgir bílskúr og sólstofa, samtals 166,2 fm** Íbúðin skiptist í stofur, 3 svefnherbergi og baðherbergi á sérgangi, eldhús og innaf því þvottaherbergi og búr. **Húsið er allt klætt utan.Eign í mjög góðu ástandi. Frábær staðsetning.**

## VIÐARÁS – ÚTSÝNI



Glæsilegt parhús á vinsælum stað. Húsið er tvær hæðir, 188,2 fm með innbyggðum bílskúr. Vandað og velumgengið hús. **Einstaklega gott hverfi fyrir barnafjölskyldur. Örstutt í skóla.**




# Til Leigu

Til leigu er 600 fm skrifstofu- verslunarhúsnæði/lager að Súðarvogi 6. Upplýsingar veitir Stefán í síma 696 9984

# Engjasel 84

109 Reykjavík
3 herbergja íbúð með bílskýli

**Stærð: 80 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1977**
**Brunabótamat: 12.375.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Þing



Opið Hús




**Opið hús í dag mánudag kl. 19.00-19:30** **Verð: 19.900.000**

3 herbergja endaíbúð á 4 hæð með frábæru útsýni í Seljahverfi ásamt bílskýli. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi/þvottahús, og 2 svefnherbergi.Möguleiki á 30 m2 millilofti. Nánari lýsing: komið er inn á flísalagt hol með ljósgráum flísum og góðum skáp. Á vinstri hönd er baðherbergi með sturtu og baðkari, ásamt ágætum skápum. Á hægri hönd er stofa og borðstofa með parketi á gólfi. Á vinstri hönd er gott hjónaherbergi. Inn af holinu er eldhúsið og þar á vinstri hönd er barnaher



Vilbergur
Sölufulltrúi
**659 9945**
vilbergur@remax.is



Bergur
Steingrímsson
Lögg. fasteignasali
bergurst@remax.is

**RE/MAX Þing - Háholt 13-15 - 270 Mosfellsbær - Sími: 4123300 - www.remax.is**



## 220 Hafnarfjörður: Fjölskylduvænt raðhús í Erluási

### Erluás 8: Á tveimur hæðum með stórum svölum

**Fasteignasalan Ás** hefur til sölu nýlegt endaraðhús á rólegum útsýnisstað í Áslandinu í Hafnarfirði. Raðhúsið er 162,4 fermetrar á tveimur hæðum með stórum svölum.

**Lýsing:** Komið er inn í forstofu með flísum á gólfi og skápum. Hol með flísum á gólfi. Baðherbergi er með vegghengdu salerni, hvítri innréttingu og sturtuklefa. Eldhús er með viðarinnréttingum, helluborði, ofni í vinnuhæð og flísum á gólfi. Inn af eldhúsi er lítið herbergi með útgengi á verönd sem má opna og stækka eldhúsið. Stofa og borðstofa eru með parketi á gólfi og útgengi á lóð. Svefnherbergi eru þrjú með parketi og flísum á gólfi og útgengt á lóð frá einu þeirra. Þvottahús er með flísum á gólfi og innangengt er í bílskúr úr þvottahúsi. Stálhringstigi er upp á efri hæð þar sem komið er í sjónvarpshol með parketi á gólfi og útgengi á rúmgóðar svalir, möguleiki að bæta herbergi við. Á efri hæð er rúmgott svefnherbergi með góðum skápum og tvö ágæt barnaherbergi með skápum. Baðherbergi á efri hæð er með vegghengdu salerni og baðkari. Í miðju húss á efri hæð er gott sjónvarpsrými þaðan sem er útgengi á rúmlega 40 fm hellulagðar svalir með góðu útsýni. Á efri hæð er lofthæðin látin njóta sín og gólfhiti er á báðum hæðum. **Söluverð** er 44.600.000 krónur.

Listhúsinu Laugardal
Reykjavík
Sími: 581 2233

Dalsbraut 1
Akureyri
Sími 461 1150

Svefn & heilsa
★★★★★

www.svefn.is

# híbýli - eldhús

MÁNUDAGUR 25. FEBRÚAR 2008



NORDICPHOTOS/GETTY

Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.

BJÖRNINN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.-Ármúla 20-Sími 562 5000-Fax 562 5045-bjorninn@bjorninn.is-www.bjorninn.is

# Eldhúsið tekið í gegn frá a til ö

**Að gera upp eldhús vex mörgum í augum. Á vefsíðunni www.v3.is hefur Þóra Jónsdóttir tekið saman nokkur góð ráð til þeirra sem eru að huga að endurbótum á þessu hjarta heimilisins.**

Hugmyndir fólks um uppbyggingu eldhúss eru misjafnar. Sumir vilja mikið skápapláss en aðrir kjósa mikið fótrými. Sumir vilja hafa eldhúsið lokað en aðrir kjósa að opna það inn í stofu. Mörg fyrirtæki bjóða upp á fjölbreyttar lausnir fyrir eldhús. Gott er að skoða marga kosti áður en endanleg ákvörðun er tekin. Hér eru nokkrir punktar sem gott er að hafa í huga þegar eldhúsið er endurhannað:

### BORÐPLÁSS

Hve mikið borðpláss þarf? Flestir telja nauðsynlegt að hafa borðpláss sitt hvorum megin við eldavélina, báðum megin við vaskinn og eitt gott samfellt vinnusvæði. Lágmarksvinnupláss í þokkalegu eldhúsi er að mati Þóru tvisvar sinnum 1,2 metrar. Hún telur einnig best að hafa svæðið milli eldavélar og vasks frítt og nota það aðallega sem vinnusvæði.

### SKÁPAPLÁSS

Meta þarf fjölda eldhúsáhalda og leirtaus sem þarf að komast fyrir. Gera þarf ráð fyrir pottaskáp, skáp fyrir pakkamat, plássi fyrir form, brauðbretti, hnífapör, rafmagnstækin og svo margt, margt fleira. Kannski pláss fyrir kúst og ryksugu?



### UPPÞVOTTAVÉL

Hvort sem ætlunin er að vera með uppþvottavél eða ekki er nauðsynlegt að gera ráð fyrir henni frá byrjun svo að næsti eigandi geti sett inn vélina og eins ef núverandi eiganda snýst hugur. Best er að uppþvottavélin sé við hliðina á vaskinum því oft þarf að skola af leirtauinu áður en það er sett í uppþvottavélina. Hugsa þarf fyrir því að uppþvottavélin opnast oftast fram og þarf því að gera ráð fyrir plássi fyrir framan vélina. Þá má ekki hafa neitt nálægt vélinni sem ekki þolir raka. Flestir láta uppþvottavélina standa á gólfi og þá myndast ágætis vinnupláss ofan á henni. Ekkert mælir þó gegn því að vélin standi ofan á skúffu eða skáp sem vissulega gerir fólki auðveldara að raða í og taka úr vélinni.

### VASKURINN

Mörgum finnst gott að hafa eldhúsvaskinn undir glugga til að njóta útsýnis um leið og vaskað er upp. Aðrir vilja geta gengið upp að glugganum og horft út án þess að vaskurinn eða eldhússkápur standi undir honum. Meginreglan er þó að setja ekki djúpa skápa nálægt glugga svo þeir taki ekki birtu úr eldhúsinu.

### GÓLFHITI

Sumir kjósa að setja gólfhita í eldhúsið. Til eru ýmsar lausnir fyrir eldri íbúðir. Ein er að fræsa út raufar í gólfið og leggja hitarör í það. Önnur er að leggja sérstakar plötur í gólfið sem innihalda raufar fyrir hitarör og enn ein að setja rafmottur í gólfið. Alltaf eykst úrvalið og því gott að kynna sér það sem er í boði hverju sinni.

### VIFTA

Eldhúsviftan eyðir matar- og steikingarlykt. Til eru nokkrar gerðir vifta, ein sogar loft úr eldhúsinu og skilar út í umhverfið en oft er erfitt að koma slíkri viftu fyrir í gömlu eldhúsi. Viftan er nánast alltaf sett fyrir ofan eldavélina. Skynsamlegt er að hafa bakaraofninn og örbylgjuofninn sem næst eldavélinni og þar með viftunni svo hún geti einnig annað útblæstrinum frá þeim tækjum.

### ELDAVÉL

Eldavélin er höfuðverkur út af fyrir sig. Ákveða þarf hvort eldavélin skuli vera heil, það er hellurnar ofan á ofninum, eða hvort ofninn sé settur ofarlega inn í innréttingu þar sem auðveldara er að athafna sig. Þetta fer í raun eftir smekk hvers og eins.

### ÍSSKÁPUR

Ekki endurnýja eldhúsið án þess að gera ráð fyrir góðu rými fyrir ísskápinn því með tímanum gætu íbúar viljað stækka ísskápinn. Praktískt getur verið að vera með sambyggðan ísskáp og frysti, annað hvort einbreiðan í venjulegu eldhúsi eða tvíbreiðan í stóru eldhúsi. *Heimilid: www.v3.is, Viðhaldsbókin á netinu.*



Vignir Freyr og Halldóra eiga margar góðar stundir í eldhúsinu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Góðir dagar í eldhúsinu

**Hjónin Vignir Freyr Andersen, lottókynnir og golfari með meiru, og Halldóra Halldórsdóttir flugfreyja eru sammála um að uppáhaldshluturinn í eldhúsinu, sem er aðalstaður fjölskyldunnar, sé tvímælalaust kaffivélin sem þau gáfu sér í jólagjöf um árið.**



Kaffivélin er langvinsælasta tækið í eldhúsinu.

Kaffivél þeirra hjóna, Vignis og Halldóru, malar baunir og sýður vatnið svo úr verður dýrindis kaffihúsakaffi. Efst á forgangslistanum þegar þau hjónin tóku við rekstri golfverslunarinnar Hole in one í Bæjarlind ásamt vinafólki var vitanlega almennileg kaffivél í fyrirtækið fyrir viðskiptavini og starfsmenn.

„Gamla filtervélin er geymd inni í skáp hér heima og fær bara að vera þar. Það er helst í fjölmennum kaffiboðum sem maður neyðist til að sækja hana og nýta,“ segja þau Vignir og Halldóra. „Það getur reyndar verið óþarflega tímafrekt að ætla sér í senn að mala og laga kaffi í hvern einasta bolla ofan í allar frænkurnar og frændurna,“ segir Vignir og hlær.

Vignir er einkar laginn við að laga kaffi latte í þeirri dásemdargræju sem sjálfvirka mölunarkaffivélin er. „Það tekur svona mínútu að byggja upp froðuna en ég mæli með nýmjólkinni, hún freyðir vel. Punkturinn yfir i-ið er vanillusírópið – góð sletta,“ segir Vignir með áherslu.

Mölunarkaffivélin hefur eiginlega tekið við örbylgjuofninum sem þótti ómissandi græja á hverju heimili hér um árið. Þó er örbylgjuofn þeirra hjóna mikið notaður við hafragrautargerð. „Ota-grauturinn í bréfunum klikkar ekki í örbylgjunni,“ segir Vignir sem uppgötvaði þessa ágætu hafragrautarmáltíð á ný er hann og félagi hans, Bjarni Hrafn Ívarsson hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum, fóru saman í mótorsport í sumar þegar fjölskyldan var í útilegu á Laugarvatni. „Mótorsportið er ágætis andstæða við golfið,“ nefnir Vignir en „í golfinu er það hvíti bolurinn og buxurnar og græna grasið. Í mótorsportinu er það aftur á móti gróf möl og drullugalli.“ Eftir mótorsportsferðina má segja að Vignir hafi gert hafragrautinn í Ota-bréfunum að vinsælli máltíð á heimilinu hjá öllum nema Alexöndru sem er 17 ára. En Vignir Freyr 7 ára og Karen Elísabet 3 ára, eru orðin það sólgin í grautinn að þau vilja gjarnan fá hann í eftirrétt. Vinsæll er grauturinn með eplaog kanilbragði. „Algjör snilld að allt sé í einum pakka. Það eina sem þarf að gera er að hella bréfi af Ota-korninu í skál með smámjólk í og eftir nokkrar sekúndur í örbylgjunni er grauturinn tilbúinn,“ bendir Vignir á.

Halldóra sýnir líka hugvitssemi í að finna nýjar og heppilegar leiðir til að halda heimilinu í góðu standi og nýjasta uppfinningin er forláta ryksuga sem hefur komið í staðinn fyrir gamla góða eldhússópinn. „Krakkarnir eru eins og gengur nokkuð duglegir við að skilja eftir sig brauðmylsnu á gólfunum en þá kemur ryksugan að góðum notum í daglegum heimilisverkum. Vignir gæti verið duglegri við að ryksuga heima við,“ segir Halldóra stríðnislega og brosir. Vignir er duglegur að sjá um þvottinn og hann á sína þvottadaga. „Rétt er það“ segir Vignir sannfærandi. „Það er einmitt að fara að líða að næsta þvottadegi,“ nefnir Halldóra og lítur á Vigni sem þarf augljóslega að fara að rjúka á fund!

*- vg*



**„Það tekur svona mínútu að byggja upp froðuna en ég mæli með nýmjólkinni, hún freyðir vel. Punkturinn yfir i-ið er vanillusírópið – góð sletta.“**



**Vignir sýpur á kaffinu og Halldóra mundar nýstárlega ryksugu sem er algerlega í stíl við eldhúsið.**



*Í starfi mínu legg ég meginánherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.*

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

# 30 ÁR ÆVINNAR Í RÚMINU!*

*Meðal Íslendingur lifir í tæp 80 ár og u.þ.b. þriðjungur fer í svefn.




Sá nýjasti og besti frá Leggett




Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

## Chiropractic®

Amerísku heilsudýnurnar

**Sú besta**

samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi

## IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið samanburð og finnið muninn.

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★




REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir


Hringstigar
Weland hringstigarnir eru einföld og hagkvæm lausn.
SINDRI
Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhraun 12, Hafnarfirði


## ● GOTT ANDRÚMSLOFT Í ELDHÚSINU

Haldið eldhúsinu ávallt hreinu. Mikilvægt er að ganga frá matarílátum, þurrka af borðum, sópa gólf, sjá til þess að birta sé nægileg og gæta þess að loftræsting sé góð.

Hentu út hlutum sem ekki hafa verið notaðir síðasta árið. Heimilistæki sem aldrei eru notuð eru bara fyrir og laða til sín neikvæða orku. Drasl gerir það sömuleiðis.

Haltu ruslafötunni hreinni og hafðu hana þar sem ekki sést til. Vond lykt hrekur góða orku á braut.

Þrífðu eldhússkápana reglulega. Mælt er með að það sé gert á hálfs árs fresti.

Skál með ferskum ávöxtum og blómum fyllir eldhúsið og matinn sem þar er jákvæði orku.

Tæmdu ísskápinn reglulega. Það mun koma þér á óvart hvaða dularfullu matarleifar geta leynst í honum.





Listakokkurinn Friðrik V veitir lesendum innsýn í heim hnífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Hnífarnir stroknir af virðingu

**Oftast fylgir uppáhaldshnífur kokknum á milli staða á sama hátt og myndavélin fylgir ljósmyndaranum hvar svo sem hann vinnur.**

Hallgrímur Friðrik Sigurðarson, yfirkokkur á veitingastaðnum Friðriki V á Akureyri, lagði góðfúslega niður hnífana til að sýna lesendum Fréttablaðsins hvaða eggjárn eru nauðsynleg í hvert eldhús. Kokkarnir voru á þönum er blaðamaður rann á gómsæta lyktina úr eldhúsinu enda Fóður og fjör í fullum gangi.

Allir eru þeir sammála um að góða hnífa megi alls ekki setja í uppþvottavél heldur verði að handþvo þá og strjúka af virðingu. „Það leyfist engum að koma illa fram við hnífinn minn, ekkert frekar en við konuna eða börnin mín," segir Friðrik V og hlær en meinar það engu að síður. „Bera skal umhyggju og virðingu fyrir hníf sínum, vei þeim sem fer illa með minn hníf," segja hinir kokkarnir einróma og taka undir orð eigandans.

Að sögn Hallgríms kaupa alvörukokkar ekki hnífasett heldur bæta við sig einum og einum góðum hníf í gegnum tíðina. Á fjórtán ára ferli hefur hann safnað að sér hnífum og getur nú valið á milli þrjátíu mismunandi gerða. „Mínir bestu hnífar hafa kokkanafn mitt grafið við hlið nafn hnífsins svo það fer ekki á milli mála hver á hvaða hníf." Hallgrímur viðurkennir að hann sé nú orðinn hálfgerður eldhúsdótakarl og leiti uppi nýja hnífa til að bæta í safnið. Þessa dagana langar hann mest í hníf í formi skeiðar með brýnda hlið „til þess að ná ostrunni úr skelinni", segir hann og telur það nauðsynlega viðbót í safnið.



„Nauðsynlegt er að eiga að minnsta kosti þessa fjóra grunnhnífa. Það er frá vinstri: grænmetishnífur, ávaxtahnífur, úrbeinari og saxari. Til að fullkomna grunninn er gott að eiga einnig góðan brauðhníf og svokallaðan graflaxhníf sem sker mjög þunnt," segir sjálfur Friðrik V.



Flottasti hnífurinn. Þessi steikarhnífur var sérpantaður fyrir nýja veitingastaðinn enda skiptir miklu máli að áhöldin virki vel allt frá fyrsta skurði að munni gestanna."

Annað gott ráð frá kokkunum hjá Friðriki V er að ef ekki er til stál til að brýna hnífana sé gott að nota glerungsbilið á botni postulínsdiska. Þá er disknum haldið á hvolfi og egginni rennt yfir á sama hátt og gert er með stálið. - va



Þegar setið er við borð í góðum veislum getur borðbúnaður verið ansi flókinn. Góð þumalputtaregla er að byrja yst og borða sig inn. Á myndinni má sjá smjörhníf sem liggur á aukadiski en aðrir hnífar eru notaðir frá hægri til vinstri. Yst liggur forréttahnífurinn, svo fiskihnífurinn og innstur er steikarhnífurinn.




Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins.
nettoline.dk
Við bönnum og teiknum fyrir þig!
Þitt er valið!
Allt á sama stað!
20% AFSLÁTTUR
Allar Nettoline innréttingar með 20% afslætti í 3 vikur
(Tilboðið stendur til 8. mars)


ELDAVÉLAR - OFNAR - KERAMIKHELLUBORÐ - SPANHELLUBORÐ - GASHELLUBORÐ - VIFTUR - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLISKÁPAAR
Fullkomið úrval vandaðra raftækja frá virtum framleiðendum
20% afsláttur af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu
Friform
Askalind 3 - 201 Kópavogur - Sími: 562 1500
Opið virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16

Pace Á ÍSLANDI

Endurnýjunar- og viðhaldskerfi fyrir þök



# Gerðu eitthvað áður en það er orðið of seint og sparaðu stórfé





**Allan sólarhringinn, árið um kring, keppast náttúruöflin við að losa nagla og skrúfur, opna samskeyti og tæra yfirborð þaksins.** En Pace® þakvarnarkerfið hægir svo um munar á tímans tönn og lengir líftíma þaksins fyrir mikið minna en það kostar að henda því og setja nýtt. Tikk-takk... hringdu núna.



Fáðu þakið metið strax í dag þér að kostnaðalausu

**696 7282**

pace@coat.is

**Pace umboðið:** Sími: 696 7282 · Fax: 517 9277 · pace@coat.is




**Einstök tækni í bland við verðlauna hönnun færir þér hreinna og betra loft!**

Með Light Air lofthreinsitækinu getur þú haft veruleg áhrif á loftgæðin á þínu heimili eða vinnustað og gert það með stæl. Með frábærri tækni og verðlaunaðri hönnun hreinsar LightAir loftið algjörlega hljóðlaust, með lágmarks orkunotkun (7w) og ekki skemmir fyrir að það þarf aldrei að skipta um filter. Rannsóknir sýna að LightAir lofthreinsitæki sem er í stöðugri notkun hreinsar mjög vel allra smæstu agnirnar úr loftinu (agnir í nano stærð). Agnir í þessari stærð telja um 90% af öllum mengandi ögnum sem þjóta um í loftinu og eru taldar valda verstu heilsukvillunum. LightAir tækin koma frá Svíþjóð og hafa hlotið mikið lof um allann heim.

ECC - Bolholti 4 – Sími 511 1001 – Opið 10-18 – **www.ecc.is**




Hvar væru sunnudagsmorgnar án ristaða brauðsins, ostsins og sultunnar?



Ótrúlegustu rétti má töfra fram í örbylgjunni, allt frá poppi og hafragrauts til soðinnar ýsu.



Hrærivélin tekur vissulega pláss en kemur sér vel við jólakökubaksturinn.



Hvort sem drukkið er kaffi á heimilinu eða ekki er gott að eiga eina gamla kaffivél til uppáhellingar fyrir frænkur og frændur sem eiga það til að koma í heimsókn.

# Ómissandi í eldhúsið

Ótrúlegustu tól og tæki hafa ratað inn í eldhús landsmanna. Í auglýsingum er fólki talin trú um að það geti ekki verið án fondúpotta, rafmagnsupptakara, rafknúinnar piparkvarnar og tölvustýrðrar vigtar. Samt eru þetta hlutir sem við getum sannarlega lifað án.

Hins vegar eru nokkur tæki sem hafa áunnið sér fastan tilverurétt í eldhúsinu. Fæstir vildu vera án þessara tóla sem auðvelda manni lífið.



Þeir sem einu sinni hafa verið með uppþvottavél vilja síður vera án hennar.




www.fritzhansen.com

REPUBLIC OF Fritz Hansen®





SJÖUNA hannaði Arne Jacobsen á sjötta áratug síðustu aldar fyrir nýjan skóla sem hann hafði teiknað. SJÖUNUM má stafla, tengja saman, festa á borðplötur og arma. Þær eru til með hjólum, bólstraðar og óbólstraðar, í mörgum litum og með mismunandi áferð.

epal

# HÁPUNKTAR ÚR HÖNNUNARSÖGUNNI

OXFORD-stólinn hannaði Arne Jacobsen árið 1963 fyrir prófessora St. Catherine´s College í Oxford. OXFORD-stóllinn fæst með háu og lágu baki, með eða án hjóla og með leður- og tauáklæði.





SVANINN hannaði Arne Jacobsen Royal Hotel í Kaupmannahöfn sem nú heitir Radisson SAS. SVANURINN átti að færa mjúkar línur inn í hið ögn stífa umhverfi þessarar miklu byggingar.

Epal hf. / Skeifan 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is




KÆLISKÁPAR

UPPÞVOTTAVÉLAR

ÖRBYLGJUOFNAR

OFNAR



Nú er það svart / **Black is Back**! Whirlpool heimilistæki fást nú í einnig svörtu!

**TVÖFALDIR AMERÍSKIR KÆLISKÁPAR MEÐ 6TH SENSE**
Sjálfvirk affrysting og stilling á réttu hitastigi hvar sem er í skápnum

**HLJÓÐLÁTAR OG KRÖFTUGAR UPPÞVOTTAVÉLAR MEÐ 6TH SENSE**
Tæknin skynjar óhreinindi í vatninu – Bætir þvott og styttir þvottatíma

**ÖRBYLGJUOFNAR SEM LÉTTA LÍFIÐ MEÐ 6TH SENSE**
Nú er leikur einn að gufuelda, baka pizzu eða hvað eina sem hugurinn girnist - og það á örskotsstundu

**HÁGÆÐA OFNAR MEÐ 6TH SENSE**
Sjálfvirk eldunarkerfi sem létta matseld og eru að auki með sjálfhreinsibúnaði




SENSING THE DIFFERENCE

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

Heimilistæki

ht.is

# LÖGMENN SUÐURLANDI

480 2900 www.log.is



Ólafur Björnsson hrl. Lögg. fasteignasali · Sigurður Sigurjónsson hrl. Lögg. fasteignasali · Christiane L. Bahner hdl. Lögg. fasteignasali · Torfi R. Sigurðsson Hdl. · Ágúst Stefánsson Hdl. · Hallgrímur Óskarsson Sölumaður · Steindór Guðmundsson Lögg. fasteignasali · Anna Rúnarsdóttir Viðskiptafræðingur · Kristín Kristjánsdóttir Ritari/skjalavarsla

**Austurvegi 3, Selfossi | S: 480 2900 | Fax: 482 2801**

Félag fasteignasala





## Austurmörk 20, Hveragerði

Iðnaðarhúsnæði í Hveragerði sem er 116,2 fm að grunnfleti auk millilofts sem er ca. 58 fm. Húsið er steinsteypt, byggt árið 1984. Innkeyrsluhurð er nýleg 3m á breidd og 4,1m á hæð. Gálgi fyrir talíu er við innkeyrsluhurð. Plan fyrir utan er tilbúið til malbikunar. Verð 18,0 m.



## Austurvegur 33-35, Selfossi

Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir á 3 og 4 hæð í nýju húsi í hjarta bæjarins. Á 3 hæð er íbúðin 90,3 fm auk 8,4 fm geymslu í kjallara. Íbúðin á 4 hæð er 105,2 fm penthouse íbúð auk 9 fm geymslu í kjallara. Tvennar svalir eru á íbúðinni annars vegar með 34,5 fm svalir með útsýni yfir Austurveg og hins vegar 4,7 fm á enda sem snýr að Hörðuvöllum. Sérbílastæði er í bílakjallara auk bílastæða fyrir framan við hús og í bílakjallara undir húsinu fyrir íbúðirnar. Sérinngangar eru af svalagangi í íbúðirnar. Nánari uppl. á skrifstofu.





## Sigtún 31, Selfossi

Gott og snyrtilegt134,1 fm einbýlishús ásamt 54,1 fm bílskúr, byggt úr timbri árið 1999. Að utan er húsið klætt með Canexcel klæðningu sem er viðhaldsfrí. Staðsetning hússins er mjög góð og er stutt göngufæri í verslun, bakarí, Fjölbrautaskólann, Vallaskóla og sundhöllina svo eitthvað sé nefnt. Verð 34,8 m.



## Austurvegur 33-35, Selfossi

Glæsilegt verslunarrými á jarðhæð og annari hæð í nýju húsi í hjarta bæjarins. Verslunarrýmið á jarðhæðinni er 439,9 fm að heildarstærð auk sameignar. Mögulegt er að kaupa smærri einingar, allt frá 81,7 fm upp í 439,9 fm eftir því hvað hentar hverjum. Stórir útstillingargluggar. Fjórir inngangar eru í húsið að framanverðu af verslunargötu auk sameiginlegs anddyris. Skrifstofu/verslunarrýmið á annari hæð er 446,5 fm að heildarstærð auk sameignar. Mögulegt er að kaupa smærri einingar. Bílastæði eru framan við hús og í bílakjallara undir húsinu. Lyfta er úr bílakjallara upp á efri hæðir. Lóð fullfrágengin með hellulögðum stéttum og malbikuðum bílastæðum.. Nánari uppl. á skrifstofu.





## Seftjörn 6, Selfossi

Fallegt og vel skipulagt 117,4 fm raðhús ásamt 29,6 fm bílskúr. Húsið er byggt 1995. Klætt að utan með Formaica klæðningu og aluzinki á þaki. Eignin telur forstofu m/skáp, eldhús m/ágætri innréttingu, rúmgóða stofu og borðstofu með hurð út í garð, þrjú ágæt svefnherbergi og baðherbergi sem er m/sturtu og innréttingu. Verð 27,1 m. Húsið er laust til afhendingar.



## Suðurtröð 2, Selfossi

Steinsteypt hesthús. Húsið er tvískipt, 9 tveggja hesta stíur og 1 eins hests stía í hvorum hluta. Í sameign er m.a. forstofa með fataaðstöðu og salerni, hlaða og tvær kaffistofur. Efri hæð með sér salerni. Allt skipulag er samkvæmt ítrustu kröfum um hestahald. Helmingur hússins til sölu og hluti af hinum. Hægt að kaupa stakar stíur 1,2 millj. fyrir hest. Baðaðstaða fyrir hestana. Verð 22,9 m.



## Skólavellir 14 kjallari, Selfossi

Snyrtileg 59,2 fm. kjallaraíbúð í grónu og góðu hverfi. Íbúðin telur stofu, eldhús, svefnherbergi, hol, baðherbergi og sameiginlegt þvottahús auk sérgeymslu sem er mjög rúmgóð. Verð 11,8 m.

Frum



# VÖNDUÐ SUMARHÚS SEM HÆGT ER AÐ REISA Á SKÖMMUM TÍMA

Völundarhús.is hafa til sölu heilsárshús sem hönnuð eru af íslenskum arkitektum fyrir íslenskar aðstæður. Allt burðarþol og vindálag er reiknað samkvæmt íslenskum stöðlum. Húsin eru framleidd í nýrri og glæsilegri verksmiðju í Eistlandi og koma í einingum tilbúin til uppsetningar. Afgreiðslutími er frá 2 og upp í 6 mánuði.



JÓNSI 60

Einbýlishús · Sumarhús · Parhús · Raðhús · Garðhýsi



JÓNSI 90

Við bjóðum upp á vönduð og traust einingahús á sanngjörnu verði. Allt frá garðhýsum upp í sumarhús, einbýlishús, parhús og raðhús.

Okkar stefna er að koma sem mest til móts við þarfir hvers og eins með því að bjóða uppá fjölbreytta möguleika við hönnun og byggingu draumahússins. Við viljum veita viðskiptavinum okkar góða og faglega þjónustu og erum því í samstarfi við fagaðila á öllum stigum byggingarferilsins.

Samstarfsaðili okkar í Eistlandi leggur ríka áherslu á umhverfisvæna framleiðslu með orku- og efnisnýtingu að leiðarljósi.

Ef þú ert að leita að draumahúsinu þínu, leitaðu þér þá upplýsinga eða tilboða hjá okkur í síma 864 2400 eða á heimasíðunni okkar, www.volundarhus.is.

völundarhús.is

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · Sími 864-2400

08-0002 Hvíta húsið

# Laugalind 10

201 Kópavogur
5 herbergja íbúð með sérinngangi

**Stærð: 137,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1998**
**Brunabótamat: 19.550.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Skeifan





**Verð: 38.500.000**

5 herbergja íbúð á annari hæð í góðu 6-býli með sérinngangi og frábæru útsýni, staðsett innst í litlum botnlanga, örstutt í skóla og leikskóla. Forstofa með flísum og fataskáp. Eldhús og stofa til hægri, I-laga innrétting og borðkrókur. Stofa er parketlögð og útgengt á flísalagðar svalir. 4 svefnherbergi, öll rúmgóð og með skápum. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf og bæði með baðkari og sturtuklefa. Þvottahús er innan íbúðar. Virkilega falleg íbúð á frábærum stað.

Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is



# Súlunes 14

210 Garðabær
Glæsileg neðri hæð í tvíbýli.

**Stærð: 169 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2004**
**Brunabótamat: 27.700.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Skeifan





**Verð: 65.900.000**

Óvenju glæsileg og mjög vönduð 5 herbergja neðri sérhæð í tvíbýli. Komið er inn í forstofu með marmaragólfi, eikarskápum , speglum og lokað inn í íbúð með glerhurð. Þaðan er gengið inn í alrými sem skiptist í stofu, borðstofu, eldhús og sjónvarpshol. Gólfin eru lögð eikarparketi. Útgengt er úr borðstofu út á stóra flísalagða sérverönd. Öll lýsing er frá Lumex. Eingöngu eru notuð 4 efni í innréttingar; eik, marmari, gler og hvítsprautulakk.

Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is



# Hringbraut 73

220 Hafnarfjörður
Mikið endurnýjað einbýli

**Stærð: 205,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1947**
**Brunabótamat: 28.200.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Borg

**Opið Hús**



**OPIÐ HÚS I DAG MILLI KL.17:00-17:30**

**Verð: 59.000.000**




REMAX BORG hefur fengið í einkasölu tveggja hæða einbýlishús sem skiptist í tvær íbúðir en eru sameinaðar í eina einingu núna. Einfalt væri að breyta því aftur í tvær aðskildar eignir. Neðri hæðin er 73,6 fm og sú efri er 132,3fm ásamt risi (ca 30 fm gólfflötur) sem er ekki inní fermetratölu. Húsið er ný steinað að utan, nýlega var skipt um gler í gluggum, þakið er nýlagt powertech þakflísum og rennur eru einnig nýjar. Um 100 fm harðviðarpallur er í garði. Bílastæði og göngustígur eru nýlega hellulögð. Á efri hæð er stofa,borðstofa,hol og setustofa, eldhús, svefnherbergi sem nýtt er sem sjónvarpsherbergi með svölum, baðherbergi með baðkari, eldhús og aðgengi upp á ris. Risið er nýtt sem herbergi og þar er einnig geymsla. Á neðri hæðinni er sérinngangur. Þar í dag eru 3 stór svefnherbergi, baðherbergi með sturtu, þvottahús og lítil geymsla. Þetta er mikið endurnýjuð eign með glæsilegum, fjölskylduvænum garði. Sundlaug, skólar og öll helsta þjónusta er í göngufæri.

Davíð Örn
Sölufulltrúi
**844 8005**
david@remax.is



Vernharð
Sölufulltrúi
**699 7372**
venni@remax.is



Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
**522 2800**
borg@remax.is



**RE/MAX Borg - Tryggvagata 11 - 101 Reykjavík - Sími: 5222800 - www.remax.is**

# FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

**Fyrirtækjasala Íslands**

**Valgeir Kristinsson**, hrl., lögg. faseignasali
**Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is**

## ÖFLUG VEISLUÞJÓNUSTA- MIKIL VIÐSKIPTI.

**Til sölu þekkt veisluþjónusta** með góða aðstöðu og mikla reynslu í veisluhaldi. Veilsusalir, sendingarþjónusta. Selst af sérstökum ástæðum. Upplýsingar aðeins veittar á skrifstofu okkar. **Einstakt tækifæri.**

## BAKARÍ - SÖLUTURN- ÍSSALA.

**Til sölu á frábærum stað, bakarí, söluturn og íssala.** Er með 10 ára leigusamning í góðu húsnæði á mjög sýnilegun og áberandi stað. Hefur verið starfandi í tæp 20 ár. **Frábært tækifæri.**

## FYRIRTÆKI Í AUGLÝSINGAVÖRUM.

**Til sölu gott fyrirtæki í auglýsingavörum.** Fyrirtækið er með glæsilega heimasíðu með fullbúnu sölukerfi. Er með viðskiptasambönd við B.N.A., Kína og fl. 300 virkar vörutegundir. Nýtt kynningarefni til staðar. Selst af sérstökum ástæðum. **Upplýsingar á skrifstofu okkar að Síðumúla 35, R.**

## ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI Í VEITINGAGEIRANUM.

**Til sölu sérhæft fyrirtæki í veitingageiranum.** Vaxandi fyrirtæki sem hefur starfað í nokkur ár, og er í stöðugum vexti. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu okkar, ekki í síma. **Skemmtilegt tækifæri.**

## AUSTURLENSKUR VEITINGASTAÐUR.

**Til sölu veitingarekstur í austurlenskri matargerð**, vel staðsettur og vel tækjum búin. Staðurinn tekur 30 manns í sæti. Take away þjónusta. Góð veisluþjónusta. Meðeigandi kemur einnig til greina. **Gott tækifæri.**

## HEILDVERSL. Í GJAFAVÖRU

**Til sölu rekstur heildversl.** með allskonar gjafavöru. Getur einnig hentað vel með öðru. **Verð aðeins 2,5 millj + lager.**

## VEITINGAR- SÖLUTURN - ÍSSALA.

**Er í björtu og rúmgóðu ca 220 fm nýlegu húsnæði.** Heitur matur í hádeginu. Hamborgarar og fl. skyndiréttir allan daginn Tekur yfir 50 manns í sæti. Mjög flottur staður með góða afkomu. Einnig afgreitt um bílalúgur. Opið til kl. 22. Næg bílastæði. **Mjög gott verð.**

## BLÓMABÚÐ - EXPRESSÓBAR MEÐ LÉTTVÍNSLEYFI

**Til sölu flott blómaverslun í þjónustukjarna.** Mikið úrval af gjafavöru. Er í rúmgóðu húsnæði. Expressóbar með léttvínsleyfi. **Frábært tækifæri.**

## FALLEG BLÓMABÚÐ Á LAUGAVEGI

**Til sölu falleg blómabúð við Laugaveginn.** Vel staðsett, með gott úrval af gjafavöru. Opnunartími 11-18. Svo til allt nýjar innréttingar. Einnig eigin innflutningur á gjafavöru. ***Hér er gott tækifæri á ferðinni.***

Frum

## HVERFISVERSLUN - MEÐ MIKLA VELTU.

**Til sölu þekkt hverfisverslun** í eigin húsnæði. Með góða afkomu. Mikil velta. **Frábært fjöskyldufyrirtæki.** Upplýsingar á skrifstofu okkar Síðumúla 35.

## TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI - gott fyrir verktaka.

**Til sölu rekstur trésmíðaverkstæðis** í eigin húsnæði ca 300 fm. Fyrirtækið er þekkt í sínum geira fyrir vandaða framleiðslu. Mikið í innréttingasmíði, tækjakostur sniðin að því. Afhending strax. **Gott fyrir verktaka.**

## HEMLAVERKSTÆÐI Í EIGIN HÚSNÆÐI.

**Þekkt fyrirtæki í eigin húsnæði**, á frábærum stað. Þjónustar jafnt stóra bíla sem litla. Nægur tækjakostur fyrir tvö verkstæði. **Topp Tækifæri.**

## STÁLSMIÐJA Í EIGIN HÚSNÆÐI.

**Til sölu stálsmiðja** sem er með alla almenna stálsmíði svo og verkefni og innflutning tengdan því. Er í mjög góðu nýlegu eigin húsnæði. Selst saman eða í sitt hvoru lagi. **Frábært tækifæri og gott verð.**

## BARNAFATAVERSLUN MEÐ TOPP MERKI.

**Til sölu skemmtileg barnafataverslun** með vinsæl og flott vörumerki fyrir 0-16 ára í leiguhúsnæði við Laugaveginn. Glæsileg vara .**Topp tækifæri.**

## HÁRSNYRTISTOFA Í hverfi 101

**Til sölu glæsileg hársnyrtistofa í hverfi 101**, 5 vinnustöðvar, 2 vaskstólar. Smart stofa. 1-2 leigustólar. Þekkt stofa með góða afkomu. **Gott verð.**

## ÞEKKT HÁRSNYRTISTOFA í hverfi 108.

**Nýkomin á skrá, falleg og velstaðsett hársnyrtistofa í hverfi 108.** 5 vinnustöðvar og 2 vaskstólar, nánast allur búnaður nýendurnýjaður. Staðsetning mjög góð og næg bílastæði. **Frábært tækifæri.**

## HEILSUSTUDIÓ & SNYRTISTOFA

**Til sölu þekkt heilsustudió og snyrtistofa.** Stofan sérhæfir sig í líkamsmeðferðum, s.s. meðferðum til grenningar, styrkingar, mótunar og hreinsunar.Auk þess allri alhliða snyrtingu og naglaásetningu. Mjög góður aðbúnaður í rúmgóðu húsnæði. **Frábært tækifæri á mjög góðu verði.**

## HÁRSNYRTISTOFA Í 101 - VINSÆL og VEL STAÐSETT

**Til sölu glæsileg og vel búin hársnyrtistofa**, frábærlega vel staðsett, í góðu húsnæði, með bílastæði við inngang. 6 vinnustöðvar og 2 vaskstólar og allur búnaður mjög góður. **Verð 7 millj.**

## VINSÆLL SKYNDIBITASTAÐUR í hverfi 108

**Til sölu þekktur skyndibitastaður** í austurborginni með fína afkomu. Vel tækjum búin Bullandi traffic. Tekur 30 manns í sal. **Gott dæmi.**

***Fjöldi annarra fyrirtækja á skrá!***
***Leitið nánari upplýsinga. Sjáið www.atv.is***


ÚRVALS ÚTSÝNI
Þú þarft ekki að ferðast út fyrir landssteinana til að komast í frábært veður, afslöppun og náttúrufegurð.
Kannaðu kosti heilsárshúsa í Vaðlaheiði við Eyjafjörð
www.en.is - 461 2900
Mjög vegleg og vönduð rúmlega 140 fm heilsárshús með bílskúr/leikfangageymslu á einu af allra vinsælustu byggingasvæðum landsbyggðarinnar. Húsin eru hönnuð frá grunni hjá Form arkitektum og hönnuðum. Lýsing og raflögn er hönnuð hjá Rafteikningu á Akureyri og er mjög vönduð. Húsin standa á rúmlega 2000 fm leigulóðum í Vaðlaheiði gegnt Akureyrarbæ með frábæru útsýni yfir bæinn og bæði norður og suður Eyjafjörð.
Húsin seljast fullbúin án gólfefna og verða lóðir grófjafnaðar, sjá nánar í skilalýsingu. Verð 41.7 millj
Daníel Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
Eignamiðlun Norðurlands
EN
Eignamiðlun Norðurlands
Hafnarstræti 101 • Akureyri • Sími 461 2900
www.en.is - Öryggi í fasteignaviðskiptum
GEIMSTOFAN

Vilhjálmur Bjarnason lögg. fast.sali
Guðbjörg Róbertsdóttir lögg. fast.sali
Þórólfur Óskarsson lögg. fast.sali
Guðný Guðmundsdóttir sölumaður
Heimir H. Eðvarðsson sölumaður
Hrafnhildur Helgadóttir sölumaður
Kolbeinn Sigurðsson sölumaður
Kristinn Erlendsson sölumaður

Ólafur Sævarsson sölumaður
Sigurður B. Halldórsson sölumaður
Magnús S. Kristinsson sölumaður
Rannveig Sveinsdóttir móttaka
Erla R. Guðmundsdóttir bókari
Ómar Haraldsson tölvuumsjón/frágangur
Ingvaldur Mar Ingvaldsson framkv.stjóri

**Suðurlandsbraut 50**
Bláu húsin v/Faxafen
husid@husid.is
**Sími 513 4300**

HÚSIÐ FASTEIGNASALA - heilshugar um þinn hag -

## Einbýli — Kvistavellir 41 - 221 Hafnarfjörður



**Verð 49.900.000**
Fallegt nýtt einbýli á einni hæð með tvöföldum innbyggðum bílskúr. Íbúðin er 5 herbergja 156,6 fm og bílskúrin er 55,5 fm, eignin er því samtals 212,1 fm Húsið er staðsteypt og er tilbúið til innréttingar. Eignin skiptist í forstofu, 2 baðherbergi, 4 svefnherbergi, þvottaherbergi, eldhús, svefnherbergisgang, stofu, geymslu og bílskúr. Hiti er í gólfi. Eignin afhendist tilbúin að utan með grófjafnaðri lóð. Að innan er búið að setja milliveggi, sparsla og mála. Loft er tekið upp að hluta og er með möguleika á halógen lýsingu. Möguleiki að taka eign uppí. **AFHENDING ER VIÐ KAUPSAMNING.**

## Einbýli — Hófgerði - Kópavogi.



Fallegt 165 fm einbýlishús á einni hæð þar af 40 fm bílskúr sem er búið að innrétta sem íbúð. Þrjú góð herbergi á sérgangi. Stofa og borðstofa með útgengi í góðan garð. Glæsilegt baðherbergi með nuddbaðkari. Lagnir og rafmagn endurnýjað að mestu leyti. Parket og flísar á gólfum. **Gott hús á þessum vinsæla stað í Kópavogi. Verð 46,7 m.**

## Rað- og parhús — Vogatunga 24 - 200 Kópavogur



**Verð 65.000.000 kr.**
Gott 266,5 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Eignin skiptist í 4ra herbergja íbúð á jarðhæð og 2ja herbergja og stúdíó íbúð í kjallara ásamt 26,4 fm bílskúr. Geymslurými undir svölum er ca 40 fm og er ekki inn í FMR. Góð staðsetning, þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og samgöngur. Útsýni er mjög gott til suðurs. Þetta er góð eign sem býður upp á mikla möguleika og hægt að hafa góðar leigutekjur.

## Rað- og parhús — Helgubraut - Kóp



**288,5 fm. Verð 64,8 millj.**
**290 fm endaraðhús á þremur hæðum.** Tvær íbúðir. Skipti möguleg á minni eign. Leigutekjur góðar fyrir íbúð í kjallara. Eign sem getur einnig hentað tveimur fjölskyldum. Íbúð á jarðhæð og efri hæð 163,5fm, 5 herb, sérinngangur + innbyggður bílskúr 23 fm, samtals 186,5fm Ný eldhúsinnrétting. Nýjar flísar á eldhúsi, gangi, forstofu, gesta WC og stiga. Íbúð í kjallara er ca 102 fm, 3-4 herb, sérinngangur bakatil. Niðurgrafinn að hluta. Bílaplan upphitað. Gervihnattadiskur og móttakari fylgja. **Bak við húsið er garður með leiktækjum. Sparkvöllur. Góðar gönguleiðir allt í kring.**

## Hæðir — Frostafold - 112 Rvk



112,9 fm neðri sérhæð. Eldhús með nýlegri viðarinnréttingu, gegnheill viður á borðum, nýleg vönduð tæki, keramikhelluborð og háfur. Innaf eldhús er þvottahús. Stofa með niðurlímdu eikarparketi, blómastofa með flísum á gólfi og útgang á viðarverönd og þaðan í afgyrtan garð. Baðherbergi með flísum á gólfi og á vegg við baðkar. Svefnherbergin eru þrjú og öll með dúk á gólfi og skápum. Verið er að laga húsið að utan og skipta um gler að hluta og er sú framkvæmd á kostnað seljanda. Sérmerkt bílastæði fylgir íbúðinni ásamt bílskúrsrétti. **Verð 28,6 m.**

## Hæðir — Brekkulækur - 105 Rvk



Afhendist við kaupsamning. Mjög góð 138,5 fm sérhæð við Brekkulæk í Reykjavík, þar af 22,5 fm bílskúr. 3 herbergi og 2 stofur. Stofa og borðstofa með nýju parketi, hvíttuð eik. Útgengt úr borðstofu á góðar vestursvalir. Þrjú góð herbergi með skápum og nýju parketi, hvíttuð eik. útgengt á austur svalir úr hjónaherberginu. Eldhús með ágætri innréttingu. þvottahús innaf eldhúsinu. Baðherbergi nýlega endurnýjað Góð íbúð á þessum vinsæla stað. **Verð 36,7 m.**

## 4ra til 7 herb. — Skálaheiði - Kóp



Björt og góð 4. herbergja íbúð á jarðhæð í Kópavogi . Íbúðin er skráð samkv. FMR 96,4 fm Stutt er í alla þjónustu. Húsið er í göngufæri við Hjallaskóla, Digranesskóla, Leikskólann Álfaheiði og leikskólann Efstihjalli, íþróttamiðstöð við Digranes og verslunarmiðstöð í Engihjalla. **Íbúðin var öll endurinnréttuð og nánast allt endurnýjað árið 2003. Verð 27,2 m.**

## 4ra til 7 herb. — Rauðamýri - 270 Mosfellsbæ



**OPIÐ HÚS kl 18-19 þriðjudag og miðvikudag**
LAUS VIÐ SAMNING sérlega falleg 143 fm 4ra herbergja lúxus endaíbúð á **1. hæð með sér inngangi** á útsýnisstað við Úlfarsfell. Fullkomið gólfhitakerfi með sérstakri hljóðeinangrun á milli hæða. Dyrasími. Íbúðin skiptist forstofu, eldhús, stofu, hol, hjónaherbergi, tvö svefnherbergi til viðbótar baðherbergi með glugga, þvottaherbergi, geymslu, sólpalli og stæði í bílageymslu. **Verð 35,0 m. kr.**
***Uppl. veitir Guðný 821 6610 og Hafdís 695 4850. Verið velkomin!***

## 3ja herb. — Hlíðarhjalli – Kóp.



Björt góða 3ja herbergja íbúð á efstu hæð með sólar suð- vestur svölum með mjög góðu útsýni. Íbúðin er skráð samkv. FMR 82,9 fm Húsið er í göngufæri við Hjallaskóla, Digranesskóla, Leikskólann Álfaheiði og leikskólann Eftstihjalli, íþróttamiðstöð við Digranes og verslunarmiðstöð í Engihjalla. **Verð 22,3 m.**

## 3ja herb. — Kötlufell - 111 Rvk



3ja herbergja 78,2 fm íbúð í jaðri byggðar við Elliðaárdal með fallegu útsýni frá borðkrók í eldhúsi yfir dalinn og Bláfjöllinn. Stutt í Bónus, leikskóla, FB, sundlaug, Gerðuberg, grunnskóla og útivistarsvæði. Íbúðin skiftist í tvö svefnherbergi, eldhús, hol, baðherbergi, stofu og yfirbyggðar svalir.
**Verð 18,9 m. kr.**

## 3ja herb. — Marteinslaug - 113 Rvk



Glæsileg og vönduð 109,6fm, 3ja herbergja íbúð á 4.hæð í álklæddu lyftuhúsi með stæði í lokuðu bílskýli. Útsýni til norðurs og suðurs. Íbúðunum er skilað fullbúnum án gólfefna, með vönduðum innréttingum frá Trésmiðjunni GKS og tækjum frá Siemens. Öllum íbúðum fylgir uppþvottavél. Afhending er við kaupsamning. Byggingaraðili er Fimir ehf. **Verð 24,9m.**

## 3ja herb. — Hamravík - 112 Rvk



Falleg og björt 3ja herbergja 88 fm íbúð á fyrstu hæð með sérinngangi. Eldhús með fallegri innréttingu úr Öl, efri skápar ná upp í loft, flísar á gólfi. Rúmgóð stofa með parketi á gólfi, útgangur á afgyrta viðarverönd og í garð. Baðherbergi með flísum á gólfi og veggjum, baðkar. Hjónaherbergi með parketi á gólfi og góðum skápum. Þar inn af er barnaherbergi með parketi á gólfi, þetta herbergi er í raun geymsla íbúðarinnar. Þvottahús innan íbúðar. Skóli og leikskóli í næsta nágrenni. **EIGNA SEM VERT ER AÐ SKOÐA. Verð 24,5 m.**

## 3ja herb. — Reyrengi 10 - 112 Rvk



Góð 3ja herbergja 84,1 fm íbúð í litlu fjölbýli á jarðhæð með sérinngangi. Anddyri með flísum á gólfi. Baðherbergi með baðkari. Tvö góð herbergi með skápum. Eldhús með alno innréttingu hvít og beyki. Rúmgóð stofa með útgengt í garð, sérafnotaréttur. Sérstæði í opinni bílgeymslu. **Verð 20,9 mill.**

## 3ja herb. — Drápuhlíð - 105 Rvk



Falleg og rúmgóð 3ja herbergja 73,6 fm risíbúð á þriðju hæð í mjög snyrtilegu og þriggja hæða fjölbýlishúsi á góðum og rólegum stað í Hlíðunum þar sem hæfilega langt og hæfilega stutt í miðbæinn. Stór og gróin sameiginleg lóð með grasi og gróðri. **Verð 22,4m.**

## Lóð — Lofnarbrunnur - Úlfarsfell



610 fm lóð undir 4ra íbúða fjölb með bílgeymslum nýtingarhlutfall 1,6. Lóðin er vel staðsett. Verð miðast við að gatnagerðagjöld séu greidd af seljanda og miðast við það byggingarmagn sem gert var ráð fyrir í útboði Reykjarvíkurborgar. Arkitekta og verkfræðinga teikningar fylgja með. **Hámarkstærð íbúðahúsnæðis án bílgeymslu 698 fm með bílgeymslu 978 fm.**

## Nýbygging — Vindakór - 203 Kópavogur



**Tilbúin til afhendingar.** Glæsilegar nýjar 122,5-129,3 fm 4ra herberja íbúðir í 4ra hæða lyftuhúsi með ljósri viðhaldsléttri múrhúð úr steinkvarsi í hinu nýja Kórahverfi í Kópavogi. Allar hurðar og innréttingar úr eik. Eignin skilast fullbúin að utan sem innan en þó án gólfefna að undanskyldum votrýmum en þau eru flísalögð.

## Nýbygging — Marteinslaug - 113 Rvk



Glæsileg og vönduð 109,6fm, 3ja herbergja íbúð á 4. hæð í álklæddu lyftuhúsi með stæði í lokuðu bílskýli. Útsýni til norðurs og suðurs. Íbúðunum er skilað fullbúnum án gólfefna, með vönduðum innréttingum frá Trésmiðjunni GKS og tækjum frá Siemens. Öllum íbúðum fylgir uppþvottavél. **Afhending er við kaupsamning. Byggingaraðili er Fimir ehf. Verð 24,9 m.**

## Nýbygging — Lækjarvað - 110 Rvk



**Aðeins 3 íbúð eftir.** Glæsilegar sérhæðir að Lækjarvaði í Reykjavík. Íbúðirnar skilast fullbúin að utan og að innan tilbúnar til innréttinga. Allir innveggir hlaðnir. Hitalögn í gólfum. Dósir fyrir halogenlýsingu í stofu og holi. Reykrör fyrir arinn fylgja hverri íbúð. Að utan skilast húsið steinað í ljósum lit. Húsin eru á tveimur hæðum með einni íbúð á hvorri hæð og fylgir bílskúr og stórar svalir á bílskúrsþaki með efri sérhæðinni. Lóðin er skipt í séreignarhluta fyrir hvora íbúð, að framanverðu er upphitað bílastæði við bílskúrinn, að auki er sérstæði fyrir neðri hæð og tvö önnur sameiginleg bílastæði. Lóðin verður tyrfð bakatil, bílaplan og aðkoma frágengin. Snjóbræðsla er fyrir framan bílskúr og í aðkomu.

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

Frum

Frum

# Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009



## Laugavegur - Lúxus

3ja herb. íbúðir í nýju, 6 íbúða húsi við Laugaveg. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum og innr. Íbúðirnar eru frá 86,6 fm til 100,8 fm. Mikil lofthæð er í íbúðunum. Lyfta í húsinu. Þakíbúðirnar eru með tvennum svölum og útsýni. **Verð frá 43 til 45 millj.**



## Framnesvegur - einbýli

Fallegt 161,3 fm þrílyft einbýli í vesturbænum. Ris: herb., bað, hol og geymsla. Miðhæð: anddyri, svefnh., 2 samliggjandi stofur og eldhús Kjallari: 2 svefnh., bað, anddyri, hol, geymsla, þvottahús, sjónvarpshol. Notarlegt eldra hús sem er vel við haldið. **Verð 57 millj.**

### Seltjarnarnes
Erum með kaupendur að eignum á Seltjarnarnesi

### 108 Reykjavík
Erum með kaupanda að raðhúsi í Fossvogsdal (Löndunum).

### 110, 112, 201 eða 203
erum með kaupanda að raðhúsi á einni hæð með stórum bílskúr.

### 107 Reykjavík
Erum með kaupanda að 3ja herbergja íbúð í vesturbæ Reykjavíkur



**Verktakar - tækifæri**
Byggingaréttur af nýju fjölbýli í grónu hverfi í Kópavogi. Hornlóð á fallegum stað með miklu útsýni. Teikningar af nýja húsinu liggja fyrir og hafa verið samþykktar.



**Engihjalli - 1. hæð**
84 fm 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðin skiptist í 2 svefnh. stofu, eldhús og bað. Sérgeymsla á jarðhæð. Þvottah. á hæðinni. **Verð 20,4 millj.**



**Hjallabraut - 4ra herb.**
108,1 fm² á 3. hæð við Hjallabraut, Hafnafirði. Íbúðin skiptist í forstofu, borðstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og hjónaherbergi. **Verð 22.5 millj.**



**Auðbrekka - hæð**
100 m² 3ja herbergja miðhæð í þríbýlishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi, barnaherbergi og geymslu (5,2m²) á jarðhæð. Eldhús nýlega uppgert. **Verð 22.5 millj.**



**Laugavegur - 3ja herb.**
101,3 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð við Laugarveg. 65 fm svalagarður til suðurs með heitum potti. Íbúðin skiptist í forstofu, bað, eldhús og tvö svefnh.. Eignin er öll nýlega endurnýjuð að sögn eiganda þ.e.a.s. raflagnir, þak og ofnalagnir. Sameignin falleg.



**Kóngsbakki - 4ra herb**
101.4 fm íbúð á 3. hæð. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, hjónah., 2. barnaherbergi, bað og þvottah. Íbúðin er upprunaleg og snyrtileg. Sér geymsla í kjallara. **Verð 21.9 millj.**



**Meistaravellir - Vesturbær**
109,5 fm fjögra herbergja íbúð á annarri hæð. Forstofa, eldhús, stofa og borðstofa, þrjú svefnherbergi með góðum skápum og baðherbergi. **Verð 31,9 millj.**



**Asparhvarf - Glæsieign**
Um er að ræða 501,4 fm einbýli í byggingu sem afhendist fullbúið. Húsið stendur efst í lokaðri götu. Húsið skiptist í anddyri, 5 svefnh. 4 baðh., gestasn., eldhús, stofu, borðstofu, æfingasal/frístundarými, sjónvarpsh., þv.hús, geymslu og bílskúr.



**Gullengi - 4ra herb.**
Ný fullbúin 132 fm íbúð á annari hæð í þriggja hæða fjölbýli við Gullengi. Eignin skiptist í 4 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús .Sameiginlegur garður með leiktækjum. Sér inngangur af svölum. *Hagstætt 20 millj. lán getur fylgt.* **Verð 33.9 millj.**



**Mjósund - Hafnarfjörður**
109,9m2 íbúð á fyrstu hæð með kjallara. Eignin skiptist í hæð með forstofu, stofu, borðstofu og eldhúsi. Kjallari með sjónvarpsrými, baðherbergi, herbergi og þvottahúsi. Íbúðin er laus. **Verð 23.1 millj.**



**Strandvegur - Garðabær**
Um er að ræða fallega 4ra herbergja íbúð á 2 hæð í lyftuhúsi með stæði í bílgeymslu. Mikið og gott útsýni er úr íbúðinni. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Verð 43,2 millj.**



**Skipalón 21 - Hafnarfirði**
3ja til 5 herb. íbúðir í nýju fjölbýli. Íbúðirnar eru frá 98.7 fm að 130 fm. Skilast tilbúnar. Eldhús m/tækjum frá Miele granít borðplötu og ísskáp frá G.E. Val á háglans sprautul. innrétt. eða eikarinnrétt. Þv.h. innan íb. Stæði í bílsk. Sjá lýsingar http://php.onno.is/vefir/ibyggd/skipalon/



**Álfhólsvegur - Útsýni**
181 fm einbýlishús nýlega standsett með möguleika á 2ja herb. íbúð í kjallara. Íbúðin skiptist aðalhæð með forstofu, samliggjandi borðstofu og stofu, svefnherbergi og eldhús, efri hæð með hjónaherbergi, barnaherbergi sjónvarpskrók, leiksvæði og baðherbergi.



**Lauganesvegur - endurnýjuð**
3ja herbergja 83,2m² íbúð sem skiptist í forstofu, bað, 2 svefnherbergi, eldhús, stofu og 7 fm geymsla. Eldhús er með sérsmíðaðri hvítri sprautul. innr., nýlegum tækjum og gufugleypi úr burstuðu stáli. Gler, raflagnir, dósir og tenglar er nýtt. **Verð 26.6 millj.**



**Tröllakór - 3ja herb.**
108 fm 3ja herbergja í búð á 2. hæð í 4. hæða lyftuhúsi. Íbúðin er með 2 rúmgóðum svefnh. Stórri stofu með góðum suðursvölum. Innangengt í bílageymslu. Öll eldhús tæki fylgja með í kaupum. Vandaðar eikarinnréttingar. **Verð 26.2 millj.**



**Klettakór - útsýni**
4 - 5 herb. íbúð stærð 175,5 fmÍ búðin er á tveim hæðum og skiptist í neðri hæð með 2. svefnh., baði, þv.húsi og geymslu og eftri hæð með 1 svefnh., baði, eldhúsi og stofu. Íbúðinni er skilað fullbúinni án gólfefna öðrum en með flísalögðum baðog þv.húsgólfi. **Verð 43 millj.**



**Kaplaskjólsvegur - Vesturbær**
Ný innréttuð 107.2 fm, 4ra herbergja endaíbúð á 1. hæð á þessum vinsæla stað í vestunbænum. Íbúðin skiptist í þrjú svefnh., stofu, eldhús og bað. **Verð 32 millj.**



**Skógarhjalli - Kópavogur**
Glæsilegt 284,2 fm einbýli á 2 hæðum, þar af 32 fm bílskúr. Sér 2ja herb. íbúð á jarðh. Á efri hæð er forst., forstofuh., eitt svefnh., baðh., stofur og eldh. Á neðri hæð er sjónv.hol, tvö svefnh., baðh., saunakl. og þvottahús. **Verð 68 millj.**



**Grettisgata - Miðbær - Einbýli**
**Viltu innrétta sjálf/ur?** Í dag eru hæðirnar einn geimur og hægt að hanna herbergisskipan að vild. Húsið skiptist í kjallara, hæð og ris. samt. 138 fm og 50 fm 2ja herb hliðarbyggingu.



**Þórðarsveigur - Útsýnisíbúð**
4ra herbergja 106,8 m2 íbúð á 4.hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, hjónah., 2 barnah., bað, þvottahús og geymslu auk stæðis í bílageymslu. **Verð 29,9 millj.**

Stakfell.is | :: 535_1000

### Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

### Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

### Magnhús ehf
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

### Húsasmíðameistari.
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl.í s. 894 0031.

### Pípulagnir
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Stífluþjónusta

Stífluþjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

## Tölvur

### Tölvuþjónusta
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Kærleiks-ljósið
Spamiðill, Tarot-lestur og kristalkúla
Visa S. 566 7311 Euro

**Englaljós S. 908 5050 & 863 1987**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11-01. Lára spámiðill. Visa/Euro.**

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
Visa 562 8211 Euro

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI – Spámiðill
Spái í spil og kristalkúlu.
Fyrirbænir.
Sími 557 4391,
www.engill.is

**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**
**Einkatímar. Erla s. 587 4517.**

### Alspá 445 5000 & 823 8280
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Kristjana spámiðill. Þeir sem til mín vilja leita. Pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

### Símaspáin.
Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan - fjarheilun/fyrirb. Spák. Yrsa. 908-6414 (199 mín.) 553-5395 (173 mín.Visa/MC). Símat. 10-24. Hringdu núna!

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RafList**

**Löggildir rafverktakar**
**Getum bætt vid okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,**

**og fagleg ráðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.**

**www.raflist.is**

## ÞJÓNUSTA

RENNUR & NIÐURFÖLL
ÓLAFUR SÍMI: 694 8448
LAGFÆRINGAR
UPPSETNINGAR
ÞAKVIÐGERÐIR
OG ÖNNUR SMÍÐAVINNA

VR Smíði
Sími: 895 2063
TILBOÐ Á PARKETLAGNINGU 1800kr pr. m²
• tilboð á parketlagningu 1800/m² •
• tilboð á uppsetningu innréttinga •
• tilboð á uppsetningu á innihurðum •

## Trésmíði

Gólfþjónustan ehf.

### Seljum og leggjum parket
Tökum að okkur lagningu, slípun, lökkun ofl. á parketi, eigum margar tegundir af gegnheilu parketi til sölu. Hröð og góð þjónusta. S. 659 7596

## Viðgerðir

### Pípulagnaviðgerðir sími 897 3656
Pípulagnaviðgerðir á öllu höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 897 3656.

## Önnur þjónusta

### Slökkvitæki ehf
Hlöðum og seljum slökkvitæki fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga. Sækjum tækin og skilum. Seljum einnig allt tengt brunavörnum. Gott verð og persónuleg þjónusta. Slökkvitæki ehf. Sími 565 4080.

Allt til víngerðar. Víngerðarefni, bjórgerðarefni. Áman Háteigsvegi 1, www.aman.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu



### Stubbastandar
Viltu losna við sígarettustubbana, bæði standar og á vegg. Standur ehf. Uppl. í s. 842 2535.



Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

mót heildverslun
WC Gámahús 5"ft og 8"ft er hentug lausn fyrir ýmsa viðburði og á vinnusvæði.
mót heildverslun
www.mot.is 544 4490

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri


Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

## Til bygginga


Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

## Verslun

TANTRA Erótísk verslun
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 590.-
Tilboð á DVD Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Örugglega besta rakgelið!
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

### Gúmmíbátar & Gallar
Björgunarbátar frá 119.900, þurrgallar m/öndun 39.900, slöngubátar, viðgerðarefni og viðgerðir. Heimsækið okkur á gummibatar.is eða S:6607570

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

LR Henningskúrinn. Frábær árangur! Uppl. hjá Önnu í s. 699 7379 & 662 5599.

Vitu komast í form fyrir sumarið? 52 kg. farin! LR-kúrinn er ótrúlega hraðvirkur og auðveldur. Hentar öllum. Uppl. í s. 891 6264 & allax@simnet.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**


Schafer hvolpar til sölu, með ættbók frá HRFÍ. Tilbúnir til afhendingar. Frábærir fjölskylduhundar. Upplýsingar í síma 615 5000.

Please Pet Nutrition. Náttúrulegt nammi og bitafiskur fyrir hunda og ketti. Gefur árangur í þjálfun og leik. Fæst í Bónus. www.please.is

## Ýmislegt

Leðursófi á 10 þ. Barnaleikgrind 8 þ. Gasgrill á 7 þ. Húsbóndaleðurstóll á 10 þ. S. 848 0246 & 567 3802.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska


Leðurtöskur kr. 5.055, ~~Tito.is - Súðarvogi 6 - S.861 7388~~

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Þarftu að leigja?
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus LEIGUMIÐLUN

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Góð 4 herbergja íbúð í 101 til leigu. Upplýsingar í síma 695 1730.

Til leigu 2 herb. íbúð 65 fm í breiðholti með lyftu, laus 1 mars. 115 þ. með hússj. á mán. Fyrirframgreitt fyrsta og síðasta mán.+trygging. S. 842 2600.

## Húsnæði óskast

32 ára gamall karlmaður, háskólamenntaður, í fullri vinnu, reykir ekki, er að leita að lítilli íbúð eða herbergi helst með húsgögnum nálægt miðbænum frá 1. júní. kantofalis@hotmail.com

## Sumarbústaðir


Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.


Til sölu til flutnings nýtt Sumarhús 67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að utan, einangruð og plöstuð að innan. Teikningar fylgja með. Sumarhus.com S. 615 2500.

## Geymsluhúsnæði

Geymslugámar
Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.
HAFNARBAKKI

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4530

## ATVINNA

## Atvinna í boði

ÖRYGGISGÆSLAN

**Öryggisgæslan ehf.**
**Óskar eftir starfsfólki til næturstarfa frá 23:00 til 08:00 Vinna er í boði allar nætur, einnig um helgar eða aukavaktir í boði. Starfið felur í sér m.a. áfyllingu 30%, Þjónustu & Gæslu 70%. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 20 ár.**
**Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Auðbrekku 6, 200 Kópavogur. Opið er frá kl.10-16 virka daga. Einnig er hægt að hringja í Síma 856-5031**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hörku-duglega manneskju í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076. Íslenskukunnátta skilyrði.**

**Vaktstjóri**
**Bakarameistarinn Húsgagnahöllinni óskar eftir vaktstjóra um helgar ekki yngri enn 20 ára. Góð laun í boði. Upplýsingar gefur 897 5470**

**Helgarvinna**
**Bakarameistarinn auglýsir eftir afgreiðslufólki í glæsileg kaffi-hús sín um helgar. Umsóknareyðublöð má finna á: www.bakarameistarinn.is**

**Sölu-og kynningarstarf!**
Vegna aukinna verkefna vantar okkur framúrskarandi sölu og kynningarfólk til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Um hlutastarf er að ræða. Vinnutíminn er frá 15-19 virka daga og um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Helstu hæfniskröfur eru: Viðkomandi hafi ánægju af mannlegum samskiptum. Góða framkomu. Sé glaðvær, brosmildur, áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 ára og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband í s. 586 9000. Einnig má senda umsóknir á kynning@kynning.is

**Kornið auglýsir**
Kornið auglýsir eftir helgarstarfsfólki í eftirfarandi búðir: Spöng, Langarima Borgartún og Hjallabrekku. Umsækjandi má ekki vera yngri enn 16 ára. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Bettís Kópavogi**
**Starfskfraftur ekki yngri en 18 ára óskast eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi. Upplýsingar í síma 899 8212.**

Óskum eftir meiraprófsbílstjórum. Upplýsingar í síma 4149700.

**Gröfumenn ehf.**
Óskum eftir gröfumönnum og verkamönnum. Uppl. í s. 860 4431 & 860 4430 & 565 0033.

Ertu 50+ og býrð yfir reynslu! Er að leita að samstarfólki í mjög áhugavert verkefni. Mjög góð þóknun nú og til framtíðar. uppl. 575-1525

Sjálfstæður og framsækinn sölumaður óskast í skemmtilegt söluverkefni. Uppl. í s. 699 0911.

Vantar konu til starfa við þrif í íþróttahúsi vinnutími 7.30-13.30 reyklaust umhverfi Uppl. í s. 893 8788.

Bílamálari Langar þig að flytja út á land ? Kjalfell ehf á Blönduósi óskar eftir bílamálara. Skilyrði er að umsækjandi sé með reynslu í bílamálun. Nánari upplýsingar gefur Rúnar í síma 695-3363. www.kjalfell.is

Smiðir járnabindingamenn: Óskum eftir vönum smiðum í flekauppslátt, einnig vantar okkur vana járnabindingamenn. Næg verkefni framundan. Upplýsingar í símum 8565555 og 5177833

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, fiskvinnslufólk o.fl. S.8457158

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Stjórn SKOTREYNAR boðar til aðalfundar miðvikudaginn 27. febrúar í félagsheimilinu Álfsnesi kl. 20. Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf.

## Einkamál

60 ára maður óskast eftir að kynnast konu á aldrinum 50-65 ára. Svar sendist FBL merkt „vinur"

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# ATVINNA

**VANTAR ÞIG MÚRARA?**
**Reyndir menn - klárir til vinnu!**
**Sverrir@Proventus.is**
**Hringdu núna S. 661-7000**

# FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

**Verkalýðsfélagið Hlíf**
Reykjavíkurvegi 64 - 220 - Hafnarfjörður
Sími 5550944 - Fax 5654055 - Netfang: hlif@hlif.is

## Félagsfundur

Fundur verður haldinn mánudaginn 25. febrúar 2008, kl 20:00 í Félagsheimili Vlf. Hlífar, Reykjarvíkurvegi 64, Hafnarfirði.

**Dagskrá:**
1. Kjaramál:
   Kynning á ný undirrituðum kjarasamningi á almennum markaði.
2. Önnur mál.

**Kaffiveitingar**

**Stjórn Vlf. Hlífar**

EFLING stéttarfélag
Stendur með þér!

## Félagsfundur

Efling-stéttarfélag
Félagsfundur verður haldinn miðvikudaginn 27. febrúar kl. 18.00 í Kiwanishúsinu við Engjateig.

**Dagskrá:**
1. Félagsmál. Laga og reglugerðarbreytingar
2. Kynning á nýjum kjarasamningi Flóabandalagsins og SA
3. Önnur mál

Félagar mætum vel

**Stjórn Eflingar stéttarfélags**

# ÞJÓNUSTA

**Viltu láta dekra við þig í austurlensku umhverfi þar sem óspillt náttúran er á næsta leiti? Þá er þetta rétti tíminn!**



**Snyrtistofan Dong Fang, Hótel Loftleiðum býður dekur fyrir konuna í tilefni Konudagsins:**

**15% afsláttur af öllum andlitsmeðferðum, litun og plokkun, frá 15. feb. - 15. mars**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Verður opin mánud - föstud frá kl. 9.00 til 21.00 og á laugard frá kl. 10.00 til 18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIR HOTELS
LOFTLEIÐIR




VERJUM OG SÆKJUM ÞANN RÉTT SEM VIÐ EIGUM

KYNNINGAFUNDIR UM NÝGERÐA KJARASAMNINGA Á ALMENNUM MARKAÐI

*Félagar eru hvattir til að mæta og kynna sér efni samninganna. Hægt er að skoða þá og auglýsingu um fundarstaði á vef Rafiðnaðarsambandsins www2.rafis.is*

*Atkvæðaseðlar hafa verið sendir félögum.*
***Kjósum um okkar kjör!***

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS









## STUÐ MILLI STRÍÐA Fall siðmenningarinnar

**VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR** REYNIR AF VEIKUM MÆTTI AÐ VERA BJARTSÝN



Nú syrtir í álinn. Útlit er fyrir að kreppan verði dýpri og lengri en talið var í fyrstu. Ekki nóg með það, heldur mætir hún líkast til fyrr til leiks en við héldum. Það er sem sagt ekki seinna vænna að láta grafa demanta í tennurnar og gullhúða lúxusjeppann; það styttist í að slíkar skreytingar þyki bera vott um smekkleysi hins ríka í heimi fátækra.

Almennt er fátt sem við óttumst eins mikið og kreppur. Kreppuóttinn stafar ekki aðeins af því að við hræðumst að þurfa að gefa nautnir og neyslu upp á bátinn; við óttumst kreppur ekki síður vegna þess að innst í okkar kjarna trúum við því að efnahagskreppur séu þess megnugar að knésetja mannlegt samfélag eins og við þekkjum það og þurrka út alla siðmenningu. Við sjáum fyrir okkur að samfélag sem hefur lengi verið sligað af kreppu taki á sig einkenni hryllingsmynda; þannig óttumst við í raun að kreppan slengi okkur beinustu leið inn í myndir á borð við I am Legend eða 28 Days Later þar sem mannlegar hetjur standa einar á móti fullkomnu hruni siðmenningarinnar og sturluðum mannætum.

Mannát, tja, við skulum vona að kreppan verði ekki svo langvinn. En víst er það svo að neyðin kennir naktri konu að spinna og allt er hey í harðindum. Þó verður að segjast að á þessu stigi málsins er óþarfi að slengja fram bölsýnum framtíðarspám; kreppan er enn sem komið er bara lítil og pen. Lítum hana því björtum augum. Hruni siðmenningarinnar fylgja nefnilega ýmsir kostir. Stöðumælaverðir gufa til að mynda upp sem starfsstétt og í kjölfarið verður mögulegt að leggja bókstaflega hvar sem er án þess að eiga von á sekt. Það er frábært þar sem fæstir hafa efni á að borga stöðumælasektir þegar kreppan sverfur að. Íslendingar sýna nú þegar mikla færni og hugmyndaauðgi þegar kemur að því að leggja bílunum á skapandi og frumlegan hátt. Leiða má því líkur að því að kreppan muni færa okkur ný tilþrif á þessu sviði. Því ber að fagna.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> HRINGLAUS CHERYL

Cheryl Cole mætti á afhendingu Brit-verðlaunanna í London í síðustu viku ásamt hljómsveit sinni, Girls Aloud. Fingur hennar vöktu sérstaka athygli í þetta skiptið, en þar var hvergi að sjá 10 milljóna króna giftingarhringinn sem fótboltamaðurinn Ashley Cole dró á fingur hennar. Það þykir vera merki um að Cheryl ætli sér ekki að fyrirgefa honum margumrætt framhjáhald og að hjónabandi þeirra sé lokið.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Amy eyðileggur hótelherbergi

Að undanförnu hefur litið út fyrir að Amy Winehouse væri á batavegi en umgengnin í hótelherbergi hennar á hótelinu Riverbank Plaza í London gefur annað til kynna. Breska blaðið The Sun greinir frá því að starfsfólki hótelsins hafi brugðið í brún þegar það kom inn í herbergi söngkonunnar til að þrífa síðastliðinn miðvikudag en því hafði ekki verið hleypt inn í herbergið áður. Amy hefur dvalið á hótelinu frá því hún sneri úr áfengismeðferð sinni í síðustu viku.

„Starfsfólkið komst loks inn í herbergið á meðan Amy var á Brit-verðlaunahátíðinni. Það var hrikalegt. Það var allt út í áfengi og sígarettustubbum, algjörlega viðbjóðslegt. Það hafði ekki verið skipt á rúminu frá því að hún kom,“ segir heimildarmaður blaðsins. „Það voru óhrein nærföt úti um allt og herbergið lyktaði mjög illa. Þeir hafa þegar þurft að skipta um hluta af parketinu á gólfinu,“ segir heimildarmaðurinn, en kostnaðurinn við það var um 400 þúsund krónur. „Hver veit hver lokaupphæðin verður?“ bætir heimildarmaðurinn við.

Starfsfólki brá þó mest við þegar það fann spegil sem hangið hafði á veggnum liggjandi á gólfinu, en kókaíns er oftast neytt af sléttum flötum eins og speglum. „Maður getur bara giskað á til hvers spegillinn var notaður,“ segir heimildarmaður The Sun, sem segir það hafa tekið þrjár hótelþernur tvo klukkutíma að taka til í herberginu.



**SÓÐALEG** Umgengni Amy Winehouse um hótelherbergi sitt á Riverbank Plaza þykir fyrir neðan allar hellur, og hefur fólk áhyggjur af því að hún sé aftur farin að neyta eiturlyfja.

# Úr Sopranos í gamanþátt

**Leikkonan Edie Falco hefur tekið að sér hlutverk hjúkrunarkonu frá New York í nýrri gamanþáttaröð sem fer í framleiðslu vestanhafs á næstunni. Talið er að þættirnir verði frumsýndir seint á þessu ári. Falco er þekktust fyrir hlutverk sitt sem mafíósafrúin Carmella Soprano í þáttunum The Sopranos. Hún var sex sinnum tilnefnd sem besta leikkonan á Emmy-verðlaunahátíðinni og varð hlutskörpust þrívegis. „Það var yndislegt að leika í The Sopranos,“ sagði Falco. „Það hefur verið erfitt að finna eitthvað sem höfðar til mín en þessi persóna og handritið eru afar spennandi.“**



EDIE FALCO

# Vilhjálmur vill bíða með bónorðið

**Hafi einhver stúlka haldið að lífið væri auðvelt með prinsi skjátlast henni hrapallega því nú hefur Vilhjálmur ákveðið að slá ástinni á frest og beðið unnustu sína Kate Middleton að hinkra aðeins.**

Í News of the World er sagt að Vilhjálmur hafi óskað eftir því að Kate hafi lítið samband við hann á þessu ári. Mun Vilhjálmur vilja einbeita sér að hernum um stundarsakir en ku víst hafa lofað stúlkunni að biðja hennar þegar hann verður orðinn kóngur árið 2009. Samkvæmt heimildum News of the World hefur Vilhjálmur hins vegar reynt að drepa sambandið hægt og rólega og forðast það eins og heitan eldinn að vera í samskiptum við kærustuna sína. „Þetta er svona „ég hringi í þig, þú mátt ekki hringja í mig“-samband,“ hefur News of the World eftir nafnlausum heimildarmanni sínum.

Samband þeirra Vilhjálms og Kate hefur verið nokkuð óstöðugt svo ekki sé meira sagt. Þau hættu að vera saman í apríl á síðasta ári en náðu aftur saman eftir stuttan aðskilnað. Þau hafa hins vegar ekki sést mikið saman opinberlega eftir að hitnaði í kolunum aftur og nú virðist Vilhjálmur vilja leika lausum hala. „Kate vill bíða, á því leikur enginn vafi. Hún hefur hins vegar miklar áhyggjur af því að Vilhjálmur sé bara að reyna að losa sig við hana með þessum hætti,“ segir náinn vinur Kate. „Hún veit að biðin er áhætta en er reiðubúin að taka hana enda er hjarta hennar bundið Vilhjálmi,“ bætir hann við.

News of the World greinir frá því að Vilhjálmur á eftir erfiðan kafla í herþjálfuninni og vill fá að einbeita sér að honum. „Hann er búinn að tjá Kate að ef þau komast yfir þetta muni þau giftast á næsta ári,“ segir heimildarmaður blaðsins.



**SUNDUR OG SAMAN** Vilhjálmur ætlar að taka sér smáfrí frá unnustu sinni Kate og einbeita sér alfarið að hernum. Kate ætlar að bíða eftir sínum manni.




Tomma fyrir hvert ár!

TILBOÐ 99.990 kr.

13" MacBook á fermingartilboði

MacBook hvít
2,0 GHz
Intel Core 2 Duo
80 GB HD / 1 GB vinnsluminni
13,3" hágljáa skjár
1280 x 800 díla upplausn
99.990 kr.

Combo Drive geisladrif
iSight myndavél
Fjarstýring
Íslenskt hnappaborð
2 ára neytendaábyrgð
Áður 119.990 kr.

Þunn, þægileg og örugg. MacBook er ein af þeim öflugustu. Með 2,0 GHz Intel Core 2 Duo örgjörva og 1 GB vinnsluminni vinnur hún jafn ljúflega með Mac OS X og Windows. Með skínandi björtum 13,3" hágljáa breiðtjaldsskjá er hún fullkomin fyrir þá sem vilja almennilegan kraft í fallegri, einnar tommu þykkri fullorðinni tölvu.



Apple iPod USB 3.490 kr.



Griffin iTrip 4.990 kr.



USB sjónvarpsmóttakari 12.990 kr.



Þráðlaus mús 6.990 kr.
Þráðlaust lyklaborð 7.990 kr.



Griffin Road Trip 6.990 kr.

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400 Laugavegi 182 Kringlunni
www.apple.is 105 Reykjavík 103 Reykjavík

Apple IMC

Fermingartilboðið gildir til 31. mars 2008





Ef netið er niðri er allt í rúst
– öruggt NET Samband
Með NET Sambandi Símans er fyrirtækið í áreiðanlegum tengslum við umheiminn. NET Samband er með kerfisvöktun allan sólarhringinn, uppitími netsins er 99,999% og uppfærslur eru gerðar að næturlagi til að auka öryggi og þægindi.
Hringdu í 800 4000 og fáðu aðstoð ráðgjafa við val á NET Sambandi sem hentar þínu fyrirtæki.
800 4000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp

# Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 8 og 10.10 | L |
| RAMBO | kl. 6, 8 og 10.10-P | 16 |
| JUMPER | kl. 8 | 12 |
| LOVEWRECKED | kl. 6 | L |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 ÍSL TAL | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!










| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | AUKAKRÓNUR 5% | | REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu | |
|---|---|---|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | | 27 DRESSES | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | |
| 27 DRESSES LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | | JUMPER | kl. 6 - 8.30 - 10.30 | 12 |
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10.10 | 12 | BEFORE THE DEVIL KNOWS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 4 - 6 - 8 | | MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 - 10 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.40 ÍSLENSKT TAL | | | | |
| CLOVERFIELD | kl. 10 | 14 | | | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 | | | |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | AUKAKRÓNUR 5% | | BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5.50 - 9 | 16 | 27 DRESSES | kl. 8 - 10 | |
| INTO THE WILD | kl. 6 - 9 | 7 | RAMBO | kl. 5.50 | 16 |
| ATONEMENT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 | ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.50 ÍSLENSKT TAL | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 | BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |
| | | | JUMPER | kl. 10 | 12 |
| | | | | AUKAKRÓNUR 5% | |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5:15 - 8:30 - 10:10 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5:15 - 8:30 | VIP |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MR. MAGORIUMS.. | kl. 5:50 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 10:10 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 | 16 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 6:10 - 8:20 - 10:30 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10 | L |
| JUMPER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| NO COUNTRY FOR OLD... | kl. 10:10 | L |
| JUMPER | kl. 8 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | sýnd lau og sun. | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 8 - 10 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| UNTRACEBLE | kl. 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2: THE STREETS | kl. 8 | 7 |
| CHARLIE WILSONS WAR | kl. 10:10 | 12 |
| RAMBO | kl. 8 | 16 |
| NO COUNTRY FOR... | kl. 10 | 16 |


# Knight Rider langvinsælust

Alls horfðu 12,7 milljónir Bandaríkjamanna á sjónvarpsmyndina Knight Rider sem er byggð á samefndum sjónvarpsþáttum frá níunda áratugnum með David Hasselhoff í aðalhlutverki.

Myndin, sem er tveggja tíma löng, var sýnd á sama tíma og hinir vinsælu þættir Dexter og Brothers and Sisters. Kom það ekki að sök og varð myndin sú vinsælasta sem hefur verið frumsýnd í sjónvarpi vestanhafs í þrjú ár.

Myndin fékk engu að síður misjafna dóma og töldu sumir aðdáendur þáttanna að myndina vantaði þann neista sem þættirnir höfðu. Vona aðdáendurnir að myndin sé aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal og að sjónvarpsþáttaröð sé handan við hornið.

Sápuóperustjarnan Justin Bruening fetar í fótspor Hasselhoffs í myndinni sem Mike Traceur, fyrrverandi kappakstursletja. Ekur hann hinum talandi bíl Kitt og ljær leikarinn Val Kilmer honum rödd sína. Hljóp Kilmer í skarðið fyrir Will Arnett úr þáttunum Arrested Development sem hætti við verkefnið á síðustu stundu.



**VAL KILMER** Val Kilmer ljær bílnum Kitt rödd sína í myndinni.

**DAVID HASSELHOFF** Strandvarðarhetjan fyrrverandi lék aðalhlutverkið í gömlu Knight Rider-þáttunum.

# Mögnuð endurkoma Þursa

Það var þjóðleg stemning sem tók á móti tónleikagestum í Laugardalshöllinni á laugardagskvöldið. Í anddyrinu var boðið upp á hákarl og brennivín, harmonikkuleikari skemmti gestum og glímukappar tókust á í einu horninu.

Þursaflokkurinn hefur áður verið endurvakinn til að spila í Laugardalshöllinni. Það var á Reykjavík Music Festival árið 2000. Þá var minna lagt undir og þó að einhverjir hafi þar fengið eina af sínum heitustu óskum uppfyllta þá voru þeir tónleikar að mínu mati einkennilega ófullnægjandi. Nú var stefnt hærra, skrifaðar nýjar útsetningar og Caput hópurinn fenginn til samstarfs.

Það voru hátt í þrjátíu manns á sviði Laugardalshallarinnar. Þursarnir sex voru þarna, Egill, Þórður, Tómas, Ágeir, Rúnar og Eyþór. Caput hópurinn var við þetta tækifæri skipaður tuttugu manns, blásurum, strengjaleikurum og slagverksleikurum og fremstur á sviðinu stóð svo stjórnandinn, Guðni Franzson.

Tónleikarnir hófust á því að Caput flutti Þursasíu, tónverk samsett úr lögum Þursaflokksins eftir Ríkarð Örn Pálsson. Í því var aðallega leitað í lög af fyrstu Þursaplötunni og Þursabiti og þjóðlagastefin áberandi. Ágæt upphitun. Að henni lokinni komu svo Þursarnir sjálfir á sviðið og byrjuðu á lokalaginu af Gæti eins verið, Ranimosk. Dagskránni var annars nokkuð bróðurlega skipt á milli laga af hljóðversplötunum þremur auk tveggja laga úr söngleiknum Gretti. Hún var flutt nokkurn veginn í tímaröð.

Það var greinilegt að það var mikill hugur í Þursum á þessum tónleikum. Þeir áttu allir sín augnablik á sviðinu, en mest áberandi var Egill sem lék á als oddi og var í miklu stuði strax frá fyrsta lagi. Hann söng af mikilli innlifun og stóð oft upp frá píanóinu og hoppaði og skakaði sér og sagði skemmtisögur á milli laga.

Þessar nýju útsetningar á Þursalögunum voru margar að svínvirka. Hápunktar á dagskránni voru margir og eiginlega hvergi dauður punktur: Einsetumaður einu sinni var mjög áhrifamikið, Æri-Tobbi jafn magnað og áður með snilldartakta Þórðar í miðpunkti, Caput setti mikinn svip á Sjö sinnum það sagt er mér sem byrjaði á svölum saxófónblæstri frá Sigurði Flosasyni og Jóel Pálssyni. Bannfæring var mikilfenglegt í þessari stóru útsetningu og það sama er hægt að segja um Grafskript.

Vill einhver elska 49 ára gamlan mann var í nettri kammerpoppútsetningu og Sérfræðingar segja í hálfgerðum teknóbúningi. Eins og áður segir: Eintómir töfrar og hvergi dauður punktur. Síðasta lagið á hinni eiginlegu dagskrá var Gegnum holt og hæðir sem var ágætlega sungið af Ragnheiði Gröndal.

Eftir kröftugt uppklapp komu Þursarnir aftur á svið án Caput og tóku þrjú aukalög, Sigtryggur vann, Nútímann og Gegnum holt og hæðir öðru sinni. Þá hurfu þeir af sviðinu en birtust á ný eftir enn meira klapp og stapp og nú án Egils og Tómas söng Jón er kræfur karl og hraustur eftir að hafa blótað því að „þurfa að vinna á þessum helvítis tónleikum kvöldið sem hann ætlaði að slappa af heima og horfa á Eurovision". Jón... byrjaði sem polki, en fór svo út í gömlu góðu pönkútgáfuna og um salinn fór enn einn sæluhrollurinn... Fullkominn endapunktur á frábærum tónleikum.

**Trausti Júlíusson**



**TÓNLEIKAR**

**Hinn íslenzki Þursaflokkur og Caput**

Laugardalshöll 23. febrúar.

★★★★★

30 ára afmælistónleikar Þursanna í Laugardalshöllinni heppnuðust frábærlega. Nýju útsetningarnar og samstarfið við Caput glæddu gömlu góðu Þursalögin nýju lífi án þess að ræna þau kraftinum og spilagleðinni sem einkenndi upprunalegu útgáfurnar.


MÁN

25 FEB
17:00 Mannaland
20:00 Sálumessa
22:00 Melónuleiðin



**SÁLUMESSA**
Mynndin byggist á raunverulegum atburðum þegar ung katólsk kona lét lífið í Þýskalandi 1976 eftir að reynt var að særa úr henni illa anda.

Allar upplýsingar er að finna á WWW.FJALAKOTTUR.IS







* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námukorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.

Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

# Framleiðir Akira

Leikarinn Leonardo DiCaprio verður framleiðandi leikinnar Hollywood-útgáfu af japönsku teiknimyndinni Akira. Fyrirtæki DiCaprio, Appian Way, ætlar að búa til tvær Akira-myndir og er sú fyrri væntanleg sumarið 2009.

Upphaflega Akira-myndin kom út í Japan árið 1988. Var hún byggð á manga-teiknimyndasögum sem leikstjóri myndarinnar, Katsuhiro Otomo, samdi. Myndin varð gríðarvinsæl og er þegar orðin sígild þar í landi. Fjallar hún um hinn unga Tetsuo frá Tókýó sem flækist inn í dularfullt verkefni ríkisins sem nefnist Akira.

DiCaprio, sem ætlar ekki að leika í myndinni, hefur lengi reynt að koma henni á koppinn í Bandaríkjunum. Hann öðlaðist kvikmyndaréttinn fyrir mörgum árum og átti síðan í vandræðum með að finna framleiðendur.



**LEONARDO DICAPRIO** DiCaprio ætlar að framleiða Hollywood-útgáfu af japönsku teiknimyndinni Akira.

# Prestur og lögga spila blús

Sóknarprestur, lögregluþjónn, barnakennari og skjalavörður skipa Mæðusveitina Sigurbjörn sem spilar á blúshátíðinni Norðurljósablús sem verður haldin á Hornafirði 28. febrúar til 2. mars.

„Hljómsveitin var stofnuð upp úr fyrstu blúshátíðinni árið 2006," segir sóknarpresturinn og trommarinn, Sigurður Kr. Sigurðsson. „Við höfðum allir verið að spila áður bæði með mismunandi hljómsveitum og saman. Við spiluðum á blúshátíðinni í fyrra og það gekk bara mjög vel."

Sigurður viðurkennir að það sé ekki auðvelt að skipuleggja æfingar með þessum óvenjulega mannskap. „Það getur verið dálítið snúið en okkur hefur tekist nokkuð vel að ná þessu saman og þykjumst bara vera orðnir býsna góðir. Við reynum að æfa tvisvar í viku og þurfum að fara að kýla á þetta núna." Að sögn Sigurðar finnst Hornfirðingum ekkert undarlegt að þeir fjórmenningar séu saman í hljómsveit. „Ég held að fólk hafi bara gaman að því. Fólk þekkir okkur alla fjóra af öðrum sviðum tónlistarlífsins líka. Ég er búinn að vera að spila frá því ég var strákhvolpur í Reykjavík í bílskúrsböndum og ég og bassaleikarinn (Sigurður Örn Hannesson, skjalavörður) vorum líka í danshljómsveit," segir Sigurður sem er einnig meðlimur í Lúðrasveit Hornafjarðar.

Mæðusveitin Sigurbjörn stígur á svið föstudagskvöldið 29. febrúar á Hótel Höfn og má búast við því að áflog og aðrar uppákomur í salnum verði í algjöru lágmarki á meðan fjórmenningarnir mikilsvirtu spila blúsinn. - fb



**MÆÐUSVEITIN SIGURBJÖRN** Frá vinstri: Sigurður Guðnason (lögga), Sigurður Örn Hannesson, Sigurður Kr. Sigurðsson, og Björn Sigfinnsson (kennari) skipa Mæðusveitina Sigurbjörn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sýnishorn úr kvikmyndinni Sex and the City sem er byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum er komið á netið í fullri lengd. Í því sést til Carrie (**Sarah Jessica Parker**) sem er í þann mund að giftast Mr. Big. Einnig kemur þar í ljós að Charlotte verður ófrísk auk þess sem Miranda á í vandræðum með hjónabandið. Miðað við sýnishornið virðist því sem dramatíkin verði í forgrunni í myndinni á kostnað grínsins og kynlífsins sem var ráðandi í sjónvarpsþáttunum.



Óskarsverðlaunaleikkonan **Hilary Swank**, sem sló í gegn í Boys Don't Cry, var fyrir skömmu heiðruð fyrir góðgerðastarf sitt í þágu krabbameinssjúkra. Á meðal þeirra sem voru viðstaddir athöfnina, sem fór fram í Los Angeles, voru stjörnurnar Tom Hanks, Steven Spielberg og Christian Slater.

Málverk sem vinur leikarans **Heaths Ledger** málaði af honum er eitt af 249 verkum sem keppa um virt áströlsk myndlistarverðlaun. Ledger, sem var jarðsettur á dögunum, er ber að ofan á myndinni og lagði vinur hans, Vincent Fantauzzo, mikið á sig til að fullvinna hana. Verðlaunin, sem kallast Archibald Prize, verða afhent 7. mars.



Breska hljómsveitin **Coldplay** er að leggja lokahönd á sína fjórðu hljóðversplötu. Kemur hún út í sumar á vegum útgáfufyrirtækisins Capitol. Í framhaldinu ætlar sveitin í tónleikaferð um Norður-Ameríku og Evrópu. Upptökur á plötunni hófust í nóvember árið 2006 í London. Í mars á síðasta ári tók sveitin pásu til að fara í sína fyrstu tónleikaferð um Suður-Ameríku. Upptökustjórar voru Brian Eno og Markus Dravs auk hljómsveitarmeðlima.






## > GOG lagði Celje Lasko

Danska liðið GOG sem Snorri Steinn Guðjónsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson leika með vann góðan sigur, 34-33, á Celje Lasko í Meistaradeildinni. GOG er í öðru sæti síns riðils á eftir Barcelona. Ademar Leon, lið Sigfúsar Sigurðssonar, er einnig í öðru sæti síns riðils eftir óvæntan sigur á Evrópumeisturum Kiel, 28-24. Sigfús komst ekki á blað í leiknum. Logi Geirsson var hins vegar í fínu formi með Lemgo og skoraði sex mörk í tapleik gegn Rhein Neckar Löwen, 25-29.



**sport**
sport@frettabladid.is

**EGGERT GUNNÞÓR JÓNSSON:** STENDUR SIG FRÁBÆRLEGA MEÐ SKOSKA LIÐINU HEARTS

# *Gamli þjálfarinn vissi ekkert í sinn haus*



Landsliðsmaðurinn ungi Eggert Gunnþór Jónsson heldur áfram að gera það gott með skoska liðinu Hearts sem er á mikilli siglingu þessa dagana. Eggert var maðurinn á bak við sigur liðsins á Motherwell á laugardaginn en eina mark leiksins kom eftir skot hans sem fór í varnarmann Motherwell og í netið.

„Ég er mjög ánægður með þennan leik og sigurinn var mikilvægur. Virkilega góð þrjú stig. Við erum að komast í efri hlutann sem er markmið okkar úr því sem komið er. Markið var þannig að ég skaut af löngu færi og boltinn fór í varnarmann og sveif þaðan yfir markvörðinn í netið. Hann hefði sennilega samt verið inni þó svo hann hefði ekki farið í varnarmanninn,“ sagði Eggert léttur en hann hefur verið fastamaður í liðinu síðustu vikur.

Hearts er í sjöunda sæti deildarinnar sem stendur en sex efstu liðin spila um titilinn en sex neðstu fallið. Hearts gekk ömurlega framan af tímabili og fór lægst í næstneðsta sæti deildarinnar.

„Ég hef verið mjög sáttur við mína frammistöðu og ég er klárlega að taka framförum. Það munar um að fá að spila mikið en ég er að læra mikið og á eftir að læra mikið. Það er annars fín stemning í félaginu þessa dagana og allt annað líf síðan Stephen Frail tók við liðinu. Hann veit hvað hann er að gera ólíkt gamla þjálfaranum sem vissi ekkert í sinn haus.

Við erum búnir að vinna fjóra af síðustu fimm leikjum og ekki fengið á okkur mark í fjórum þessara leikja,“ sagði Eggert en ekki er ljóst hvort hann fái að halda áfram með liðið en hann þarf klárlega að koma liðinu í efri hlutann eigi það að vera möguleiki.

Eins og áður hefur komið fram er Guðjón Þórðarson einn af nokkrum sem eru orðaðir við stjórastöðuna hjá félaginu.

„Ég þekki Guðjón ekki neitt en hann á góðan feril að baki og það hlýtur að segja ýmislegt. Annars hef ég ekkert heyrt um þjálfaramálin lengi. Ég var mikið spurður út í Guðjón til að byrja með þegar nafn hans kom upp og ég sagði þeim bara að hann ætti fínan feril sem væri að þjálfa á Íslandi. Ég veit í raun ekkert meira,“ sagði hinn bráðefnilegi Eggert sem spilaði sinn fyrsta A-landsleik í lok síðasta árs gegn Dönum.


## Auglýsing um framkvæmdaleyfi

Á fundi sínum þann 12. febrúar 2008 fjallaði skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings um ósk Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi fyrir þann hluta 1. áfanga Dettifossvegar sem liggur innan marka Norðurþings. Um er að ræða 640 m langan kafla frá mörkum sveitarfélaga norður að nýrri vegtengingu að Dettifossi, endurbygging bílastæðis við Dettifoss og 2,8 km löng aðkoma að því frá aðalvegi.

Nefndin telur framkvæmdina í samræmi við gildandi aðalskipulag Kelduneshrepps. Nefndin hefur kynnt sér matsskýrslu um framkvæmdina og staðfest að framkvæmdin sé sú sama og þar er lýst. Nefndin hefur einnig kynnt sér álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Tekið er undir þau sjónarmið skipulagsstofnunar að innan Norðurþings séu veglínur ásættanlegar og muni ekki valda verulegum neikvæðum áhrifum á landbúnað, menningarminjar, gróður, fugla, jarðmyndanir, landslag, náttúruverndarsvæði, ferðaþjónustu og útivist að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.

1. Vegagerðin þarf að skilgreina öryggis- og framkvæmdasvæði, í samráði við Umhverfisstofnun, eins þröngt og hægt er. Við framkvæmd skal draga úr raski á landi, úr sjónrænum áhrifum og áhrifum vegna hávaða og ónæðis af umferð um veginn.

2. Vegagerðin þarf að loknum framkvæmdum að hafa samráð við Umhverfisstofnun og þjóðgarðsvörðinn í Jökulsárgljúfrum um uppgræðslu og frágang svæðisins.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti framkvæmdaleyfið að uppfylltum ofangreindum skilyrðum. Á fundi sínum þann 19. febrúar staðfesti sveitarstjórn framkvæmdaleyfið.

Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Norðurþings er kæranlegt til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar þessarar. Málsmeðferð er samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

**Húsavík 22. febrúar 2008**
**Gaukur Hjartarson**
**Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings**

Auglýsingasími 512 50 50
Mest lesið


# Skotsýning hjá Snæfelli

**Snæfell varð bikarmeistari KKÍ í fyrsta skipti í gær eftir öruggan sigur á Fjölni, 109-86. Hólmarar buðu upp á skotsýningu af allra bestu gerð þar sem nánast allt fór niður. Það var meira en baráttuglaðir Fjölnismenn réðu við.**

**KÖRFUBOLTI** Lýsingarbikar karla fór í Stykkishólm í gærkvöldi eftir glæstan sigur Snæfells á Fjölni, 109-86. Sterkt lið Snæfells féll ekki í þá gryfju að vanmeta Fjölnismenn, þeir mættu tilbúnir frá byrjun, slökuðu aldrei á klónni og lönduðu verðskulduðum og sanngjörnum sigri. Gríðarleg fagnaðarlæti brutust út eftir leikinn og fjölmargir Hólmarar hreinlega töpuðu sér í gleðinni en biðin eftir stórum bikar var búin að vera erfið.

Eins og áður segir mættu Hólmarar vel stemmdir til leiks með Sigurð Þorvaldsson í fantaformi en hann setti niður þrjá þrista í fyrsta leikhluta. Það var ekkert vanmat af hálfu Hólmara en að sama skapi báru Fjölnismenn fullmikla virðingu fyrir andstæðingnum. Fjölnismenn fóru loks að taka almennilega á því í öðrum leikhluta og héldu Snæfelli nærri sér í leikhléi aðeins tíu stigum undir, 48-38.

Fjölnismenn héldu áfram að berjast í síðari hálfleik en það var sama hvað þeir reyndu, það datt allt niður hjá Snæfellingum og þeir virtust vart geta klikkað á skoti í langan tíma. Sigurður, Shouse og Subasic fóru hamförum fyrir utan þriggja stiga línuna en alls setti Snæfell niður 14 þrista í leiknum.

Staðan 77-69 eftir þrjá leikhluta og það bil náði Fjölnir aldrei að brúa. Snæfell hélt skotsýningunni áfram í fjórða leikhluta og skemmti sér hreint konunglega við að skjóta Fjölnismönnum alla leið heim í Grafarvog.

„Við vorum tilbúnir og reyndum að þvinga Fjölnismenn í erfið skot. Við vissum sem var að ef vörnin virkaði myndi sóknarleikurinn koma af sjálfu sér,“ sagði Justin Shouse skælbrosandi í leikslok. Hann átti magnaðan leik en þessi strákur hefur reynst mikill happafengur fyrir Hólmara.

„Þetta var einn af þessum dögum þar sem hreinlega allt fer ofan í körfuna. Það er ólýsanlega gaman að vinna bikarinn fyrir framan þessa ótrúlegu stuðningsmenn sem fylgdu okkur. Það verður hrikalega gaman að fagna þessum titli og ég efast um að einhver mæti í vinnu í kjólfarið,“ sagði Shouse léttur. henry@frettabladid.is



**KÁTIR** Geof Kotila þjálfari, Jón Ólafur Jónsson og aðrir leikmenn Snæfells slepptu sér í gleðinni eftir leikinn. Hlynur Bæringsson fyrirliði er með bikarinn á minni myndinni
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



### SNÆFELL-FJÖLNIR 109-86

**Stig Snæfells:** Sigurður Þorvaldsson 30 (7 þristar), Justin Shouse 27 (10 stoð.), Slobodan Subasic 24, Hlynur Bæringsson 8 (18 fráк., 7 stoð.), Jón Ólafur Jónsson 7, Anders Katholm 6, Magni Hafsteinsson 2, Atli Hreinsson 2, Árni Ásgeirsson 2, Guðni Valentínusson 1.

**Stig Fjölnis:** Anthony Drejaj 26, Níels Dungal 17, Sean Knitter 12, Pete Strobl 8, Tryggvi Pálsson 6, Valur Sigurðsson 5, Kristinn Jónasson 5, Helgi Þorláksson 2.

Sigurður Þorvaldsson upplýsti leyndarmálið á bak við stórleik sinn gegn Fjölni:

# Fiskisúpan hjá mömmu hans Magna gerði gæfumuninn

**KÖRFUBOLTI** Sigurður Þorvaldsson átti stórbrotinn leik fyrir Snæfell í gær - skoraði 30 stig og setti niður sjö þrista.

„Mamma hans Magna, Maggý, bauð upp á fiskisúpu og hún gerði gæfumuninn. Svo tók ég hafragraut í morgunmat með lýsi,“ sagði Sigurður spurður um hvað hann hefði eiginlega borðað fyrir leikinn því hvað svo sem það var þá virkaði það augljóslega.

„Við mættum tilbúnir til leiks. Við töldum okkur vera með betra lið en þeir og ég held að við höfum sannað það í dag. Við vissum hvernig umræðan var um að við ættum að vinna en við héldum okkur á jörðinni og vanmat kom aldrei til greina af okkar hálfu. Það er yndislegt að vinna þennan leik og við ætluðum aldrei að fara fúlir heim í Hólminn,“ sagði Sigurður kátur.

Bárður Eyþórsson, þjálfari Fjölnis og fyrrum þjálfari Snæfells, var ekki eins sáttur. „Ég er hundsvekktur. Hlutirnir duttu með þeim frá upphafi og við vorum þess utan ekki nógu grimmir í okkar aðgerðum,“ sagði Bárður en báru hans menn of mikla virðingu fyrir andstæðingnum? „Það verður hver og einn að svara fyrir sig með það en það leit þannig út, því miður.“ - hbg



**FÓR Á KOSTUM** Sigurður Þorvaldsson hafði efni á að fagna í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




Nýtt tákn um gæði

**Ford Fiesta**
Gott verð
kr. 1.780.000*
**Bílasamningur**
**kr. 20.900 á mán.**
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur

Stýrðu lífinu. Prófaðu – **FORD FIESTA**

# SJÁLFSKIPTU Í FIESTA NÚNA

Beygðu inn í bjartari framtíð með léttari stýrisbúnaði og mýkri fjöðrun. Stýrðu lífinu. Prófaðu Ford Fiesta – nýtt tákn um smart gæði. Veldu betri borgarbíl og sjálfskiptu strax í Fiesta. Þú áttar þig á Fiesta. Komdu í Brimborg.
**Veldu Ford.**





**Ford Fusion**
Gott verð
kr. 1.820.000*
**Bílasamningur**
**kr. 21.400 á mán.**
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 154 g/km
Eyðsla í bl. akstri 6,4 l/100 km
Einnig fáanlegur sjálfskiptur





**Ford Ka**
Gott verð
kr. 1.249.000*
**Bílasamningur**
**kr. 14.700 á mán.**
Ka 1,3i 70 hö 5 gíra 3 dyra
CO2 losun 141 g/km
Eyðsla í bl. akstri 5,9 l/100 km

*Þú finnur ekki nýjan bíl á lægra verði en KA*

visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

*Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is*

GCI GROUP

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta kaupverði og búnaði án fyrirvara m.a. háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mán. greiðslum í 84 mán. sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta, 50% JPY/ 50% CHF. Aukabúnaður á Ford Fiesta: álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar.

## ÚRSLIT

### *Enski deildarbikarinn:*

**Tottenham-Chelsea** **2-1**
0-1 Didier Drogba (39.), 1-1 Dimitar Berbatov, víti (70.), 2-1 Jonathan Woodgate (94.).

### *Enska úrvalsdeildin:*

**Reading-Aston Villa** **1-2**
0-1 Ashley Young (45.), 0-2 Marlon Harewood (84.), 1-2 Nickey Shorey (90.)

**Blackburn-Bolton** **4-1**
1-0 Benni McCarthy, víti (24.), 1-1 Kevin Davies (51.), 2-1 Benni McCarthy, víti (67.), 3-1 David Bentley (71.), 4-1 Morten Gamst Pedersen (90.)

### *N1-deild karla:*

**Fram-Haukar** **32-37**
**Mörk Fram (skot):** Andri Berg Haraldsson 8/1 (16/2), Haraldur Þorvarðarson 6 (6), Jóhann Gunnar Einarsson 4 (6), Rúnar Kárason 4 (6), Hjörtur Hinriksson 2 (3), Stefán Stefánsson 2 (3), Halldór Jóhann Sigfússon 2/1 (4/1), Björn Guðmundsson 1 (1), Einar Ingi Hrafnsson 1 (2), Jón Björgvin Pétursson 1 (2), Guðjón Finnur Drengsson 1 (4)
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 9/1 (32/2) 28,1%, Magnús Gunnar Erlendsson 4 (18/2) 22,2%.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Stefán 2, Andri, Haraldur, Jóhann)
**Fiskuð víti:** 3 (Haraldur 2, Einar)
**Utan vallar:** 6 mínútur
**Mörk Hauka (skot):** Sigurbergur Sveinsson 12/3 (16/4), Andri Stefan 10 (14). Elías Már Halldórsson 7 (9), Gunnar Berg Viktorsson 5 (8), Kári Kristján Kristjánsson 1 (2), Jón Karl Björnsson 1 (2), Freyr Brynjarsson 1 (3)
**Varin skot:** Gísli Guðmundsson 9 (29) 31%, Magnús Sigmundsson 6/1 (18/3) 33,3%.
**Hraðaupphlaup:** 11 (Elías 4, Sigurbergur 3, Gunnar 2, Freyr, Andri)
**Fiskuð víti:** 4 (Kári 3, Andri)
**Utan vallar:** 4 mínútur

**Afturelding-ÍBV** **28-25**
**Mörk Aftureldingar (skot) :** Hilmar Stefánsson 8/3 (9/3), Magnús Einarsson 6 (8), Daníel Jónsson 4 (8), Einar Örn Guðmundsson 4 (9), Haukur sigurvinsson 2 (5), Hrafn Ingvarsson 2 (5), Davíð Ágústsson 2 (4), Ásgeir Jónsson (1), Jóhann Jóhannsson (1).
**Varin skot :** Davíð Svansson 9 (23/2) 39%, Oliver Kiss 12/1 (21/2) 57%
**Hraðaupphlaupsmörk :** 6 (Hilmar 3, Davíð 2, Einar Örn)
**Fiskuð víti :** 3 (Magnús 2, Daníel)
**Utan vallar :** 2 mínútur
**Mörk ÍBV (skot) :** Sergiy Trotsenko 10 (21), Sigurður Bragason 7/3 (13/4), Leifur Jóhannesson 3 (5), Zlivinas Grieze 3 (8), Grétar Eyþórsson 1 (2), Sindri Haraldsson 1 (3), Nikolaj Kulikov (1).
**Varin skot :** Kolbeinn Aron Ingibjargarson 12 (29/1) 41%, Friðrik Þór Sigmarsson 3 (14/2) 21%
**Hraðaupphlaupsmörk :** 2 (Leifur, Sigurður)
**Fiskuð víti :** 4 (Zilvinas 2, Nikolaj, Sigurður)
**Utan vallar :** 4 mínútur

# Woodgate tryggði sigurinn

**Hinn meiðslahrjáði varnarmaður, Jonathan Woodgate, tryggði Tottenham sætan sigur á Chelsea, 2-1, í úrslitum enska deildarbikarsins í gær.**

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Tottenham höfðu loksins ástæðu til þess að brosa í gær er þeirra lið lagði Chelsea í úrslitum deildarbikarsins á Wembley. Það var Jonathan Woodgate sem tryggði Spurs sigurinn með marki í framlengingu. Didier Drogba kom Chelsea yfir í leiknum en Dimitar Berbatov tryggði Tottenham framlengingu með marki úr vítaspyrnu.

Hinn spænski stjóri Spurs, Juande Ramos, játaði að sigurinn hefði verið sætur en hann tók við stjórnartaumunum hjá félaginu fyrir aðeins fjórum mánuðum.

„Það er gríðarlega ánægjulegt að vinna þennan bikar, sérstaklega fyrir félagið og stuðningsmennina. Það er langt síðan árangur náðist hjá þessu félagi," sagði Ramos réttilega enda vann Tottenham síðast bikar árið 1999 og þá þann sama og í gær. „Spurs var betra liðið á vellinum í dag og við áttum sigurinn skilinn."

Ramos var mjög farsæll stjóri hjá Sevilla á Spáni og hann sagði þennan bikar sérstakan. „Þessi titill er vissulega sérstakur því við vorum að mæta liði sem á að vera talsvert sterkari en við. Svipað og þegar Sevilla lék gegn Barcelona eða Real Madrid. Þetta er búin að vera frábær reynsla og við viljum finna þessa sigurtilfinningu oftar en munum samt ekki fagna of lengi enda bíða okkar ærin verkefni," sagði Ramos sem telur sig vera á réttri leið með liðið.

Woodgate játaði að hafa verið heppinn í sigurmarkinu. „Ég fer nú ekki oft fram í horn en ég tók áhættuna í þetta skiptið og það borgaði sig. Ég fékk boltann bara í hausinn og sem betur fer fór hann í markið. Mér fannst við vera betri og vonandi getum við byggt ofan á þetta á næsta ári," sagði Woodgate.

henry@frettabladid.is



**SÆTT** Jonathan Woodgate hefur mætt miklu mótlæti á sínum ferli en hann uppskar loksins í gær með sætu sigurmarki gegn Chelsea. NORDIC PHOTOS/AFP

N1-deild karla:

# ÍBV tapaði í Mosfellsbæ

**HANDBOLTI** Afturelding var þremur stigum fyrir ofan ÍBV fyrir leikinn en bæði lið hafa háð erfiða baráttu í N1-deildinni í vetur. Leikurinn var því mjög mikilvægur fyrir bæði lið.

Leikmenn Aftureldingar mættu grimmir til leiks og höfðu forystu í fyrri hálfleik. Liðið náði mest sex marka forystu en Eyjamenn skoruðu tvö síðustu mörk hálfleiksins og staðan í leikhléi 18-14.

ÍBV hóf seinni hálfleikinn betur og þegar hálfleikurinn var tæplega hálfnaður var munurinn kominn niður í eitt mark.

Mosfellingar bættu aftur í og juku forystuna og uppskáru að lokum nokkuð þægilegan sigur, 28-25 og sitja Eyjamenn því einir á botninum og fátt bendir til annars en að þeir spili í 1.deild að ári.

Bjarki Sigurðsson þjálfari Aftureldingar var ánægður í leikslok. „Ég er mjög sáttur með sigurinn og það var nauðsynlegt fyrir okkur að hafa sigur í þessum leik. Við höfum verið að spila skelfilegan handbolta og menn taka það auðvitað inn á sig og það sýnir karakter að halda út og vinna þennan leik. Mér fannst við í raun hafa þetta í hendi okkar allan tímann," sagði Bjarki að lokum.

- sjj

Fram hafði ekkert að gera í sterka Hauka sem komu í heimsókn í Safamýri og tóku öll stigin:

# Haukar keyrðu Fram á kaf í Safamýrina

**HANDBOLTI** Haukar náðu fjögurra stiga forystu á toppi N1 deildar karla á ný þegar liðið lagði Fram með fimm marka mun, 37-32, í Safamýrinni. Sigur Hauka var öruggur eins og tölurnar gefa til kynna í hröðum og skemmtilegum leik.

Leikurinn var jafn framan af eða allt þar til 20 mínútur voru liðnar af leiknum. Haukar skoruðu þá fjögur mörk í röð og náðu fimm marka forskoti, 14-9. Forysta Hauka var komin í átta mörk þegar tíu mínútur voru til leiksloka, 23-31, og úrslitin ráðin.

Fram hefur yfirleitt leikið betur en þetta í vetur. Vörn liðsins var eins og gatasigti þar sem hún er jafnan sterkust fyrir, á miðjunni. Sóknarleikurinn komst aldrei á flug þrátt fyrir að liðið skoraði 32 mörk. Markvarslan var engin.

Markvarslan var litlu betri hjá Haukum en varnarleikur liðsins var mjög góður. Sóknarleikurinn var fínn en þeir Sigurbergur Sveinsson og Andri Stefan fóru á kostum í leiknum.



**STERKUR** Andri Stefan skoraði 10 mörk gegn Frömurum úr 14 skotum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aron Kristjánsson, þjálfari Haukaliðsins, var að vonum kampakátur í leikslok.

„Við vorum virkilega grimmir í byrjun og ákveðnir í að gefa okkur alla í verkefnið. Ég vil hrósa varnarleiknum okkar þar sem Arnar Pétursson og Gunnar Berg binda þetta saman á miðjunni og eiga frábæran leik. Sigurbergur og Andri spila virkilega stóran leik sóknarlega og mér finnst liðið standa vel saman í dag. Þetta var virkilega gott," sagði Aron Kristjánsson kátur en hann vildi að lokum hrósa ungum og óreyndum dómurum leiksins þeim Herði Aðalsteinssyni og Gunnari Jarli Jónssyni sem stóðu sig með mikilli prýði og áttu hrósið svo sannarlega skilið.

- gmi


AURIS

Nýtt upphaf

Auris - Nýtt upphaf.

Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákn um karakter, tákn um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.

Toyota kynnir Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.

Dísil Auris

Nú er Auris líka fáanlegur með Toyota D-4D dísilvélinni, en sú tækni tryggir þér hljóðlátari, sparneytnari og aflmeiri akstur en áður hefur þekkst, auk þess sem D-4D dísilvélin er mun umhverfisvænni kostur en sambærileg bensínvél.

Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyna sér ekki.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 40990 02/08

Verð frá: 2.069.000 kr.

EURO NCAP www.euroncap.com TOYOTA AURIS

TOYOTA D-4D



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Ótrúlegur þriðji leikhluti hjá Grindavíkurstúlkum gegn Haukum í bikarúrslitum:

# Bikarinn loksins til Grindavíkur

**KÖRFUBOLTI** Grindavík varð bikarmeistari í kvennaflokki í fyrsta skipti í gær þegar liðið lagði Hauka í úrslitum með tíu stiga mun, 77-67. Haukar voru betri aðilinn í fyrri hálfleik en stórkostlegur þriðji leikhluti hjá Grindavík lagði grunninn að öruggum sigri.

„Þetta er alveg ólýsanleg tilfinning,“ sagði Grindavíkurstúlkan Petrúnella Skúladóttir sem átti magnaðan leik fyrir Grindavík á báðum endum vallarins.

„Maður verður að gefa sig allan í svona leiki. Ég ætlaði ekki að labba af velli hugsandi hvað ef ég hefði gert hitt eða þetta. Ég veit ekki hvað var að hjá okkur í fyrri hálfleik. Það kom samt engin örvænting í okkar leik og við vorum ákveðnar að klára dæmið í síðari hálfleik sem við og gerðum,“ sagði Petrúnella brosmild.

Það má í raun segja að leikurinn hafi verið eins og svart og hvítt. Haukar voru betri á flestum sviðum í fyrri hálfleik. Munaði þar aðallega um grimmdina en þær tóku heil 17 sóknarfráköst í fyrri hálfleik gegn 6 hjá Grindavík. Suðurnesjastúlkur litu út fyrir að vera engan veginn tilbúnar í slaginn og voru nær meðvitundarlausar og áttu verk fyrir höndum í leikhléi einum 12 stigum undir, 41-29.

Ræða Igors Beljanski, þjálfara Grindvíkinga, í leikhléi var snörp og augljóslega hitti í mark því allt annað lið mætti til leiks í seinni hálfleikinn. Þær fóru allt í einu að taka öll fráköst og keyrðu upp hraðann með Tiffany Robertson í fantaformi. Haukar áttu ekkert svar, töpuðu leikhlutanum 28-10 og þar með leiknum því þær komust aldrei inn í hann aftur.

„Þetta er gríðarlega svekkjandi en ég er samt mjög stoltur af mínum stelpum sem gáfu sig alla í leikinn,“ sagði Yngvi Gunnlaugsson, þjálfari Hauka, súr á svipinn í leikslok en hann var ekki sáttur við dómgæsluna í þriðja leikhlutanum þegar leikurinn snérist.

„Það er 8-0 í villum gegn okkur og við áttum aldrei möguleika. Ég er mjög ósáttur við margt hér í dag en skrifa þó tapið ekki alfarið á dómarana.“

Þær Petrúnella, Robertson og Skiba áttu hreint magnaðan leik fyrir Grindavík en hinum megin munaði mikið um að Kiera Hardy náði sér ekki á strik og virtist eitthvað há henni. - hbg



**LOKSINS, LOKSINS** Grindavíkurstúlkurnar Ólöf Helga Pálsdóttir og Berglind Magnúsdóttir fögnuðu titlinum vel og innilega. Uppi í hægra horninu sjást þær Jovan Stefánsdóttir og Petrúnella Skúladóttir lyfta bikarnum eftisótta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**PETRÚNELLA SKÚLADÓTTIR** Fór hreint á kostum í Höllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### HAUKAR-GRINDAVÍK 67-77

**Stig Hauka:** Kiera Hardy 19, Kristrún Sigurjónsdóttir 17, Guðbjörg Sverrisdóttir 9, Ragna Brynjarsdóttir 8, Helena Hólm 5, Telma Björk Fjalarsdóttir 4, Unnur Jónsdóttir 3, Bára Hálfdánardóttir 2.

**Stig Grindavíkur:** Tiffany Robertson 24 (13 frák.), Joanna Skiba 22, Petrúnella Skúladóttir 15 (10 frák., 6 stoðs., 2 stolnir), Jovana Lilja Stefánsdóttir 6, Ólöf Helga Pálsdóttir 6 (11 frák.), Ingibjörg Jakobsdóttir 2.


## Tillaga að breytingu deiliskipulags Höfðavegar á Húsavík

Sveitarstjórn Norðurþings auglýsir hér með til almennrar kynningar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Höfðavegar á Húsavík skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin felur eingöngu í sér breytingar á lóðunum Höfðavegi 6a og 6b. Þær eru sameinaðar í eina lóð, Höfðaveg 6. Á lóðinni er nú gert ráð fyrir sex íbúða fjölbýlishúsi á einni hæð í stað parhúss á tveimur hæðum. Heimilað nýtingarhlutfall lóðar verði 0,4 og mesta hæð húss 5,0 metrar yfir gólfkóta. Nánari byggingarskilmálar fyrir lóðina eru skilgreindir í greinargerð.

Skipulagstillagan verður til sýnis á sveitarstjórnarskrifstofu Norðurþings frá 25. febrúar til 24. mars 2008. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með mánudagsins 7. apríl 2008. Skila skal skriflegum athugasemdum til sveitarstjórnarskrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

*Húsavík 20. febrúar 2008.*

*Gaukur Hjartarson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*





> **Gene Hackman**

Þegar Gene Hackman var í leiklistarskóla voru hann og einn bekkjarfélagi hans kosnir „Ólíklegastir til þess að slá í gegn". Bekkjarfélaginn var Dustin Hoffman. Þeir Gene Hackman slógu hins vegar rækilega í gegn og leikur Hackman í kvikmyndinni Mississippi Burning sem er sýnd á miðnætti í kvöld á STÖÐ2BÍÓ.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON SENDIR ÚT AÐVÖRUN:

# *Bananasúkkulaðikúrinn virkar ekki*

Hvenær lærir maður? Ég er búinn að vera á flækingi um þessa jörð í nokkra áratugi og svo virðist sem ég komi að málum jafn bláeygur og í byrjun.
Ekki fyrir löngu síðan var byrjað að auglýsa nýjan megrunarkúr. Um er að ræða bananasúkkulaði sem ekki einungis brennir fitu heldur verður maður allur útbólginn á réttum stöðum. Vöðvar fagna speglinum sem maður vissi ekki að væru til. Ekki líkur ævintýrinu þarna því maður verður eins og Antonío á litinn. Já, bara hvaða Antonío sem er; gulllitaður með bók fulla af símanúmerum og ungfrú Ísland á hraðvali.
Eða þessa ályktun dró ég allavega eftir að hafa horft á best ígrunduðu auglýsingaherferð allra tíma. Tveir stórglæsilegir menn hlaupandi í íslenskri fjöru eftir æfingar í kjötfrystigeymslu. Hvern langar ekki að breyta um lífsstíl þegar horft er á frosið dilkakjöt barið eins og skuldugan eiturlyfjasjúkling? Ég er allavega í þeim hópi og kokgleypti boðskapinn. Kannski var það stökkið í sjóinn sem gerði útslagið í mínu tilfelli því hver fær ekki gæsahúð af hrifningu við tilhugsunina eina saman.



Eftir að hafa keypt mér eitt karton af þessu bananasúkkulaði og galla úr spandexefni hóf ég æfingar í fjörunni úti á Seltjarnarnesi. Eða æfingu væri réttara að segja því eftir að ég stökk í sjóinn í lok fyrstu æfingar sló hastarlega að mér. Já, það er líka rétt að biðja þessar konur á Nesinu afsökunar sem áttu leið þarna um á sama tíma. Ég vil líka þakka þeim fyrir að hafa dregið kæruna til baka. Þetta lítur bara svona út þegar rauðhærður miðaldra maður skríður á land í of þröngum spandex-galla.
En til að gera langa sögu stutta þá er ég búinn með bananasúkkulaðið. Spandex-gallinn er til sölu á eBay. Ég hef þyngst um tvö kíló.

## EKKI MISSA AF



▶ **14.00** Just My Luck STÖÐ2BÍÓ



▶ **20.00** One Tree Hill SKJÁREINN



▶ **20.15** American Idol STÖÐ2



▶ **20.25** Falcon Beach SIRKUS



▶ **21.15** Glæpahneigð SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana**
**17.53 Skrítin og skemmtileg dýr**
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Gurra grís**
**18.06 Lítil prinsessa**
**18.17 Halli og risaeðlufatan**
**18.30 Út og suður**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Leyniþræðir** (CIA's danske forbindelse)
▶**21.15 Glæpahneigð** (40:45) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Mandy Patinkin, Thomas Gibson, Lola Glaudini og Shemar Moore. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sportið**
**22.45 Flokksgæðingar** (8:8)
**23.40 Spaugstofan**
**00.05 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Without a Paddle**
**08.00 Just My Luck**
**10.00 Bride & Prejudice**
**12.00 Virginia´s Run**
▶**14.00 Just My Luck**
**16.00 Bride & Prejudice**
**18.00 Virginia´s Run**
**20.00 Without a Paddle**
**22.00 Prophecy II**
**00.00 Mississippi Burning**
**02.05 Torque**
**04.00 Prophecy II**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Sisters** (e)
**10.55 Joey**
**11.20 Örlagadagurinn**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Numbers**
**13.55 House of Sand and Fog**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Galdrastelpurnar, BeyBlade, Froskafjör, Litlu Tommi og Jenni, Tracey McBean
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.25 The Simpsons**
**19.50 Friends**
▶**20.15 American Idol** (11:42) (Bandaríska Idol-stjörnuleitin)
**21.40 American Idol** (12:42)
**23.05 American Idol** (13:42)
**23.50 The Spring** Spennandi og óvenjuleg mynd með hjartaknúsaranum Kyle Maclachlan og Alison Eastwood. Kyle leikur föður sem fer með syni sínum í útilegu á afskekktum stað þar sem tíminn virðist standa í stað. Þegar sonur hans slasast og þarf að dvelja á sjúkrahúsinu í bænum fellur Kyle fyrir hjúkrunarkonu sem ljóstrar upp um leyndarmál bæjarbúa.
**01.20 NCIS**
**02.05 Most Haunted**
**02.55 Hustle**
**03.50 House of Sand and Fog**
**05.55 The Simpsons**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Tottenham - Chelsea** (Enski deildarbikarinn) Útsending frá úrslitaleik Tottenham og Chelsea í enska deildarbikarnum.
**16.10 Spænski boltinn** (Barcelona - Levante) Útsending frá leik Barcelona og Levante í spænska boltanum.
**17.50 World Golf Championship 2007** (Accenture Match Play Championship 2008) Útsending frá Accenture Match Play Championship en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.
**20.50 Inside Sport**
**21.20 Þýski handboltinn- Highlights** Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
**22.00 Spænsku mörkin** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.
**22.45 Utan vallar** (Umræðuþáttur) Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**23.30 Heimsmótaröðin í póker** (World Series of Poker 2007) Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um háar fjárhæðir.

## SÝN2

**07.00 Blackburn - Bolton** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Blackburn og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
**16.05 Portsmouth - Sunderland** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Portsmouth og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 English Premier League**
**18.45 Season Highlights**
**19.50 Man. City - Everton** (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Man. City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**21.50 English Premier League**
**22.50 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**23.20 Man. City - Everton** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Man. City og Everton í ensku úrvalsdeildinni

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 Less Than Perfect** (e)
**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Giada´s Everyday Italian** (e)
**19.30 Everybody Hates Chris** (e)
▶**20.00 One Tree Hill** (3:18) Bandarísk unglingasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Peyton og Brooke taka höndum saman og Lindsey hefur áhyggjur af því að þær eigi eftir að eyðileggja samband hennar við Lucas. Nathan reynir að sættast við fortíðina og heimsækir pabba sinn í fangelsið.
**21.00 Bionic Woman** (4:8) Hröð og spennandi þáttaröð um hörkukvendi sem býr yfir einstökum eiginleikum. Jamie er send til Paragvæs þar sem hún þarf að bjarga bandarískum lækni. Á meðan á verkefninu stendur kemst hún að því hversu lengi hún getur búist við að lifa með sína vélrænu líkamsparta.
**22.00 C.S.I. New York** Það er komið að æsispennandi lokaþætti seríunnar. Mac og félagar hans þurfa að verja rannsóknarstofuna eftir að eiturlyfjakóngur mætir með her manna til að endurheimta dóp sem lögreglan hafði gert upptækt.
**22.50 Jay Leno**
**23.35 The Drew Carey Show**
**00.00 Dexter** (e)
**00.50 The Dead Zone** (e)
**01.40 NÁTTHRAFNAR**
**01.40 C.S.I. Miami**
**02.25 Less Than Perfect**
**02.50 Vörutorg**
**03.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


512 5100 | STOÐ2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 SIRKUS 2 SIRKUS+

STÆRSTI SJÓNVARPS-
ÞÁTTUR Í HEIMI

AMERICAN IDOL – Í KVÖLD KL. 20:15




2 skemmtilegri

## Í KVÖLD

**SÝN 2 KL. 19.50**
**Man. City - Everton**

Stuðningsmenn Man. City hafa brosað hringinn undanfarnar tvær vikur eftir sigur liðsins á Man. Utd. á Old Trafford. Núna hefur liðið hlaðið batteríin og nú tekur nýtt verkefni við þegar David Moyes mætir með sína menn á Manchester Stadium. Bæði lið berjast um sæti í Meistaradeild Evrópu og því er um sannkallaðan sex stiga slag að ræða. Bæði lið hafa sýnt getu sína í vetur en ljóst er að Everton þarf að eiga toppleik ætli liðið sér að leggja Man. City að velli sem hefur aðeins tapað einum leik á heimavelli í vetur.




## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Leyniþræðir**
**Sjónvarpið kl. 20.10**

Leyniþræðir er dönsk heimildamynd um hugsanleg tengsl leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA, við Danmörku. Grunur leikur á að flugvélar CIA hafi árum saman farið leynilega um danska lofthelgi og millilent á Grænlandi, og flutt fanga burt frá Evrópu með ólöglegum hætti. Eftirgrennslan danskra sjónvarpsmanna, sem sagt er frá í þessari mynd, leiddi margt forvitnilegt í ljós.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.20** Kvika
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Afsprengi
**23.10** Lárétt eða lóðrétt
**00.00** Fréttir
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (130:260)
**16.30 Hollyoaks** (131:260)
**17.00 Totally Frank**
**17.25 Falcon Beach**
**18.15 X-Files**
**19.00 Hollyoaks** (130:260)
**19.30 Hollyoaks** (131:260)
**20.00 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra.
▶**20.25 Falcon Beach** Paige, Lane og Erin eru öll í fríi á Falcon Beach. Paige er ung og snobbuð dekurrófa sem vill frekar vera að vinna í fyrirtækinu hjá pabba sínum heldur en að hanga á ströndinni með mömmu sinni en þegar hún hittir Jason, aðaltöffara bæjarins, fara málin að flækjast.
**21.15 X-Files** Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**22.00 Pushing Daisies**
**22.45 Cold Case**
**23.30 Prison Break**
**00.15 Sjáðu**
**00.40 Extreme: Life Through a Lens**
**01.25 Lovespring International**
**01.50 Big Day**
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst** Gestir þáttarins eru Kolbrún Bergþórsdóttir og Guðrún Bergmann.
**21.00 Mín mál** Ármann Kr. Ólafsson alþingismaður er umsjónarmaður þáttarins þar sem hann kryfur þau málefni stjórnmálanna sem eru efst á baugi.
**21.30 Hvað ertu að hugsa?** Guðjón Bergmann ræðir við Pál Óskar Hjálmtýsson um nýjustu breiðskífu hans og listina að ná árangri.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** 21 Søndag **11.50** Aftenshowet **12.15** OBS **12.20** Guide til vejrs **12.50** DR1 Dokumentaren - Ravsøstre **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer - det bedste af det bedste **15.30** Robotboy **15.45** Troldspejlet **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Søren Ryge - Manden og ørnen **19.00** Michael Palin i det nye Europa **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Efter Thomas **22.35** OBS **22.40** Seinfeld **23.05** Hjerteflimmer - det bedste af det bedste

## NRK 1

**11.10** Kjempekrabbenes invasjon **11.40** Grosvold **12.20** Åpen himmel: Engler i advent **12.50** Med hjartet på rette staden **13.40** Urter **14.00** Newton **14.30** Erstatterne **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Supermusikk **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor: Berre ein gris **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Jane Eyre **21.30** Store studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Kriminalsjef Foyle **23.55** Nytt på nytt **0.25** Kulturnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Agenda **12.00** Sportspegeln **13.05** Sampo Lappelill **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Garage **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.20** Jasper Pingvin **17.30** Allt om djur **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Kungamordet **20.30** Världens vildaste vanvett **21.00** Mordet på Anna P **21.55** Rapport **22.05** Kulturnyheterna **22.20** Melodifestivalen 2008: Deltävling 3 **23.55** Vita huset **0.40** Sändningar från SVT24


**8**
**vikna átak**

**HRESS**

**3.MARS**

ROPE YOGA WORKOUT

**ROPE YOGA**

Námskeið hefjast 3. og 4. mars
kl. 06:05 þri / mið / fös
kl. 17:30 mán / mið / fim

**Kr.19.990**

Verð fyrir korthafa Hress kr. 11.000
Rope Yoga-kort veitir aðgang að öllum öðrum opnum tímum og tækjasal.

**Kvennaátak**

**Námskeið**
kl. 06.05 mán / mið / fös
kl. 10.15 mán / þri / fim
kl. 17.30 mán / mið / fim

**Karlaátak**

**Námskeið**
kl. 18.30 mán / þri / fim
kl. 19.30 mán / þri / fim

INNIFALIÐ Í VERÐI

- Þrír lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar í viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði

**HEILSUÁTAK**



8 vikna

**Átak konur/ karla** Lokaðir tímar í allsherjar heilsuátaki. Mikið aðhald og fræðsla með góðum árangri.
**Hringdu strax og skráðu þig!** Síðast komust færri að en vildu.

Kr. 19.990

Verð fyrir korthafa Hress kr. 11.000

Dalshrauni 11 220 Hafnarfirði Sími 565 2212 www.hress.is mottaka@hress.is

Grafika 2008



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það er nú bara Bylgjan alltaf. Það eru nokkuð góð lög þar. En svo skipti ég yfir á Rás 1 til að hlusta á fréttirnar.“*

Valur Richter meindýraeyðir



**LÁRÉTT**
**2.** blikk **6.** pot **8.** titill **9.** fálm **11.** ekki **12.** rými **14.** beikon **16.** tveir eins **17.** mánuður **18.** viður **20.** átt **21.** ættgöfgi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tind **3.** hvort **4.** fargið **5.** þreyta **7.** raddbönd **10.** blekking **13.** er **15.** ávöxtur **16.** frændbálkur **19.** pfn.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** depl, **6.** ot, **8.** frú, **9.** pat, **11.** ei, **12.** pláss, **14.** flesk, **16.** ææ, **17.** maí, **18.** tré, **20.** nv, **21.** tign.
**LÓÐRÉTT: 1.** topp, **3.** ef, **4.** pressan, **5.** lúi, **7.** talfæri, **10.** tál, **13.** sem, **15.** kíví, **16.** ætt, **19.** ég.

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Föndurstofan.is
Föndurverslun
Síðumúli 15
S: 553-1800
Sjón er sögu ríkari

# Tekur myndir fyrir erlent tískutímarit

Ljósmyndarinn Áslaug Snorradóttir hefur myndað nokkra íslenska hönnuði fyrir grein sem mun birtast í blaðinu WWDScoop í lok mars. Tímaritið tilheyrir útgáfurisanum Condé Nast, sem gefur út blöðin Vogue, W magazine og Vanity Fair, svo eitthvað sé nefnt. Það kemur út fjórum sinnum á ári og er helgað umfjöllun um tísku og hönnun um heim allan.

„Ég var einmitt að tala við blaðakonuna Emilie Marsh áðan, hún er að velja myndirnar í greinina,“ segir Áslaug, sem tók myndirnar í nóvember síðastliðnum, þegar Emilie dvaldist hér á landi yfir helgi. Þær hittu þá fyrir fjöldann allan af íslenskum hönnuðum. „Emilie var rosalega spennt fyrir Steinunni Sigurðardóttur fatahönnuði, enda skrifar hún aðallega um tísku,“ segir Áslaug. Áslaug myndaði einnig Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttur, Sigríði Sigurjónsdóttur og Snæfríði Þorsteinsdóttur, ljósahönnuðinn Aðalstein Stefánsson, Steingrím Eyfjörð og tónlistarkonuna Urði sem oftar en ekki er kennd við Gusgus, svo einhverjir séu nefndir.

Greinin í WWDScoop verður í formi nokkurs konar ferðahandbókar um Ísland, þar sem ferðalöngum verða gefin góð ráð um hvar sé best að gista og snæða á landinu. Þeirri grein mun fylgja úttekt á þeim íslensku hönnuðum sem að mati WWDScoop skara fram úr.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Áslaug tekur að sér verkefni fyrir útgáfurisann, en bæði hún og eiginmaður hennar, ljósmyndarinn Páll Stefánsson, hafa áður myndað fyrir Condé Nast. „Hann hefur samt gert meira af því,“ segir Áslaug, sem er nýkomin heim úr vinnuferð til Indlands. „Það var ótrúlega gefandi, en ég er ennþá svona að lenda,“ segir hún. **-sun**



**VAKTI ATHYGLI** Söngkonan Urður vakti athygli blaðakonunnar Emilie Marsh sem dvaldist hér á landi í nóvember síðastliðnum.



**MYNDAÐI FYRIR WWDSCOOP** Áslaug Snorradóttir myndaði nokkra íslenska hönnuði fyrir grein sem mun væntanlega birtast í hönnunar- og tískutímaritinu WWDScoop.



**SÆTUR SIGUR** Friðrik Ómar fer ekki ofan af því að sigurinn hafi verið einn sá sætasti á ferlinum.

FRIÐRIK ÓMAR: STENDUR VIÐ STÓRU ORÐIN

# Áhangendur Mercedez Club sakaðir um fordóma

„Glymur hæst í tómri tunnu,“ sagði söngvarinn Friðrik Ómar um leið og tilkynnt var að þjóðin hafði kosið This is my life sem framlag Íslendinga til Eurovision. Orð Friðriks voru stór og söngvarinn segist standa við þau. Hann tekur skýrt fram að þeim hafi ekki verið beint til helstu keppinautanna, Mercedez Club, heldur áhangenda hljómsveitarinnar. Friðrik segir að sá hópur sem studdi Mercedez Club hafi látið óviðurkvæmileg orð falla þegar hann og Regína Ósk stigu á og af sviðinu. „Systkini mín og börnin þeirra voru þarna rétt hjá og þau tóku þetta mjög svo til sín,“ segir Friðrik.„Auðvitað vona ég að þetta kasti ekki einhverri rýrð á okkar sigur. Og ég get lofað því að við ætlum að vera þjóð okkar til sóma,“ bætir Friðrik við.

Hlynur Áskelsson, betur þekktur sem Ceres 4, segist harma ef áhangendur Mercedez Club hafi hagað sér á þennan hátt sem Friðrik lýsir. Hann bætir því hins vegar við að Mercedez Club hafi einnig mátt þola háðsglósur og hvers kyns fordómafulla umræðu. Þeir hafi meðal annars ranglega verið sakaðir um að nota ólöglegt efni á borð við stera. „Slík umræða er bara eitthvað sem maður verður að þola þegar maður tekur þátt í jafn opinberri keppni og Eurovision er. Ég hef aldrei notað einhver ólöglegt efni til að ná meiri árangri en verð hins vegar að útskýra slíkar glósur fyrir fjölskyldunni minni,“ segir Hlynur.

Egill Gillz Einarsson vísar orðum Friðriks Ómars til föðurhúsanna. Segir að þeim hafi augljóslega verið beint til hljómsveitarinnar. Hann telur af og frá að einhverjir úr þeirra aðdáendahópi hafi sýnt af sér ódrengilega framkomu. Hann segir Friðrik því vera að kasta steinum úr glerhúsi. „Friðrik er einhver mesta væluskjóða sem ég veit um og hann ætti að hætta þessu væli,“ segir Egill sem er handviss um, í fullri alvöru, að This is my life eigi ekki eftir að ná stigi í Serbíu.

Sigur Eurobandsins var hins vegar stór; lagið hlaut 50 þúsund atkvæði en Ho ho ho-smellur Barða Jóhannssonar 23 þúsund. Aðrir fengu minna en alls greiddu 111 þúsund atkvæði.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eurovision-keppnin var bæði löng og ströng og var augljóst að keppendur höfðu lagt líf og sál í framlag sitt. En einna helst vakti athygli að **Rebekka Kolbeinsdóttir**, söngkona Mercedez Club, komst einhvern veginn aldrei í takt við lagið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði þetta einnig komið fyrir á einni generalprufunni og þá voru einhverjar tæknilegar ambögur í gangi. Eftir að þær voru lagaðar gekk allt eins og í sögu en tæknin virðist eitthvað hafa verið að stríða kraftajötnunum á úrslitakvöldinu sjálfu.



Og meira af Eurovision því þrátt fyrir að Mercedez Club hafi ekki farið með sigur af hólmi þá trylltu þeir lýðinn á Nasa seinna um kvöldið. Hins vegar var kvöldinu ekki lokið hjá **Hlyni Áskelssyni, Ceres 4**, eftir þá tónleika. Þegar hann rölti heim upp Laugaveginn lenti hann í útistöðum við hóp stráka sem reyndu að slá til hans. Að sögn sjónarvotta bar Hlynur sig vel, komst frá högginu að mestu en fékk þó hnefann í ennið. Ekki sá á söngvaranum sem gerði ekki stórmál úr þessu.

En þrátt fyrir að glamúrinn og gleðin hafi verið fyrirferðarmikil í Smáralindinni þá olli það nokkurri óánægju meðal lagahöfundanna og flytjenda með **Þórhall Gunnarsson** & Co hjá RÚV. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ekki boðið upp á áfenga drykki eins og venja er í slíkum keppnum og þurftu þeir sem vildu róa taugarnar með Bakkusi frænda að kaupa sér bjór á sjö hundruð krónur. Fór þetta illa í keppendurna sem töldu milljónirnar í sms-atkvæðum á meðan þeir vættu kverkarnar með vatni og djúsi. **-fgg**



# Jón á Hofi í aðalhlutverki í Brimi

Dragnótabáturinn Jón á Hofi sem gerður var út frá Þorlákshöfn verður í aðalhlutverki í kvikmyndinni Brim. Kvikmyndafélagið ZikZak hefur fengið bátinn að láni frá Þormóði ramma á Siglufirði og leikstjóri myndarinnar, Árni Ólafur Ásgeirsson, er kampakátur með gripinn. „Hann er alveg geðveikur og mikið sjarmatröll,“ segir Árni en myndin er byggð á samnefndu leikriti Jóns Atla Jónassonar sem Vesturport setti upp fyrir nokkru. Myndin gerist að mestu leyti um borð í línubát og lýsir lífi og örlögum sjómanna. Með helstu hlutverk í myndinni fer Vesturports-leikhópurinn eins og hann leggur sig: Gísli Örn Garðarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Björn Hlynur Haraldsson, Víkingur Kristjánsson, Ólafur Egill Egilsson og Ólafur Darri.



**BJARGA LÍFI BÁTSINS** Jón á Hofi átti að fara í brotajárn en þeirri ferð hans hefur verið frestað vegna þátttöku hans í kvikmynd.

Segja má að ZikZak hafi frestað andláti Jóns á Hofi en hann var afskrifaður strax eftir áramót og var á leiðinni til útlanda í brotajárn. Þau verða reyndar örlög bátsins þegar tökum er lokið en það ætti að verða í kringum maí. Að sögn Árna er báturinn vel siglingarhæfur þrátt fyrir að vera gamall og ryðgaður.

„En það hentar okkur í sjálfu sér ákaflega vel,“ segir Árni en ráðgert er að hefja tökur á kvikmyndinni um miðjan mars. Leikhópurinn fer síðan á sjó í byrjun næsta mánaðar sem er hluti af æfingaferlinu og lærir að gera að. Árni segir að nú sé verið að vinna hörðum höndum að því að finna pláss á hinum og þessum bátum en sjálfur fór hann á sjó fyrir áramót og undi sér bara nokkuð vel.

Árni hefur einnig verið að kynna sér málfar sjómanna og lífsvenjur og verið tíður gestur á Kaffivagninum úti á Granda.

„Við ætlum síðan að reyna fá alvöruskipstjóra og vélstjóra til að vera með okkur um borð og þiggja ráðleggingar frá þeim,“ útskýrir Árni. **-fgg**




**KAMPAKÁTUR MEÐ DALLINN** Árni Ólafur um borð í Jóni sem hann segir vera mikið sjarmatröll.

NÓATÚN

# Ferskir í fiski
















Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl










Glæsileg heimasíða

www noatun.is

LÉTTIR ÞÉR LÍFIÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri




**BAKÞANKAR**
Þráins Bertelssonar

## Sofandi hulduhrútar

Margir líta þá hornauga sem tala um fræðigreinar sínar á skiljanlegan hátt. Það þótti ekki fínt í fræðikreðsum hér áður að vera í talsambandi við illa þveginn almúgann. Þetta er þó að breytast. En lúshægt. Svo er Jóhanni Húss og fylgismönnum hans fyrir að þakka að prestar víða um lönd tóku að tala móðurmálið við sóknarbörn sín í stað þess að halda yfir þeim ræður á latínu. Það gerðist þó ekki fyrr en eftir að kirkjan hafði verið starfandi í meira en eitt þúsund og fjögur hundruð ár.

**ÞAÐ ER** mikil náðargáfa að vera svo skýr í hugsun og vel máli farinn að geta lýst flóknum og sérfræðilegum hlutum þannig að allur almenningur skilji og hrífist með. Frægasti gáfumaður nútímans, Stephen Hawking, skrifar svo skemmtilega um svarthol og afstæðiskenningu að bækur hans *Saga tímans í stuttu máli* og *Alheimurinn í hnotskurn* eru metsölubækur. Venjulegir meðalskussar í fræðunum og sofandi sauðir öfunda vitanlega þá kollega sína sem bera skykkju lærdómsins svona létt á herðum.

**FLESTAR** stéttir í Vestur-Evrópu hafa að einhverju leyti varpað af sér þeim leyndarhjúpi og alvörudrunga sem miðaldamenn notuðu til að hylja andlega fátækt sína. Þessi þróun virðist þó hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá íslenskum stjórnmálamönnum sem virðast vera í innbyrðis samkeppni um hver geti gert sig hulduhrútslegastan í tali og alvarlegastan í fasi.

**TIL MARKS** um þetta er sú hneykslan sem íslenskur ráðherra hefur vakið fyrir að túlka á hreinskilinn og skiljanlegan máta það sem gerist baksviðs í þeim helgileik stjórnmálanna sem stjórnmálamenn leika til þess að lokka auðtrúa almenning til að treysta sér fyrir lífi sínu og eignum. Það fer hrollur um þingheim við þá léttúð að læsa ekki launhelgunum að næturlagi fyrir almenningi. Og forsætisráðherrann muldrar ógnandi í barminn: „Ráðherrar eiga að vinna á daginn en sofa á nóttunni.“ Þessi djúpvitra setning getur þýtt allt frá „ætlarðu að koma okkur öllum í vandræði?“ yfir í „hún Lóa litla á Brú var lagleg mær“.

**JÓHANN HÚSS** var brenndur 6. júlí árið 1415. Fyrir að tala tungumál sem almenningur skildi.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 25. febrúar, 56. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.51 | 13.42 | 18.32 |
| Akureyri | 8.42 | 13.26 | 18.11 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


LEGACY
SYMMETRICAL AWD
SUBARU






Góð þjónusta á nýju verkstæði

Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON